



## Rangárþing ytra

41. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 11. janúar 2013, kl. 13.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjáns dóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Oddviti lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að Haraldur Birgir Haraldsson, forstöðumaður Umhverfis-, eigna- og tækniðið, og Gísli Gíslason, Steinsholti ehf., komi inn á fundinn strax í upphafi og kynni erindi varðandi "Rammaskipulag Fjallabakssvæðisins norðan Mýrdalsjökuls". Erindið verði svo lagt fyrir hreppsráð til fullnaðarafræðslu á fundi þess þ. 18. janúar 2013.

*Samþykkt samhljóða.*

Oddviti lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að erindi frá félagsmálastjóra um skipan á fulltrúa í "Stjórn þjónustusvæðis" vegna málefna fatlaðra verði tekið fyrir sem liður nr. 14.

*Samþykkt samhljóða.*

Oddviti lagði fram tillögu um breytingu á dagskrá þannig að heimilað verði að taka fyrir trúnaðarmál sem lið nr. 15.

*Samþykkt samhljóða.*

Sveitarstjóri og oddviti gerðu stuttlega grein fyrir viðfangsefnum frá síðasta fundi.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

*Engin fundargerð liggur fyrir á þessum fundi.*

**2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Stjórn byggðasamlags um embætti skipulags- og byggingafulltrúa, fundur 19. desember 2012 í sex liðum.

*Fundargerðin staðfest*

2.2 Stjórn byggðasamlags um embætti skipulags- og byggingafulltrúa, fundur 28. desember 2012 í sex liðum.

*Fundargerðin staðfest*

2.3 Rekstrarstjórn stofnana að Laugalandi, fundur 29. nóvember 2012 í þremur liðum.

*Fundargerðin staðfest*

**3. Tillaga að síðareglum fyrir kjörna fulltrúa og aðra stjórnendur Rangárþings ytra - fyrri umræða.**

*Visað til síðari umræðu á næsta fundi hreppsnefndar*

**4. Tillaga að umsögn til Orkustofnunar vegna umsóknar um nýtingarleyfi vegna hitaveitu í Landsveit.**  
Tillagan er unnin af Guðjóni Ármannssyni lögmanni.

Eftirtalin gögn eru lögð fram auk tillögunnar til kynningar:

Umsögn Landgræðslu rfkisins til Orkustofnunar frá 27. nóvember 2012.

Viðbótarumsögn Landgræðslu rfkisins til Orkustofnunar frá 7. desember 2012.

Orkustofnun 2. nóvember 2012 - beiðni um umsögn vegna umsóknar Íslenskrar Matorku ehf. f.h. notenda á heitu vatni úr borholum í Baðsheiði um nýtingarleyfi.



*Samþykkt samhljóða að senda þessa tillögu sem umsögn sveitarstjórnar til Orkustofnunar, með þeim fyrirvara, að væntanleg hitaveita taki yfir þá samninga sem í gildi eru og gæti að hagsmunum allra núverandi notenda.*

*Sveitarstjóri sendi umsögnina til Orkustofnunar.*

**5. Tillaga að dagskrá íbúafundar 24. janúar 2013.**

„Lagt er til að dagskrá fundarins verði eftirsarandi:

1. Fundarsetning og kynning á starfsmönnum fundarins - oddviti.
2. Kynning á hugmyndum um nágrannavörslu og mögulegri útfærslu - Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir og fulltrúi frá VÍS hf.
3. Kynning á fjárhagsáætlun 2013 - 2016 - oddviti.
4. Umræður og fyrirspurnir um framangreinda liði og önnur málefni sveitarfélagsins.

Sveitarstjóra er falið að fá two aðila til að annast fundarstjórn og sjá til þess að rituð verði fundargerð.

*Samþykkt með sex atkvæðum einn situr hjá (GP).*

**6. Tillaga um skoðun á hagkvæmni í rekstri grunnskóla Rangárþings ytra:**

„Lagt er til að þriggja manna nefnd verði falið að taka saman tölfraði um rekstrarkostnað grunnskólanna í Rangárþingi ytra og að stilla upp möguleikum sem kunna að vera fyrir hendi til hámörkunar á hagkvæmni í rekstri grunnskóla sveitarfélagsins. Formaður fræðslunefndar og sveitarstjóri vinni með nefndinni að öflun upplýsinga og mati á möguleikum. Nefndinni verði heimilt að afla sér aðstoðar við þessa vinnu með upplýsingasöfnun á skrifstofu sveitarfélagsins, uppstillingu á möguleikum og öðru sem þarf til þess að ljúka verkefnið. Ekki er ælast til þess að nefndin geri tillögur um breytingar frá núverandi fyrirkomulagi, heldur stilli upp mögulegum leiðum.

Lagt er til að hreppsráði verði falið að ganga frá kjöri nefndarmanna á fundi sínum þ. 18. janúar 2013.

Nefndinni verði falið að skila niðurstöðum sínum til hreppsnefndar fyrir lok mars 2013.

Hellu, 7. janúar 2013,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir Þorgils Torfi Jónsson Anna María Kristjáns dóttir.“

Breytingartilla Á lista:

“Fulltrúar Á-lista leggja til að ekki verði skipaður sérstakur vinnuhópur að sinni, heldur verði hreppsráði falið að vinna málið með sveitarstjóra og formanni fræðslunefndar og leggi niðurstöður sínar fyrir hreppsnefnd.“

*Þrír greiða atkvæði með breytingartillögum og fjórir á móti (GIG, MÝS, PTJ, AMK).*

*Breytingartillan er felld.*

*Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, einn á móti (ST), tveir sitja hjá (GP, MHJ).*

*Bókun frá Steindóri Tómassyni:*

Ég vísa til nýlegrar skýrslu um málefni og rekstur Grunnskólanna í Rangárþingi ytra. Úttekt á rekstri fræðslustofnana frá október 2009. Óþarfð er að mínu mati að skipa sérstakan vinnuhóp um málið þar sem starfsfólk á skrifstofu getur annast samantekt tölulegra upplýsinga sem liggja fyrir á skrifstofu.

**7. Félagsmálastjóri - beiðni um að eftirtaldar tillögur að samræmdum reglum verði samþykktar af sveitarstjórnum:**

- 7.1 Tillaga að samræmdum reglum vegna heimsendingu matar.
- 7.2 Tillaga að samræmdum reglum um liðveislu.
- 7.3 Tillaga að samræmdum reglum fyrir ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

*Samþykkt samhljóða.*

**8. Krókur félag sumarbústaðaeigenda í Reynifellslandi 10.12.12 - beiðni um viðræður um sorphirðu og álagningu grunngjalds vegna meðferðar úrgangs.**

*Samþykkt samhljóða að fela sveitarstjóra að eiga fund með fulltrúum Króks, félags sumarbústaðaeigenda í Reynifellslandi til skýringar á reglum varðandi álagningu „Grunngjalds“ vegna meðhöndlunar á úrgangi og til þess að koma á framsæri mögulegum leiðum til lausnar á sorphirðuvanda sumarbústaðaeigendanna.*



9. Frá Á-lista vegna málefna sveitarstjórnar og viðbyggingar við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili:

9.1 Beiðni um upplýsingar um hver annist fjármálastjórnun Rangárþings ytra eftir 12. nóvember 2012.

Svar: *Sveitarstjóri, sem er prókúruhafi sveitarfélagsins, hefur frá og með 13. nóvember 2012, annast fjármálastjórnun eins og gert er ráð fyrir í Sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, sbr. ákvæði 55. gr. Sveitarstjóri hefur samráð við oddvita og stýrð við upplýsingar og aðstoð frá starfsmönnum á skrifstofu Rangárþings ytra, þ.e. bókara, launafulltrúa, fulltrúa við gerð reikninga, innheimtu og gjaldkera. Hreppsráð er að auki samstarfsaðili sveitarstjóra um fjármálastjórnun sveitarfélagsins sbr. ákvæði 35. gr. L. nr. 138/2011 en hefur ekki komið saman á reglulegan fund á því tímabili sem spurt er um. Þetta fyrirkomulag verður viðhaft þangað til annað verður ákveðið.*

Bókun Á-lista: Í svari við fyrirspurn Á-lista fæst ekki annað séð en að útskýrt sé hvernig fjármálastjórnun á að vera háttáð hjá sveitarfélagini. Þar sem engar fjárhagsupplýsingar hafa verið kynntar sveitarstjórn með opinberum hætti frá því núverandi meirihluti tók við stjórn sveitarfélagsins 12. nóvember s.l. fæst ekki séð að utanumhald fjármála þess sé á þann veg sem lýst er auc þess sem hér er látið að liggja að breyting verði gerð á þessu fyrirkomulagi. Nýr meirihluti breytti verulega áherslum við yfirstjórn strax við meirihlutaskiptin og lýsa fulltrúar Á-lista áhyggjum sínum af þróun mála.

Bókun meiri hluta:

Eftir að núverandi meirihluti tók við, var hafist handa við að undirbúa afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir árin 2013 - 2016. Á vinnufundum hreppsráðs við gerð fjárhagsáætlunarinnar voru birtar upplýsingar úr bókhaldi og launabókhaldi um stöðu mála. Verður það að teljast fullnægjandi við þær aðstæður. Næsti fundur hreppsráðs verður 18. janúar n.k. Ekki er unnt að skilja hvað átt er við með fullyrðingu um breytingu á áherslum við yfirstjórn þar sem engar verulegar breytingar hafa orðið.

9.2 Beiðni um upplýsingar um kostnað við ráðgjöf Indriða Indriðasonar eftir 12. nóvember 2012.

Svar: *Kostnaður við ráðgjöf Indriða Indriðasonar vegna gerðar fjárhagsáætlunar frá 12. nóvember 2012 til áramóta liggur ekki fyrir þar sem reikningur hefur ekki borist. Kostnaður vegna tímabilsins ágúst til lokas október vegna vinnum Indriða Indriðasonar við fjárhagsáætlun 2013 - 2016 er kr. 1.421.664 m. VSK. Umbeðnar upplýsingar verða veittar um leið og þær berast.*

9.3 Beiðni um upplýsingar um kostnað vegna vinnufunda hreppsráðs við fjárhagsáætlun 2013 - 2016 eftir 12. nóvember 2012.

Svar: *Ekki hefur enn verið greitt fyrir vinnufundina, þar sem reglan er að gera upp alla aukafundi í júní ár hvert. Miðað er við að það séu 10-12 fundir á ári og fyrir hvern fund umfram það er greitt skv. 3. gr. Samþykktar um kjör kjörinna fulltrúa. Árlega skulu kjörin fulltrúar skila að jafnaði 10-12 fundum í hreppsnefnd. Ef kjörin fulltrúar hafa setið fleiri fundi í hreppsnefnd þá ber að greiða fyrir hvern fund umfram það.*

9.4 Beiðni um upplýsingar um útfærslu á fjármögnun hluta Rangárþings ytra til uppsteypu og frágangs utanhúss, 1. hluta (viðbyggingar við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili).

Svar: *Samningur við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili, um það hvernig áætlað framlag Rangárþings ytra verður greitt hefur ekki verið gerður ennþá og því liggja ekki fyrir ítarlegri upplýsingar núna um útfærsluna en þær sem er að finna í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2013.*

Bókun Á-lista: Óskað er eftir því að stjórn Lundar verði boðuð á fund hreppsráðs til þess að fara yfir fjármögnun og stöðu verkefnisins.

9.5 Beiðni um sundurliðun á útfærslu skv. lið 9.4 og um það hvaða starfsmenn Rangárþings ytra komi að verkefninu, hlutverk þeirra við stjórn og umsjón verkefnisins, vísað í bókun sveitarstjórnar á 36. fundi, 8. tl.

Svar: *Sama svar á við um pennan lið eins og lið nr. 9.4.*

Bókun Á-lista: Til áréttингar þá var um það rætt á 36. fundi sveitarstjórnar að samið yrði við Lund um það að starfsmenn Umhverfis-, eigna- og tæknisviðs myndu taka að sér byggingarstjórn og eftirlit framkvæmdarinnar auk þess sem utanumhald fjármála verkefnisins yrði í höndum starfsmanna skrifstofu Rangárþings ytra. Fulltrúar Á-lista lýsa yfir áhyggjum með að enn hafi ekki verið gerður samningur í þessa veru.



9.6 Beiðni um upplýsingar um hvernig verkefnið uppsteypa og frágangur utanhúss, 1. hluti verði fjármagnað að fullu og hverjir séu helstu kostnaðarliðir utan útboðs

*Svar: Réttara er að beina þessari fyrirspurn til stjórnar Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis, sem er framkvæmdaraðili verkefnisins.*

9.7 Beiðni um upplýsingar um hvernig fjármögnun 2. hluta (innréttинга og búnaðar) verði háttar.

*Svar: Réttara er er að beina þessari fyrirspurn til stjórnar Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis, sem er framkvæmdaraðili verkefnisins.*

Bókun Á-lista: Vísað er til bókunar Á-lista við lið 9.4

**10. Ráðning leikskólastjóra.**

*Hreppsnefnd samþykkir samhljóða að ráða Þórunni Þórarinsdóttur sem leikstkölastjóra við Heklukot.*

*Sveitarstjóra er falið að ganga frá ráðningasamningi í samráði við formann fræðslunefndar.*

*Samþykkt samhljóða.*

**11. Tillaga um að hreppsráði verði falið að yfirlfara og gera tillögur um breytingar á gjaldskrám skólamötuneyta og skóladagheimilis og skila álti til sveitarstjórnar.**

*Samþykkt samhljóða.*

**12. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

12.1 Sóknarnefnd Oddakirkju 21.12.12 - umsókn um styrk vegna vinnuskólans á lóð safnaðarh. 2012.

*Samþykkt samhljóða að reikningur þjónustumiðstöðvar vegna starfa vinnuskóla við umhirðu verði felldur niður. Mikið og gott sjálfsboðalíðastarf hefur verið unnið við að koma safnaðarheimili og menningarsal í gagnið með góðum stuðningi Rangárþings ytra við það verkefni.*

*Lagt er til að sveitarfélagið styrki Safnaðarheimilið árlega sem nemur einum degi í vinnuframlagi vegna snyrtningar á lóð umhverfis húsið. Styrkurinn færst á „menningarmál“*

12.2 Kvenfélagið Eining 18.12.12 - umsókn um styrk á móti húsaleigu að Laugalandi.

*Samþykkt samhljóða að veita Kvenfélagini Einingu styrk sem nemur hlut Rangárþings ytra i húsaleigu að Laugalandi vegna samkomu 1. febrúar n.k. Styrkurinn færst á „menningarmál“.*

**13. Annað efni til kynningar:**

13.1 Ársskýrla Leikskólans Laugalandi fyrir skólaárið 2011 - 2012.

*Hreppsnefndin þakkar fyrir ítarlega og góða ársskýrslu.*

13.2 Magnús H. Jóhannsson - Skýrla til velferðarráðuneytisins um talþjálfun í Rangárþingi ytra 2012.

*Hreppsnefnd þakkar fyrir skýrsluna.*

13.3 Kolbrún Sigþórsdóttir, skólastjóri Laugalandsskóla 11.12.12 - skýring til mennta- og menningarmálaráðuneytisins vegna skyrslu um fjölda skóladaga.

13.4 Vaskur á Bakka 18.12.12 - kynning á minkasíum.

**14. Tilnefning í "Stjórn þjónustusvæðis vegna málefna fatlaðra":**

*Lagt er til að Ísólfur Gylfi Pálmasón, sveitarstjóri Rangárþings eystra, verði fulltrúi sveitarfélaganna á þjónustusvæði Félagsþjónustu Rangávalla-og Skaftafellssýslu þangað til annað verður ákveðið.*

*Samþykkt samhljóða.*

**15. Trúnaðarmál fært í trúnaðarmálabók.**



Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.33



## Rangárþing ytra

42. fundur - aukafundur- hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, miðvikudaginn 16. janúar 2013, kl. 16.30.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 16.30 og stjórnaði honum.

#### 1. Umsókn um tímabundna hækjun á yfirdráttarheimild í Arion banka.

Lögð fram drög að bréfi sem er umsókn til Arion banka um tímabundna hækjun á yfirdráttarheimild. Gert er ráð fyrir að heimildin geti orðið 100.000.000 fram í júní 2013 en lækki þá aftur niður í 65.000.000 eins og verið hefur undanfarna mánuði.

Breytingartillaga Á-lista:

*Lagt er til að ákvörðun um hækjun á yfirdráttarheimild sveitarfélagsins verði frestað. Ekki hafa komið fram á fundum hreppsráðs eða hreppsnefndar rökstuddar ástæður þess að nauðsynlegt sé að hækka yfirdráttarheimildina um 35 m.kr. Hreppsráð hefur ekki fjallað um málið á fundum sinum, en fer samt með fjármál sveitarfélagsins ásamt sveitarstjóra samkv. samþykktum þess, en sveitarstjóri, Drífa Hjartardóttir, ber í raun mesta ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins sbr. bókun meirihluta á s.l. fundi sveitarstjórnar, 11. janúar 2013. Í stað þess að afgreiða beiðnina á þessum fundi þá óskum við eftir því að á næsta fundi hreppsráðs verði lögð fram raunhæf greiðsluáætlun frá sveitarstjóra, unnin í samvinnu við endurskoðanda, sem staðfestir hver fjárbörfin er í dag og greinir hana til næstu mánaða.*

*Þrír samþykktar breytingartillöguna, fírir greiða atkvæði á móti (GIG, MYS, PTJ, AMK).  
Breytingartillagan er felld.*

Bókun meirihluta í Rangárþingi ytra á fundi hreppsnefndar 16. janúar 2013:

Haldið er fram í breytingartillögu Á-lista að engin gögn hafi verið sýnd um óleysta tímabundna fjárbörf á fyrstu mánuðum ársins 2013. Þvert á móti hafa fulltrúum í hreppsnefnd verið sýnd gögn sem staðfesta þetta. Gögn og fjárhagsáætlun hafa verið kynnt Arion banka einnig. Núverandi meirihluti tók við stjórn fjármála 13. nóvember 2012. Lausafjárstaða var þá slæm og ástand í bókhaldi var þannig að ekki var unnt að fá upplýsingar um stöðu mála. Nokkurn tíma tók að yfirfara þessi mál öll, en allt stefnir í rétta átt um þessar mundir. Unnið verður markvisst að því að leysa lausafjárstöðu sveitarfélagsins til frambúðar. Brýnt er að vinna að málunum án óþarfa tafa.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson  
Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Þorgils Torfi Jónsson  
Anna María Kristjánsdóttir

*Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GB, MHJ, ST)*

Bókun Á-lista vegna samþykktar meirihluta D-lista sjálfstæðismanna og Margrétar Ýrar Sigurgeirs dóttur á beiðni sveitarstjóra Rangárþings ytra um hækjun á yfirdrætti sveitarfélagsins um 35 m.kr. úr 65 m.kr. í 100 m.kr. hjá Arionbanka:

*Undirritaðir fulltrúuar Á-lista geta ekki samþykkt hækjun á yfirdráttarheimild og þar með fyrirsjáanlega hækjun skulda hlutfalls sveitarfélagsins í ljósi þess að ekki liggja fyrir rökstuddar ástæður um nauðsyn þess. Á s.l. ári, í tið fyrverandi meirihluta Á-lista, var lögð áhersla á að greiða niður skuldir, styrkja veltufjárlutfall og lagður metnaður í að ná skulda hlutfalli undir lögþundið hámark. Prátt fyrir að hafa tekið við erfðu búi eftir s.l.*

*sveitarstjórnarkosningar og lánum í vanskilum, voru öll lán sveitarfélagsins í skilum þegar nýr meirihluti tók við 12. nóvember s.l. Eftir meirihluta- og sveitarstjóráskiptin hafa fjármál ekki verið tekin eins föstum tökum að okkar mati. Fyrst núna, leggur meirihluti fram beiðni um hækjun yfirdráttarheimildar, en án þess að fulltrúar Á-lista hafi tekið þátt í fundum um þau mál, hvað þá að lögð hafi verið fram gögn sem staðfesti nauðsyn bessarar hækunar eða kjör*



*yfirdráttarlánsins. Hækkun yfirdráttarheimildar nú mun augljóslega leiða af sér hækkun skulda sveitarfélagsins og veikingu veltufjárhluftfalls. Þessi beiðni er sérkennileg í ljósi þess að nýsamþykkt fjárhagsáætlun 2013 gerir ráð fyrir niðurgreiðslu skulda og þar með yfirdráttarláns á árinu 2013. Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að skuldahlutfall sveitarfélagsins lækki verulega með fjármagni frá rekstri. Meirihluti gerir ráð fyrir að taka ný lán fyrir öllum framkvæmdum samkv. fjárhagsáætluninni en ekki vegna reksturs. Í þessu ljósi er nauðsynlegt að fara vel yfir stöðu mála. Framkvæmdir ársins 2013 eru ekki farnar í gang og geta vart talist ástæða þessa. Kostnaður vegna meirihlutaskipta er umtalsverður og á væntanlega einhvern þátt í að taka þarf ný lán og hækka þar með skuldir sveitarfélagsins. Það er alfaríð á ábyrgð nýs meirihluta D-lista sjálfstæðismanna og Margrétar Ýrar Sigurgeirs dóttur.*

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45.



## Rangárþing ytra

43. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 1. febrúar 2013, kl. 13.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sem varamaður Guðfinnu Þorvaldsdóttur. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð. Haraldur Birgir Haraldsson, sat fundinn undir lið 2.3. Katrín Sigurðardóttir varamaður Þorgils Torfa Jónssonar tók sæti á fundinum frá og með lið nr. 15. Gunnar Aron Ólason sat fundinn undir lið nr. 18.

Áður en fundur hófst eða kl. 12.30 komu fulltrúar Rangárhallarinnar og kynntu málaleitan sína varðandi hlutafjáraukningu í Rangárhöllinni ehf.

Oddviti setti fundinn kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti gerðu stuttlega grein fyrir viðfangsefnum frá síðasta fundi.

#### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 28. fundur 18.01.13.

Bókun Á-lista : "Ákveðin vonbrigði eru að ósk fulltrúa Á-lista í hreppsráði í samræmi við 5. lið í fundargerð hreppsráðs, þar sem óskað er svara við spurningum um fjármögnun og stöðu mála vegna viðbyggingar við Lund, sé ekki virt af formanni stjórnar sem staddur er hér á fundinum."

Sveitarstjóri bókar: " Að sjálfsögðu mun stjórn Lundar svara þessum spurningum eftir að hafa rætt þær á stjórnarfundi Lundar."

*Fundargerðin staðfest*

#### 2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórnna til staðfestingar:

2.1 Fundur í íþróttá- og tómstundanefnd, 23.01.13 í þremur liðum.

Vegna liðar 1 í fundargerðinni: Lagt er til að sveitarstjóra og Eignaumsjón í samráði við formann íþróttá- og tómstundanefndar verði falið að kanna hvort að húsnæðið sem tilgreint er að Suðurlandsvegi 3 sé tiltækt og mögulega til leigu vegna starfsemi félagsmiðstövar. Kannað verði hver möguleg leiga getur verið og hvort þurfi að lagfæra húsnæðið. Tillögu verði skilað fyrir næsta fund hreppsráðs sem falin er fullnaðarafgreiðsla málsins.

*Samþykkt samhljóða.*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest samhljóða.*

2.2 55. fundur skipulagsnefndar, 28.01.13 í 24 liðum.

*Hver liður fundargerðarinnar er afgreiddur sérstaklega.*

1.

1301028 - Hella, breyting á aðalskipulagi, Miðbær, Dynskálar og Rangárbakkar.

Rangárþing ytra vinnur að breytingu á aðalskipulagi Rangárpings ytra 2010-2022. Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar á Hellu sem nær til iðnaðarsvæðis, verslunar- og þjónustusvæðis, breytinga á vegakerfi og til breyttra skilgreininga á tengivegum og lítilsháttar breytinga á göngustígum. Breyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 31. grein Skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin var endurauglyst vegna formgalla og var frestur til athugasemda til og með 16. janúar. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulagsnefnd samþykkir aðalskipulagsbreytinguna til samræmis við 2. mgr. 32.gr. skipulagaslagu nr. 123/2010 og mælist til að skipulagstillagan verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*



2.

1301031 - Hella, Rangárbakkar, deiliskipulag

Rangárþing ytra vinnur að deiliskipulagi iðnaðar- athafna- þjónustu- og verslunarsvæðis við Rangárþakka á Hellu. Deiliskipulagstillagn hlaut málsméðferð skv. 41. grein Skipulagsлага nr. 123/2010. Tillagan var endurauglýst vegna formgalla smávægilegra breytinga og rann athugasemdarfrestur út 16. janúar 2013. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

3.

1301030 - Hella, Dynskálar, deiliskipulag

Rangárþing ytra vinnur að deiliskipulagi athafna- og iðnaðarsvæða við Dynskála á Hellu. Deiliskipulagstillagn hlaut málsméðferð skv. 41. grein Skipulagsлага nr. 123/2010. Tillagan var endurauglýst vegna formgalla og rann athugasemdarfrestur út 16. janúar 2013. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu skipulagstillögunnar.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

4.

1301029 - Hella, miðbæjarsvæði, deiliskipulag

Rangárþing ytra vinnur að deiliskipulagi fyrir miðbæjarsvæði á Hellu. Skipulagið tekur til miðbæjarsvæðisins ásamt verslunar- og þjónustusvæðis austan þess. Deiliskipulagstillagn hlaut málsméðferð skv. 41. grein Skipulagsлага nr. 123/2010. Tillagan var endurauglýst vegna formgalla og rann athugasemdarfrestur út 16. janúar 2013. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

5.

1301009 - Tjörfastaðir, Deiliskipulag

Hjörtur Egilsson fær Steinsholt til að útbúa deiliskipulag af landi sínu úr landi Tjörfastaða, landnr. 165013. Í ferli skipulagstillögunnar urðu eigendaskipti á landi því sem um ræðir. Núverandi eigendur eru Landgræðsla ríkisins. Skipulagsfulltrúi leggur fram bréf frá núverandi landeiganda þar sem fram kemur að engar athugasemdir séu gerðar við skipulagstillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

6.

1301041 - Jarlsstaðir, efnistaka úr Rangá

Þór Þorsteinsson hefur óskað eftir leyfi til efnistöku úr Rangá í landi sínu við Jarlsstaði. Umsókn barst 22. júní 2011. Umsagnir helstu hagsmunaaðila liggja fyrir. Sveitastjórn frestaði málínú á fundi sínum. Athugasemd hefur borist frá nærliggjandi landeiganda, austan árinnar. Meðfylgjandi er bréf frá Hjalta Harðarsyni þar sem m.a. er farið fram á svör við eftirfarandi spurningum: 1. Hver eru mörk efnistökusvæðis (útlínur) og hve langt út í farveg árinnar má fara eftir efnii? Spurt er í ljósi þess að undansfarin ár hafa Rangárflúðir ehf tekið möl úr árfarveginum öllum og allt að eystri bakka árinnar. 2. Hver eru skekkjumörk í magni efnis sem leyft er að taka? 3. Hvernig verður fylgst með efnistökunni? Þar sem umsgnir annarra hagsmunaaðila eru að öllu jöfnu jákvæðar felur Skipulagsnefnd skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku úr Rangá með þeim skilyrðum sem fylgja erindinu. Samhliða skal gera breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og telur nefndin að um óverulega breytingu á aðalskipulaginu sé að ræða og fari því um meðferð skv. 2. mgr. 36. greinar Skipulagsлага nr. 123/2010. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara erindi bréfritara.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

7.

1212003 - Gilsbakki Deiliskipulag

Um er að ræða rúmlega 100 ha jörð á Rangárvöllum. Tillagan tekur til byggingar íbúðarhúss, útihúsa/skemmu, bílskúrs og geymslu ásamt stækjun á núverandi frístundahúsi. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag Rangárþings



ytra þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Tillagan var auglýst en vegna formgalla í auglýsingu þarf að endurauglýsa tillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

#### *Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

8.

##### **1212004 - Kot (Jónskot) deiliskipulag**

Um er að ræða um 1 ha eignarlóð (164714) úr landi Kots á Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka núverandi frístundahús, byggja gestahús í stað geymslu sem verður rifin og byggja nýja geymslu. Byggðin er á skilgreinda vatns-verndar-svæði, í verndarflokki III og því er gert ráð fyrir frágangi frárennslismála í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tillagan var auglýst en vegna formgalla í auglýsingu þarf að endurauglýsa tillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

#### *Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

9.

##### **1212005 - Lunanholt I, deiliskipulag**

Tillagan tekur til 0,5 ha spildu þar sem gert er ráð fyrir byggingu sumarhúss, geymslu og gestahúss í landi Lunanholt 1. Tillagan er í samræmi við gildandi aðal-skípu-lag Rangárþings ytra, sem gerir ráð fyrir að heimilt sé að byggja allt að þrjú frí-stunda-hús á jörðum sem eru 50 ha eða stærri. Tillagan var auglýst en vegna formgalla í auglýsingu þarf að endurauglýsa tillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

#### *Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

10.

##### **1212006 - Svínhagi 164560, deiliskipulag**

Afmörkun skipulagssvæðis er breytt þar sem mörk skipulagssvæðis um miðbik svæðisins færast til norðurs, mörk skipulagssvæðisins til vesturs eru sett í lóðarmörk. Minnkari því opið óbyggt svæði sem því nemur. Í stað þess að nefna svæðið Svínhagi er svæðið nefnt Heklubyggð. Númerum og heiti lóða er breytt sjá kafla 2.1. Lóðir H40-H42 eru sameinaðar í eina lóð Klettahraun 6. Skilmálar svæðisins eru endurskoðaðir. Opið óbyggt svæði sunnan Hekluhrauns 10 og 14 (H-50,H52) er reitað upp í spildur, staðsetning tjaldsvæðis og sameiginlegrar grillaðstöðu skilgreind. Endurskoðaður deiliskipulagsuppráttur er settur fram sem einn uppráttur í mkv. 1:4000 í A1 í stað tveggja uppráttu áður. Þetta er gert til þess að auðvelda yfirsýn yfir heildar svæðið. Með gildistöku endurskoðaðs deiliskipulags falla úr gildi eldri uppráttir dags. 04.09.03 og breytt 06.01.2004 ásamt greinargerð dags 21.okt 2003,breytt. þann 5. janúar 2004. Tillagan var auglýst en vegna formgalla í auglýsingu þarf að endurauglýsa Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

#### *Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

11.

##### **1212007 - Svínhagi SH13 og SH14, deiliskipulag**

Deiliskipulagið nær yfir uppbyggingu lóða SH13 og SH14 úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra, samtals 12,7 ha að stærð. Lóðirnar liggja sunnan við austurhluta frístundasvæðisins Heklubyggðar og liggja lóðirnar Klapparhraun 1 og 3 að skipulags svæðinu. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi, gestahúsum, gróðurhúsi, vélarhúsi ásamt útihúsi/gróðurhús Aðkomu að lóðunum er frá þingskálavegi 268 í um 250m fjarlægð frá aðkomuvegi að frístundalóðum í Heklubyggð. Tillagan var auglýst en vegna formgalla í auglýsingu þarf að endurauglýsa tillöguna. Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna og mælist til að hún verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar

#### *Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

12.

##### **1301015 - Merkurhraun, Efnisnáma, breyting á aðalskipulagi 2010-2022**

Svanur G. Bjarnason fyrir hönd Vegagerðarinnar óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna efniðstöku úr námu í námukerfi Vegagerðarinnar í Merkurhrauni ofan Galtalækjar. Náman er ekki sýnd inni á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem kallar á breytingu á því. Skipulagsnefnd leggur til að veitt verði framkvæmdaleyfi og jafnframt gerðar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 því samhlíða. Skipulagsnefnd telur að um óverulega breytingu



á aðalskipulaginu sé að ræða og leggur því til við sveitastjórn að farið verði eftir ákvæðum 2. mgr. 36. greinar Skipulagsлага nr. 123/2010.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar og felur sveitarstjóra að gefa út framkvæmdaleyfi og felur skipulagsfulltrúa að annast óverulega breytingu á aðalskipulagi sem nauðsynleg er.*

13.

1301007 - Minni-Vellir, landnr. 220262, Umsókn um heimild til skipulagsgerðar  
María Bjarnadóttir, Verkfræðistofu Suðurlands, fyrir hönd landeiganda, leggur fram tillögu að deiliskipulagi fyrir land úr Minni-Völlum. Um er að ræða 10 ha spildu, landnr. 220262. Engin starfsemi eða byggingar eru á lóðinni í dag.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 41 gr. skipulagsлага nr.123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á gerð lýsingar né að kynna tillöguna sérstaklega skv.3. mgr. 40. gr.skipulagsлага, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

14.

1301032 - Svínhagi, SH5, deiliskipulag  
Sigrún Erna Geirs dóttir og Kjartan Þór Halldórsson sækja um leyfi til að deiliskipuleggja 3 ha eignarlóð sína úr landi Svínhaga, landnr. 211016. Lóðin er skilgreind sem frístundasvæði skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og mælist til að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 41 gr. skipulagsлага nr.123/2010. Skipulagsnefnd telur ekki þörf á gerð lýsingar né að kynna tillöguna sérstaklega skv.3. mgr. 40. gr.skipulagsлага, þar sem meginforsendur deiliskipulags liggja fyrir í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

15.

1301045 - Krókur, deiliskipulag

Grettir Rúnarsson og Ingi Ingvarsson óska heimildar til að skipuleggja svæðið við Krók í tengslum við kaup þeirra á gangnamannakofa sem þar er. Skipulagsnefnd tekur vel í erindið og óskar eftir nánari samráði við gerð deiliskipulags á umræddu svæði. Verið er að vinna að gerð rammaskipulags fyrir Fjallabakssvæðið og telur nefndin að sú vinna skuli vera leiðandi og stefnumarkandi fyrir frekari skipulagsvinnu á hálendinu. Jafnframt bendir Skipulagsnefnd á að hafa skal samráð við landeiganda sem í þessu tilfelli er Forsætisráðuneytið. Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að að frekari gagna og koma á samráði á milli aðila.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

16.

1301027 - Fitjamenn vegna sæluhúss á Hungurfit á Rangárvallafrétti  
Guðmundur Árnason fyrir hönd Fitjamanna óskar eftir leyfi til að reisa sæluhús, allt að 75 m<sup>2</sup> í Hungurfitum. Sæluhúsið yrði gististaður fyrir fjallmenn og samferðafólk þeirra í haustleitum. Skipulagsnefnd tekur vel í erindið en telur að þar sem ekki liggi fyrir deiliskipulag af tilteknu svæði sé ekki hægt að veita heimild til frekari bygginga á svæðinu að svo stöddu. Skipulagsfulltrúa verði falið að ræða við umsækjendur um að komu að deiliskipulagi fyrir svæðið, og verði farið eftir skilmálum væntanlegs rammaskipulags fyrir Fjallabakssvæðið, sem nú er í vinnslu. Jafnframt bendir Skipulagsnefnd á að hafa skal samráð við landeiganda sem í þessu tilfelli er Forsætisráðuneytið.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

17.

1301024 - Umsókn um lóðir nr. 45-47-48 við Dynskála á Hellu

Sigurður Árni Geirsson fyrir hönd Reykjagarðs leggur inn umsókn um lóðir nr. 45-47-48 við Dynskála á Hellu. Einnig er farið fram á breytingar á núverandi vegakerfi við Dynskála til að framtíðaruppbygging við Reykjagarð fái notið sín. Skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið og felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að málinu með umsækjanda.

*Hreppsnefnd staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar og bendir á að umsóknin verði, þegar endanleg niðurstaða skipulagsfulltrúa liggur fyrir, lögð fyrir hreppsráð, sem annast lóðaúthlutanir skv. reglum sveitarfélagsins.*



18.

1301048 - Athugasemd vegna deiliskipulags við Dynskála á Hellu.

Svanur Sævar Lárusson fyrir hönd Flugbjörgunarsveitarinnar á Hellu sendir inn athugasemd vegna auglýsts deiliskipulags við Dynskála á Hellu. Vegna misskilnings bréfritara barst athugasemdirn eftir auglýstan

athugasemdarfrest. Farið er fram á að lóðamörk lóðarinnar nr. 34 við Dynskála verði færð til suðurs, til jafns á við aðrar lóðir vestan Langasands. Einnig skrifa undir bréfið, eigendur að lóðum nr. 30 og 32 við Dynskála, erindinu til staðfestu. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindisins.

*Skipulagsfulltrúa er falið að vinna áfram í málinu og leita leiða til niðurstöðu í því.*

19.

1301049 - Umsókn um lóðina Ægissíða 1, landnr. 192666

Kristjón Kristjánsson óskar eftir að eignast lóðina Ægissíða 1, samtals um 8 ha. Hugmynd umsækjanda er að reisa allt að 300 m<sup>2</sup> einbýlishús og hesthús á lóðinni. Svæðið yrði deiliskipulagt ef af kaupum verður. Erindinu var vísað til Skipulagsnefndar frá 39. fundi hreppsnefndar. Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu erindisins.

Tillaga Á lista : "Lóð nr. 192666 úr Ægissíðu, verði auglýst til sölu sem "búgarðslóð". Í framhaldi verði unnið að breytingu á skipulagi ef viðunandi verð fæst fyrir lóðina. Skipulagsfulltrúa falið að auglýsa lóðina/spilduna til sölu".

*Breytingartillaga frá oddvita: " hreppsnefnd samþykkir að fela skipulagsnefnd að hraða málinu og skila tillögu fyrir næsta fund hreppsnefndar".*

*Breytingartillagan er samþykkt samhljóða.*

20.

1301001 - Svínhagi H-17, Áskorun um aðgerðir vegna ástands sumarhúss

Send var áskorun vegna lélegs ástands aðflutts sumarhúss og krafist aðgerða af hálfu eiganda. Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

21.

1212032 - Ketilhúshagi, lóð 46 Umsókn um byggingarleyfi fyrir geymslu 15,7 m<sup>2</sup>

Ragnar Pálsson sækir um leyfi til byggingar á geymslu á lóð sinni nr. 46 í Ketilhúshaga. Geymslan er 15,7 m<sup>2</sup> að stærð, byggð úr timbri. Byggingarfulltrúi samþykkti ósk umsækjanda 19. des 2012. Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

22.

1301002 - Hrólfsstaðahellir, Umsókn um byggingarleyfi Breyting fjárhúss í smávinnslu

Eiður E. Kristinsson sækir um leyfi til að breyta fjárhúsi sínu í smávinnslu kjötufurða á lóð sinni skv. fyrirliggjandi teikningum. Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

23.

1212028 - Holtsmúli I, Umsókn um byggingarleyfi Reiðhöll

Svanhildur Hall fyrir hönd Úrvalshesta ehf sækir um leyfi til byggingar á reiðhöll á lóð sinni, Holtsmúli I.

Deiliskipulag er í vinnslu fyrir svæðið. Byggingarfulltrúi samþykkti ósk umsækjanda 19. des 2012 Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

24.

1212011 - Lunansholt 1, Umsókn um byggingarleyfi, sumarhús

Jón Eiríkur Rafnsson sækir um leyfi til byggingar á sumarhúsi á lóð sinni Lunansholt 1. Byggingarfulltrúi samþykkti ósk umsækjanda 19. des 2012. Skipulagsnefnd staðfestir afgreiðslu byggingarfulltrúa.



Til kynningar.

Skipulags og byggingarfulltrúi kynnti lóðarumsókn frá Sracta fyrir 100 herbergja hótel.

2.3 20. fundur samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar 28.01.13 í níu liðum.

Fulltrúar Á-lista fara fram á að umsögn samgöngu-, hálendis- og umhverfisnefndar um frumvarp til nýrra Náttúruverndarlagra verði lögð fyrir sveitarstjórn áður en hún verði send nefndasviði Alþingis. Mikilvægt er að sveitarstjórn fái umsögnina til staðfestingar, enda verði hún send í nafni hennar. Sveitarstjóra falið að koma þessum tilmælum til formanns nefndarinnar.

Fundargerðin staðfest.

2.4 8. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar, 21.01.13 í sex liðum.

Vegna 6. liðar: Sveitarstjóra ásamt formanni atvinnu og menningarmálanefndar er falið að koma „appinu“ á laggirnar til reynslu í eitt ár í samstarfi við „Stokk“. Kostnaður greiðist af liðnum kynningarmál í sameiginlegum kostnaði.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin að öðru leyti staðfest.

**3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 145. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 18.01.13, í þremur liðum.

Sveitarstjóra verði falið að kanna hvaða möguleikar felast í úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga varðandi talþjálfun barna í Rangárþingi ytra.

Samþykkt samhljóða.

3.2 147. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 18.01.13, í sjö liðum.

3.3 463. fundur stjórnar SASS, 18.01.13, í 15 liðum.

3.4 9. fundur Sambands orkusveitarfélaga, 11.01.13, í átta liðum.

3.4.1 Ársreikningur Samtaka orkusveitarfélaga 2012 til kynningar.

3.5 10. fundur nefndar um Rammaskipulag Fjallabaks, 28.11.12, í sjö liðum.

3.6 11. fundur nefndar um Rammaskipulag Fjallabaks, 13.12.12, í tveimur liðum.

3.7 12. fundur nefndar um Rammaskipulag Fjallabaks, 22.01.13, í tveimur liðum.

**4. Tillaga að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa og aðra stjórnendur Rangárþings ytra - síðari umræða.**

Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins.

**5. Kjör eins fulltrúa í stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.**

5.1 Tilkynning frá Kjartani Magnússyni um úrsögn úr stjórn Lundar frá 20. janúar 2013, til kynningar.

*Magnús H. Jóhannsson er tilnefndur sem aðalfulltrúi í stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.*

*Margrét Harpa Guðsteinsdóttir er tilnefnd sem varafulltrúi í stjórn Lundar, hjúkrunar- og dvalarheimilis.*

Samþykkt samhljóða.

**6. Beiðni um útborgun orlofsdaga skv. sérstöku samkomulagi fyrrv. oddvita og fyrrv. sveitarstjóra frá 8. nóvember 2012. Farið er fram á að umsamin inneign vegna ótekinna orlofsdaga verði greidd út fyrr en áfórmáð var.**

Samþykkt samhljóða.

**7. Tillaga um skipan nefndar til skoðunar á tölfraði og hagkvæmni í rekstri grunnskóla Rangárþings ytra, vísað til hreppsnefndar frá hreppsráði 18.01.13. Nefndinni er falið að tak að saman allar staðreyndir um kostnað við rekstur grunnskólanna ásamt því að tak að saman samanburðarhæfar tölur frá öðrum sveitarfélögum og stilla upp mögulegum útfærslum. Nefndin skili þessu til hreppsnefndar eins fljótt og mögulegt verður. Nefndinni er ekki ætlað að gera**



tillögur um breytingar á núverandi fyrirkomulagi í rekstri grunnskóla Rangárþings ytra. Sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar skulu vinna með nefndinni og greiða götu hennar varðandi öflun upplýsinga.

Tilnefnd eru:

Heimir Hafsteinsson,  
Hulda Karlsdóttir,

Á-listi áréttar tillögu frá 41. fundi 11.01.13.

Bókun Á lista: fulltrúar Álista ítreka þá skoðun sína að tillögu D - lista og Margrétar Ýrar eigi frekar að vinna í hreppsráði enda m.a.hlutverk þess að skoða og yfirfara mál er varða rekstur og fjármál sveitarfélagsins. Talsverð vinna er fólgin í þessari skoðun og því óþarfur auka kostnaður að skipa nefnd. Allar tölulegar upplýsingar um rekstur grunnskóla Rangárþings ytra liggja fyrir í bókhaldi sveitarfélagsins, einnig í skýrslum og úttektum. Hluti af þessum upplýsingum eru trúnaðarmál sem varða m.a.kjör starfsfólks.. Því er eðlilegra að það sé unnið á lokaðum fundum hreppsráðs með aðstoð starfsfólks á skrifstofu heldur en aðilum sem ekki eru kjörnir fulltrúar Rangárþings ytra. Í ljósi þessa mun Á listinn ekki skipa fulltrúa í vinnuhópinn í samræmi við tillöguna.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, á móti eru (ST,MHG), einn situr hjá (MHJ)*

8. Reykjagarður hf. 09.01.13 - umsókn um lóðirnar nr. 45, 47 og 48 við Dynskála á Hellu.

*Vísað er til niðurstöðu í 17. lið fundargerðar skipulagsnefndar frá 28.01.13.*

9. Tillaga um gerð samkomulags við Loftmyndir ehf., sbr. framlagt uppkast, um afnot/leigu á tölvutækum landfræðilegum gögnum í eigu Loftmynda ehf.

*Málinu frestað til næsta fundar hreppsnefndar.*

10. Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlaða 14.12.12, til staðfestingar.

*Samningurinn staðfestur samhljóða.*

11. Samningur um þjónustu við atvinnuleitendur milli Vinnumálastofnunar og Rangárþings ytra 14.01.13, til staðfestingar.

*Samningurinn staðfestur samhljóða.*

12. Möguleg hlutafjáraukning í Rangárhöllinni - sbr. tilmæli frá fyrirtækinu - umræða. Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með fulltrúa nágrannasveitarfélaga um málið. Fulltrúar Rangárþings ytra verða sveitarstjóri, oddviti og Steindór Tómasson.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið f.h. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, úthlutun styrks 2013 vegna vinnu við deiliskipulag í Landmannalaugum, 25.01.13. Úthlutað er þremur milljónum króna á árinu 2013 til þessa verkefnis.

*Hreppsnefnd þakkar fyrir og fagnar framangreindri úthlutun.*

*Sveitarstjóra er falið að leita eftir gerð samnings við Steinsholt ehf. um vinnu við undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir Landmannalaugar sem verði unnið í samstarfi við alla hagsmunaaðila á svæðinu. Gert er ráð fyrir að samkeppni fari fram um það hver muni vinna að gerð deiliskipulagsins.*

*Samþykkt samhljóða.*

14. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið f.h. Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, úthlutun styrks 2013 vegna vinnu við Rammaskipulag Fjallabaks, 25.01.13. Úthlutað er þremur milljónum króna á árinu 2013 til þessa verkefnis.

*Hreppsnefnd þakkar fyrir og fagnar framangreindri úthlutun*

Þorgils Torfi Jónsson víkur af fundi kl. 15.15 og varamaður hans Katrín Sigurðardóttir tekur sæti hans á fundinum.



15. Rangárþing eystra, 14.01.13, tilmæli um þátttöku í endurskoðun og prentun á sameiginlegu þjónustukorti.

*Samþykkt þátttaka í endurskoðun og útgáfu þjónustukortsins með sama hætti og verið hefur undanfarin ár.*

16. Þjónustusamningur milli KFR og Rangárþings ytra 29.01.13, til staðfestingar.

*Samningurinn er staðfestur samhljóða.*

17. Frá Á-lista: Fundarstjórn oddvita.

Bókun Á lista: "Með því að taka fundarstjórn oddvita á dagskrá eru fulltrúar Á-lista að mótmæla fundarstjórn oddvita á 39. fundi hreppsnefndar þann 14. des. 2012 við lið 17.1. Undir þessum lið vék Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir af fundi vegna vanhæfis og fulltrúar Á-lista óskuðu eftir því að kalla inn varamann, en eins og kunnugt er, kemur varamaður hennar af Á-lista. Oddviti neitaði fulltrúum Á-lista að kalla inn varamann vegna þess að málið væri til kynningar. Á það skal bent að í sveitarstjórnarlögum 2011 nr.138 (31. grein) segir: "Pegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu." Að okkar mati felur "meðferð máls" í sér alla umræðu um dagskrárlíði sem á dagskrá fundarins eru, hvort sem hún leiðir til formlegrar afgreiðslu eða ekki. Gildir þá einu hvort um er að ræða efni til kynningar eða ekki. Þó að neitun oddvita hafi ekki haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins, þá tafði hún framgang málsins. Við teljum rétt að benda á þetta atvik og óskum eftir því að það endurtaki sig ekki".

Bókun oddvita: Oddviti taldi að stjórn hans vegna umrædds liðar á 39. fundi hefði verið í samræmi við ákvæði Sveitarstjórnarlaga. Oddviti mun taka ofangreinda ábendingu til skoðunar.

18. Ráðgjöf frá Lögfræði- og velferðarsviði Sambands ísl. sveitarfélaga vegna álitamáls um skólaakstur 14.01.13. Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir víkur af fundi kl. 15.45 vegna vanhæfis og Gunnar Aron Ólason varamaður tekur sæti á fundinum.

Oddvitum D og Á lista er falið að leita til endurskoðunarfyrirtækis eða lögmannsstofu með málið til nánari athugunar. Álið verði skilað fyrir 1. mars n.k.

*Samþykkt samhljóða.*

Þökkuð er góð ráðgjöf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í þessu erfiða máli. Sérstaklega er þakkað fyrir gagnlegar ábendingar um lögfræðileg álitaefni. Ljóst þykir að meðferð málsins kallar í senn á þekkingu á fjárhagslegum/bókhaldslegum atriðum sem og lögfræðilegum atriðum af sviði samningaráttar eins og segir í minnisblaðinu.

Gunnar Aron Ólason víkur af fundi kl. 16.00 og Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir tekur sæti á ný á fundinum.

**19. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

- 19.1 Fræðslunetið og Háskólagréttir Suðurlands 16.01.13, boð um þátttöku í hátíðarfundi Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands, 31. janúar 2013, á Selfossi.  
19.2 HSK - Ánægjuvogin - Styrkir íþróttá - kynning 4. febrúar 2013 á Selfossi.  
19.3 Samband ísl. sveitarfélaga - Samráðsfundur sveitarfélaga vegna stefnumótunar um upplýsingasamfélagið 04.02.13 í Reykjavík.  
19.4 Mennta- og menningarmálaráðuneytið 22.01.13 - tilk. um að Námsmatsstofnun hafi umsjón með framkvæmd ytra mats leik- og grunnskóla.

**20. Annað efni til kynningar:**

- 20.1 Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga 24. 01.13 - niðurstaða varðandi áætlun um skuldahlutfall.  
20.2 Orkustofnun 22.01.13 - veiting nýtingarleyfis til Matorku ehf.

*Guðfinnu Þorvaldsdóttur er falið í samvinnu við sveitarstjóra að veita aðilum að málín aðstoð eftir því sem þörf kann að verða fyrir vegna fyrirhugaðrar stofnunar hitaveitu í Landsveit.*

*Samþykkt samhljóða.*



20.3 Lundur, hjúkrunar- og dvalarheimili 24.01.13 - afrit af bréfi til velferðarráðuneytisins vegna fjármögnunar framkvæmda.

20.4 Landgræðsla ríkisins 25.01.13 - um ástand afréttu í Rangárþingi ytra, upprekstur sauðfjár og landbótastarf.

Samgöngu- hálandis- og umhverfisnefnd verði falið að taka minnisblað Landgræðslunnar til umfjöllunar og bjóða landgræðslustjóra á fund nefndarinnar til að ræða stöðu afréttanna. Nefndin skili álitsgerð til sveitarstjórnar að loknum fundi.

*Samþykkt samhljóða.*

20.5 UMFÍ 24.01.13 - þakkir fyrir veitta gistiaðstöðu fyrir keppnislið ungmennafélaga.

20.6 Sveitarfélögini Stopini og Jaunjelgava, 28.01.13, leit að samstarfsaðila um námshópaskipti.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16.21.



## Rangárvíking ytra

44. fundur hreppsnefndar Rangárvíking ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 1. mars 2013, kl. 13.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson víkur af fundi kl. 15.20 og Katrín Sigurðardóttir tekur sæti á fundinum kl. 15.20. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir helstu verkefnum á milli funda.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

29. fundur hreppsráðs 15.02.13 í sjö liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

**2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 56. fundur skipulagsnefndar, 22.02.13, í 37 liðum.

*Hver liður fundargerðarinnar er afgreiddur sérstaklega.*

**Landskipti**

1 1302002 - Ósk um að sameina lóðir H40, H41 og H42 Svínhaga í lóð H40

*Kristinn Bergsson óskar eftir heimild til samruna á lóðum sínum nr. H40, H41 og H42 í landi Svínhaga. Ný lóð verði nr. H40.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti þar sem samþykki landeiganda liggja fyrir.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

2 1302060 - Tjörfastaðir, landskipti

*Magnea Svavarssdóttir fyrir hönd Jarðeigna ríkisins óskar heimildar til landskipta úr landi ríkisins Tjörfastaðir, landnr. 165013. Fyrir liggur dómur Hæstaréttar um eignarhald og nákvæmar hnútsetningar á landamörkum.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

3 1212024 - Þúfa, Landskipti

*Hannes Dagbjartsson og Ingibjörg Dagbjartsdóttir sækja um heimild til landskipta úr landi sínu, Þúfu, landnr. 165017 skv. meðfylgjandi uppdrætti.*

*Málinu frestað frá fundi nefndarinnar 18.12.2012 þar sem ekki lágu fyrir undirskrifir nærliggjandi landeigenda.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti þar sem samþykki landeiganda liggja fyrir.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

4 1302083 - Lyngás 3b, Landskipti.

*Karl R. Ólafsson fyrir hönd Kró ehf og Kristín Guðmundsdóttir óska eftir heimild til landskipta. Ný lóð, Lyngás 3b verður tekin úr landi Efri-Rauðalækjar og verður 6.464 m<sup>2</sup> að stærð. Samþykki nærliggjandi landeigenda liggur fyrir á meðfylgjandi uppdrætti.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti þar sem samþykki landeiganda liggja fyrir.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*



5 1302085 - Marteinstunga, Landskipti

Gunnar Guttormsson óskar eftir staðfestingu á landskiptum úr jörðinni Marteinstungu. Skipulagsnefnd tók málid fyrir á fundi sínum 29. mars 2012 og benti á að gera þyrfti grein fyrir vegtengingum.

Gerðar voru breytingar á lóðastærð og staðsetningu til hins betra. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við landskiptin.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

**Afgreiðsla skipulagsmála**

6 1212029 - Rangárþing ytra, heimild til auglýsinga deiliskipulaga sem fallið hafa á tímafresti

Vegna ákvæða um tímafrhest til birtингa á auglýstum skipulagstillögum, skv. 2. mgr. 42. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, voru eftirsandi skipulagstillögur endurauglýstar:

Efra-Sel, Bakkasel, Þjóðólfshagi, Hjarðarbrekka, Garður, Pula, Lyngás, Heysholt, Uxahryggur I, Maurholt, Tjörfastaðir, Heklukot, Sælukot, Heiðarlönd, Mykjunes, Bæjarholt, Meiri-Tunga, Heiðarbrún II, Geitasandur, Gata og Lambhagi.

Athugasemdarfrestur var til 13. febrúar. Athugasemdir bárust vegna einnar tillögu, skotæfingasvæðið við Geitasand. Aðrar tillögur voru án athugasemda.

Skipulagsnefnd samþykkir tillögurnar skv. afgreiðslu tilgreindra mála. Þær tillögur sem bera athugasemdir skulu afgreiddar eftir ákv. 3. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010,

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

7 1302062 - Geitasandur, skotæfingasvæði deiliskipulag

Skotfélagið Skyytur, deiliskipulag skotæfingasvæðis á Geitasandi. Athugasemdarfrestur vegna endurauglýsingar rann út 13. febrúar.

Athugasemdir hafa borist frá nærliggjandi landeigendum sem eru að mestu leyti sambærilegar og bárust við fyrri afgreiðslu skipulagstillögunnar, áður en tillagan var endurauglýst.

Skipulagsnefnd telur að athugasemdir þær sem borist hafa vegna endurauglýsingar deiliskipulagstillögunnar séu ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á fyrri ákvörðun skipulagsnefndar. Jafnframt vill skipulagsnefnd áréttu þær mótvægisáðgerðir sem vísað er til í greinargerð deiliskipulagstillögunnar.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

8 1210008 - Efra-Sel Deiliskipulag

Gunnar Bergmann Stefánsson, leggur fram fyrir hönd landeiganda, deiliskipulag 4,6 ha svæðis úr landi Efra-Sels, og tekur til 4 fristundalóða. Gert er ráð fyrir byggingu fristundahúss og gestahúss á hverri lóð. Í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem F29.

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

9 1302043 - Bakkasel úr landi Efra-Sels, landnr. 202385. Deiliskipulag

Íris Marelisdóttir, Deiliskipulag Bakkasel úr landi Efra-Sels, landnr. 202385. Tillagan tekur til 10 ha svæðis og leyfir byggingu tveggja fristundahúsa auk fylgihúsa.

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

10 1302044 - Garður í landi Svínhaga, deiliskipulag



*Hjalti Harðarson, deiliskipulag í Garði úr landi Svínhaga, landnr. 196015. Skipulagssvæðið tekur til rúmlega 68 ha þar sem áætlað er að reisa 3 ibúðarhús, 3 frístundahús auk véla- og verkfæraskemmu.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

11 1302045 - Pula, deiliskipulag

*Jón Águst Reynisson, Verkfræðistofu Suðurlands, óskar heimildar til skipulagsgerðar fyrir landeiganda Ólaf Helgason, Pula, landnr. 202918*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

12 1302046 - Lyngás 1, deiliskipulag, landnr. 165113

*Pálína S. Kristinsdóttir, deiliskipulag Lyngás 1, landnr. 165113, íbúðasvæði*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

13 1302047 - Heysholt, deiliskipulag, landnr. 164975.

*Guðmundur Björnsson, deiliskipulag Heysholt, landnr. 164975. Tekur til frístundabyggðar með 24 lóðum.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

14 1302048 - Uxahryggur 1, landnr. 219337, deiliskipulag

*Oddsteinn Almar Magnússon, deiliskipulag Uxahryggur 1, lóð, landnr. 219337. Skipulagið tekur til byggingar frístundahúss og gestahúss.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

15 1302049 - Maurholt í landi Ægissíðu, deiliskipulag

*Maurholt ehf, deiliskipulag Maurholt í landi Ægissíðu, landnr. 165449. 4 ha úr landi Ægissíðu I og tekur til 4 frístundalóða.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

16 1301009 - Tjörfastaðir, Deiliskipulag

*Hjörtur Egilsson fær Steinsholt til að útbúa deiliskipulag af landi sínu úr landi Tjörfastaða, landnr. 165013.*



*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 17 1302051 - Sælukot við Gislholtsvatn, deiliskipulag

*Grétar Jóhannes Sigvaldason, deiliskipulag Sælukot við Gislholtsvatn, landnr. 175270, tekur til 21 ha. svæðis og tekur til byggingar íbúðarhúss, 3 fristundahúsa auk hesthúss og reiðskemmu. Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 18 1302052 - Heiðarlönd í landi Galtalækjar II, deiliskipulag

*Sveinn Sigurjónsson, deiliskipulag Heiðarlönd í landi Galtalækjar II, landnr. 209858, tekur til 76 lóða fristundabyggðar.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 19 1302053 - Mykjunes, deiliskipulag

*Valur Ragnarsson, deiliskipulag Mykjunes, landnr. 165133, tekur til þriggja lóða fyrir fristundahús.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 20 1302054 - Bæjarholt, deiliskipulag

*Valur Valsson, deiliskipulag Bæjarholt, landnr. 199390, tekur til íbúðarhúss, bílgeymslu auk hesthúss og reiðskemmu.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 21 1302066 - Gata, Deiliskipulag, Birkiflöt, Stóraflöt og Litlaflöt

*Steinsholt fyrir hönd landeiganda, deiliskipulag í landi Götu. Gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir íbúðarhús ásamt bílgeymslum.*

*Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.*

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 22 1302072 - Þjóðólfshagi I, deiliskipulag

*Ólafur Guðmundsson, formaður Sumarhúsafélagssins Þjóðólfss, deiliskipulag Þjóðólfshaga. Tillagan*



tekur til 35 fristundalóða.

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

23 1302073 - Hjarðarbrekka, deiliskipulag

*Hjarðarbrekka, deiliskipulag 2 ha svæðis. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi og fristundahúsi ásamt bílskúr.*

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

24 1302074 - Meiri-Tunga 2, deiliskipulag alifuglaeldis.

*Meiri-Tunga 2, deiliskipulag lóðar fyrir alifuglaeldi. Nær yfir um 3 ha og tekur yfir byggingu 2 eldishiða fyrir alifugla.*

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

25 1302076 - Heiðarbrún II, deiliskipulag

*Heiðarbrún II, deiliskipulag um 3 ha spildna úr landi Heiðarbrúnar II og tekur til byggingarreita fyrir tvö fristundahús og skemmu.*

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

26 1302077 - Lambhagi, deiliskipulag

*Lambhagi, deiliskipulag rúmlega 10 ha svæðis og tekur til nýs íbúðarhúss, bílskúrs, skemmu, gripahúss og fjóss.*

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

27 1302050 - Heklukot, Deiliskipulag

*Aðalsteinn Guðmundsson, Deiliskipulag Heklukot í landi Kots, landnr. 164718, tekur yfir 2 ha spildu úr landi Kots fyrir fristundahús og gestahús.*

Deiliskipulagstillagan var endurauglýst vegna formgalla í fyrri auglýsingu og bárust engar athugasemdir á auglýsingatíma.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

### **Heimild til skipulagsgerðar**

28 1302036 - Holtamannafréttur, Sprengisandslína Breyting á aðalskipulagi

*Steinsholt í samráði við Landsnet leggur fram hugmyndir að færslu á Sprengisandsleiðum vega og*



linu. Samráðsvettvangur vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélaganna Rangárþings ytra og Ásahrepps. Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framlagða lýsingu og telur að áform samræmist fyrirriggjandi tillögu að landsskipulagsstefnu. Jafnframt leggur nefndin til að lýsingin verði ekki auglýst fyrr en eftir gildistöku landsskipulagsstefnunnar, þar sem ákvæði í henni samræmast ekki núgildandi svæðisskipulagi.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 29 1302038 - Jarlstæðir, breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

*Þór Þorsteinsson óskar heimildar til deiliskipulagsgerðar á landi sínu þegar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra í landi sínu Jarlsstöðum úr landi Stóru-Valla, landnr. 205460, hafa náð fram að ganga. Um er að ræða breytingar á landnotkun, s.s. iðnaðarsvæði vegna malarnáms og steypustöðvar ásamt efnistöku úr Rangá. Einnig verður skilgreint um 50 ha svæði undir frístundabyggð.*

Skipulagsnefnd samþykkir að veita heimild til deiliskipulags og að gerð verði tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem þarf til að deiliskipulagið nái gildistöku.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 30 1301027 - Fitjamenn vegna sæluhúss á Hungurfit á Rangárvallafrétti

*Guðmundur Árnason fyrir hönd Fitjamanna óskar eftir leyfi til að reisa sæluhús/hálendisskála, allt að 75 m<sup>2</sup> í Hungurfitum. Skálinn yrði gististaður fyrir fjallmenn og samferðafólk þeirra í haustleitum. Jafnframt er farið fram á heimild til skipulagsgerðar fyrir svæðið.*

*Fyrir liggur svar frá Forsætisráðuneyti, sem landeiganda, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirætlanir umsækjenda og jafnframt tekið undir álit Skipulagsnefndar um samráð við ráðuneytið.*

Skipulagsnefnd samþykkir að veita heimild til deiliskipulagsgerðar á Hungurfit og að fallið verði frá lýsingu skv. ákv. Skipulagslag nr. 123/2010, þar sem deiliskipulagið fellur að ákvæðum aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd leggur einnig til að umsækjendum verði veitt stöðuleyfi fyrir gistiskála þar til deiliskipulag svæðisins liggur fyrir, en þá verði sótt um byggingarleyfi.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 31 1301045 - Krókur, deiliskipulag

*Grettir Rúnarsson og Ingi Lingvarsson óska heimildar til að skipuleggja svæði við Krók í tengslum við kaup þeirra á gangnamannakofa sem þar er.*

*Fyrir liggur svar frá Forsætisráðuneyti, sem landeiganda, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirætlanir umsækjenda og jafnframt tekið undir álit Skipulagsnefndar um samráð við ráðuneytið.*

Skipulagsnefnd samþykkir að veita heimild til deiliskipulagsgerðar í Króki (við Krókskála) og að fallið verði frá lýsingu skv. ákv. Skipulagslag nr. 123/2010, þar sem deiliskipulagið fellur að ákvæðum aðalskipulags Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd leggur einnig til að umsækjendum verði veitt stöðuleyfi fyrir salernisaðstöðu þar til deiliskipulag svæðisins liggur fyrir, en þá verði sótt um byggingarleyfi.

*Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.*

- 32 1301015 - Merkurhraun, Efnisnáma, breyting á aðalskipulagi 2010-2022

*Svanur G. Bjarnason fyrir hönd Vegagerðarinnar óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna efnistöku úr námu í námukerfi Vegagerðarinnar í Merkurhrauni ofan Galtalækjar.*

*Bréf hefur borist frá Skipulagsstofnun þar sem fram kemur að ekki verði fallist á að málsmæðferð verði skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslag sem tekur á ef um óverulega breytingu á aðalskipulagi sé að ræða, heldur skuli málsmæðferð fara skv. 1. mgr. 36. gr. sömu laga þar sem um verulega breytingu ræðir.*

Skipulagsnefnd telur að um misskilning hafi verið að ræða hjá Skipulagsstofnun við meðferð málssins. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að svara og skýra nánar tildróg ákvörðunar sveitastjórnar á skipulagsupprætti.



Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

- 33 1302088 - Veiðifélag ytri Rangár deiliskipulag á landnr. 165412  
*Guðjón Þórisson fyrir hönd veiðifélags ytri-Rangár óskar heimildar til deiliskipulagsgerðar skv. meðfylgjandi greinargerð á upprætti, á landi veiðifélagsins við bakka Rangár.*  
Skipulagsnefndin samþykkir að veita heimild til skipulagsgerðar og felur jafnframt skipulagsfulltrúa að leita eftir undanþágu vegna fjarlægðarákvæða. Skipulagsnefndin samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

#### Almenn mál

- 34 1302042 - Staðsetning á vindmyllum innan Rangárþings ytra.  
*Steingrimur Erlingsson fyrir hönd Biokraft ehf óskar eftir leyfi til uppsetningar á tveimur 52 metra háum vindmyllum til orkuöflunar. Fyrirhuguð staðsetning er á iðnaðarsvæði norðan við kartöfluverksmiðjuna í Þykkvabæ og liggur fyrir leyfi landeigenda. Vindmyllurnar eru hugsaðar til orkuframleiðslu fyrir nærumhverfið og verði einnig vettvangur til rannsókna- og þróunar þegar fram sækir.*  
Skipulagsnefndin fellst á að veitt verði framkvæmdaleyfi til uppsetningar á vindmyllum á þessu svæði, að uppfylltum skilyrðum, þar sem það samræmist landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Nefndin leggur til að farið verði eftir ákvæðum 5. mgr. 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og að leitað verði umsagnar Skipulagsstofnunnar hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Ef framkvæmdin flokkast ekki undir mat á umhverfisáhrifum verði skipulagsfulltrúa falið að annast grenndarkynningu eftir settum reglum þar um, áður en gengið er frá framkvæmdaleyfi.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

- 35 1302058 - Lækjarbotnar bleikjueldisstöð  
*Guðlaugur H. Kristmundsson óskar eftir heimild til að setja niður fiskeldisker fyrir bleikjueldi í landi sínu Lækjarbotnum. Heildarframleiðsla yrði undir 20 tonnum á ári.*  
*Útlistun á ákvæðum aðalskipulags:*  
*Megin landnotkun í sveitarfélaginu er landbúnaður. Gert er ráð fyrir því að landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta slíkum svæðum, eins og skipulagið kveður nánar á um. Stöðu hesðbundins landbúnaðar sem atvinnugreinar þarf að styrkja og leita leiða til uppbyggingar ýmissa stoðgreina hans. Með því er stefnt að þróun hesðbundinna búgreina í sátt við umhverfi sitt. Stefnt er að esflingu skógræktar á svæðinu.*  
Skipulagsnefndin fellst á að veitt verði framkvæmdaleyfi til uppsetningar á eldiskerjum á þessu svæði, að uppfylltum skilyrðum, þar sem það samræmist landnýtingaráformum í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Nefndin leggur til að farið verði eftir ákvæðum 5. mgr. 13. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og að leitað verði umsagnar Skipulagsstofnunnar hvort framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum. Ef framkvæmdin flokkast ekki undir mat á umhverfisáhrifum verði skipulagsfulltrúa falið að annast grenndarkynningu eftir settum reglum þar um, áður en gengið er frá framkvæmdaleyfi.

Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

- 36 1302078 - Gaddstaðaflatir, yfirlit og skipulag  
*Rangárþing ytra í samvinnu við Rangárbaðka útbúa skipulagsuppdrátt yfir móttssvæði og aðstöðu vegna Landsmóts hestamanna á Gaddsstaðaflötum. Skipulagið nýtist einnig við fleiri atburði á svæðinu.*  
Lagt fram til kynningar.

- 37 1302084 - Gasmælingar Veðurstofu Íslands á Heklu.  
*Veðurstofa Íslands óskar eftir leyfi til að koma fyrir búnaði til gasmælinga á toppi Heklu.*  
Skipulagsnefnd vísar erindinu til samgöngu- hálandis- og umhverfisnefndar til umsagnar.



Hreppsnefnd staðfestir afgreiðslu skipulagsnefndar.

2.2 17. fundur fræðslunefndar, 27.02.13, í 9 liðum.

*Fundargerðin staðfest samhljóða að undanteknum 1. lið sem afgreiðist sérstaklega.*

*Liður nr. 1 afgreiddur sérstaklega undir lið nr. 7. á dagskrá hreppsnefndar.*

**3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 146. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 15.02.13, í þremur liðum.

*Til kynningar.*

3.2 464. fundur stjórnar SASS, 08.02.13, í 10 liðum.

*Til kynningar.*

**4. Tillaga að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa og aðra stjórnendur Rangárþings ytra - síðari umræða.**

*Samþykkt samhljóða að fresta málínu til næsta reglulegs fundar. Leitað verði álits lögfræðings Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi 4. gr.*

**5. Tillaga um tímabundna breytingu á starfi oddvita.**

*Lagt er til að frá og með 1. mars 2013 breytist starf oddvita þannig að um fullt starf verði að ræða í átta mánuði eða til og með 31. október 2013. Tilgangur með þessari breytingu er að oddviti geti sinnt ýmsum úrlausnarefnum í stjórnssýslu sveitarfélagsins sem bíða. Nefna má sem dæmi samþykkt um stjórn Rangárþings ytra, samþykkt um fráveitum, málefni varðandi gagnavörslu og gagnaskráningu og gerð uppgjöra sem hafa tafist vegna erfiðleika sem urðu á síðasta ári við innleiðingu á nýju bókhaldskerfi.*

*Guðfinna Þorvaldsdóttir benti á hugsanlegt vanhæfi Guðmundar Inga Gunnlaugssonar.*

*Atkvæðagreiðslu er frestað þar til varamaður hesur tekið sæti á fundinum í stað Guðmundar Inga Gunnlaugssonar.*

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson víkur affundi kl. 15.20 og Katrín Sigurðardóttir tekur þátt í afgreiðslu 5. liðar.*

*Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti(GP, MHJ, ST).*

Bókun Á-lista: Það er með ólíkindum að setja þennan lið á dagskrá sveitarstjórnarfundar og engin gögn lögð fyrir um málið þegar fundurinn var boðaður. Fulltrúar Á-lista höfðu ekki hugmynd um hvað lá í tillöggunni fyrir en hún var kynnt nú á fundinum. Í tíu ára sögu sveitarfélagsins hefur alreið þótt nauðsynlegt að oddviti fengi fasta 100% stöðu. Störf þau sem tilgreind eru í tillöggunni teljum við að falli undir verksvið annarra starfsmanna skrifstofu. Sé skrifstofan undirmönnuð væri eðlilegra að auglýsa eftir aðstoðarfólk í tímabundið verkefni í stað þess að skipa oddvita í þau störf. Ekki var gert ráð fyrir þessu í nýsamþykktri fjárhagsáætlun og óljóst af hvaða liðum á að ná í fjármagn til að greiða þessi laun.

Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

**6. Tillaga um skólaakstursstefnu fyrir Grunnskólann Hellu og Laugalandsskóla.**

*Frestað.*

*Þorgils Torfí Jónsson leggur til að leyfi til skólaaksturs verði framlengt vegna barna á Litlu-Flöt út marsmánuð.*

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Tillaga um lokunartímabil leikskólans Heklukots og Leikskólann á Laugalandi sumarið 2013.**



Lagt er til að sveitarstjóra, formanni fræðslunefndar, Steindóri Tómassyni ásamt leikskólastjórum leikskólanna beggja verði falið að móta og skila nýrri tillögu til sveitarstjórnar sem verður sveigjanlegri vegna hagsmunaaðila.

*Pessari vinnu verði hraðað eins og mögulegt er.*

*Samþykkt samhljóða.*

8. Tillaga um leigu á húsnæði fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar í Suðurlandsvegi 3.

*Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að ganga frá leigusamningi um húsnæðið sem í boði er í Suðurlandsvegi 3 og að starfsemi verði komið af stað eins fljótt og við verður komið.*

*Steindór vikur af fundi vegna vanhæfis sem stjórnarmaður í Suðurlandsvegi 1-3.*

*Samþykkt samhljóða af hálfu sveitarstjórnar með fyrirvara um leiðréttingu á visitölu og að samningurinn gildi til maíloka 2014.*

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson víkur af fundi kl.15.20 og Katrín Sigurðardóttir tekur hans sæti á fundinum.

9. Tillaga að gjaldskrá gatnagerðargjalda, stofngjöldum v. holræsa, byggingarleyfisgjalda, gjöldum vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjald byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra.

*Samþykkt samhljóða.*

- 9.1 Samþykkt um gatnagerðargjöld í Rangárþingi ytra frá 04.02.09, til kynningar.

10. KPMG, 21.02.13, skýrsla regluvarðar og listar yfir fruminnherja 2012.

*Skýrsla regluvarðar og tilheyrandi listar yfir fruminnherja samþykktir og fulltrúar hvattir til að skila inn upplýsingum hið fyrsta.*

11. Fjóla Pálsdóttir, 24.02.13, beiðni um umsögn v. umsóknar um stofnun lögþýlís í landi Lunansholts II, spilda nr. 5.

*Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu og því beint til umsækjand að leggja fram ítarlegri gögn.*

- 11.1 Fjóla Pálsdóttir, 24.02.13, Lunansholt II, innri skipting og landamerki. *Til kynningar.*

12. VÍS hf., 08.02.13, drög að samkomulagi um framlengingu á samningi um vátryggingarvernd.

Samanber einróma afstöðu sveitarstjórnar frá 1.og 23. fundi um að endurskoða og leita hagstæðustu tilboða hverju sinni í tryggingamál sveitarfélagsins samþykkir sveitarstjórn að segja upp núverandi samningi um tryggingar, sem verður laus um áramótin 2013- 2014.

Leitað verði tilboða í tryggingar sveitarfélagsins hjá stærstu tryggingafélögum sem gefa sig út fyrir slíkt.

Sveitarstjóra er falið að útbúa tilboðsgögn og óska eftir tilboðum sem fyrst og leggja niðurstöður fyrir sveitarstjórn.

*Samþykkt samhljóða.*

13. Fjarskiptamálefni:

13.1 Ásgeir Jónsson, 25.11.10, tilmæli um aðgerðir vegna ljósleiðaralagningar.

13.2 Valtýr Valtysson, 22.02.13, bréf vegna óska um ADSL tengingar.

13.3 Undirskriftalisti íbúa vegna óska um ADSL tengingar.

*Sveitarstjórn tekur undir mikilvægi bættra fjarskipta hvort heldur er um ljósleiðara eða með ADSL tengingum. Sveitarstjóra er falið að kanna möguleika í stöðunni og taka upp viðræður við nágrannasveitarfélög.*

*Samþykkt samhljóða.*

14. Alþingi, 21.02.13, frv. til br. á lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, persónukjör.  
Til kynningar.



15. Orkuveita Reykjavíkur, 20.02.13, um ábyrgðir vegna skulda Hitaveitu Rangæinga og gjöld vegna þeirra.

*Oddvita og sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við nágrannasveitarfélögum um afstöðu til tillögu Orkuveitunnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

*Bókun Á lista:*

Mælst er til að leitað verði til lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga með ráðgjöf:

1. Kannað verði hvort að eðlilega hafi verið staðið að frágangi kaupsamnings 2005 og afsals þar sem Hitaveita Rangárþings var seld með ábyrgðum sveitarfélaga á lánum, sem eru í dag um 600 m.kr.
2. Kannað verði lögmæti þess að sveitarfélögum geti verið í ábyrgðum fyrir lánum í ljósi 69.gr. sveitarstjórnarlaga.

3. Jafnframt að kannað verði með hvaða hætti færð verði, a.m.k. hlutfallslega, ábyrgð sveitarfélagsins er varðar ábyrgð á lánunum til að hægt sé að meta það í skuldahlutfalli þess.

4. Einnig hvort að heimilt er að taka við ábyrgðargjaldi af hálfu sveitarfélaga og hvort að það sé ráðlegt.

*Greinargerð:*

Sveitarfélögum í Rangárvallasýslu eru enn ábyrg fyrir lánum frá Hitaveitu Rangæinga að upphæð 425 m.kr., en hitaveitan var seld 2005. Einnig eru Rangárþing ytra og Rangárþing eystra með sameiginlegar ábyrgðir á lánum um 175 m.kr. vegna sömu sölu. Samtals eru þetta um 600 m.kr. sem sveitarfélögum koma að ábyrgðum fyrir þriðja aðila, sem samræmist varla 69. grein nýrra sveitarstjórnarlaga. Nauðsynlegt er að kanna þessi máli og fá það á hreint hvort að Hitaveita Rangæinga var viljandi seld með ábyrgðum sveitarfélaga á þessum lánum eða hvort að það var handvömm í frágangi sölu.

16. Varmadælur og ljósleiðarar:

- 16.1 Verkís, 25.02.13, bréf um varmadælur og ljósleiðara.
- 16.2 Verkís, 25.02.13, kynning á varmadælum og virkni þeirra.

*Til kynningar.*

17. Væntanleg úrsögn sveitarfélagsins Árborgar úr Skólaskrifstofu Suðurlands - umræða.

*Oddvita og sveitarstjóra falið að taka upp viðræður við önnur aðildarsveitarfélög um mögulegar leiðir til þess að tryggja áframhaldandi þjónustu við leik- og grunnskóla.*

*Samþykkt samhljóða.*

18. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:

- 18.1 Sveitarfélagið Árborg, 18.02.13, boð á vígslu Sandvíkurseturs, 01.03.13.
- 18.2 Láanasjóður sveitarfélaga, 18.02.13, aðalfundarboð, 15.03.13.
- 18.3 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 18.02.13, ráðstefna um „Menningarlandið 2013“ 11. og 12.04.13.
- 18.4 Nýsköpunarmiðstöð Íslands, 14.02.13, ársfundur 28.02.13.
- 18.5 Samband ísl. sveitarfélaga, 14.02.13, landsþing, 15.03.13.
- 18.6 FBSH, 16.02.13, umsókn um styrk v. álagðs fasteignaskatts.

*Flugbjörgunarsveitinni á Hellu er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismerkaði, veitingaeða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2013 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalla og tengdra gjalda.*

*Samþykkt samhljóða.*



18.7 Kartöfluballsnefnd, 21.02.13, umsókn um styrk v. húsaleigu í spróttahúsínu í Þykkvabæ.

Sveitarstjórn samþykkir að veita sambærilegan styrk og veittur var fyrir þorrablót á Hellu og á Laugalandi. Innheimt er gjald, 280 kr. af hverjum seldum miða, sem gengur upp í leigu á Íþróttahúsínu. Veittur er styrkur á móti því sem vantar upp á fulla húsaleigu.

*Samþykkt samhljóða.*

18.8 Samtökin „Landsbyggðin lifir“, 22.02.13, umsókn um styrk.

*Sveitarstjórn hafnar umsókninni.*

*Samþykkt samhljóða.*

18.9 Rangárbakkar, 11.02.13, umsókn um styrk v. álagðs fasteignaskatts.

*Rangárbökkum er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga-eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2013 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda og tengdra gjalda.*

*Samþykkt samhljóða.*

18.10 Rangárhöllin, 11.02.13, umsókn um styrk v. álagðs fasteignaskatts.

*Rangárhöllinni er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga-eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2013 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda og tengdra gjalda.*

*Samþykkt samhljóða.*

18.11 Stóri forvarnahópur Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 13.02.13, umsókn um styrk vegna sameiginlegrar auglýsingaherferðar í forvarnarskyni.

*Samþykkt samhljóða að taka þátt í að styrkja verkefnið.*

18.12 Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna, 19.02.13, umsókn um styrk v. álagðs fasteignaskatts.

*Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágóðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga-eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim*

*hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur 1. september 2013 að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda og tengdra gjalda.*

*Samþykkt samhljóða.*

## 19. Annað efni til kynningar:

- 19.1 Háskólinn á Bifröst, 18.02.13, „Sterkari stjórnsýsla vorið 2013“, kynning á námskeiði.
- 19.2 Friðfinnur Hermannsson, 15.02.13, verkefni um greiningu á stöðu ísl. ferðapjónustu.
- 19.3 Liðsstyrkur, 25.02.13, hvatning til sveitarfélaga um þátttöku í atvinnuátkasverkefni.
- 19.4 Samband ísl. sveitarfélaga, 18.02.13, námskeið fyrir sveitarstjórnarfulltrúa í Brussel, 20. - 22.03.13.
- 19.5 Samband ísl. sveitarfélaga, 11.02.13, umsögn um frv. til náttúruverndarlagha, 429. mál.
- 19.6 Velferðarráðuneytið/Fjölmennt, 14.02.13, kynning á sendiherrum samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks.
- 19.7 Velferðarvakin, 20.02.13, hvatning til samþykktar á „fjölskyldustefnu“.



*Samþykkt samhljóða að beina þessu erindi til sameiginlegrar félagsmála- og barnaverndarnefndar til umsagnar og tillögugerðar.*

20. Fulltrúar Á lista óska eftir að sveitarstjóri leiti upplýsinga um stöðu viðbyggingar við Lund í samræmi við framlagðar fyrirspurnir á fundinum.

*Beiðni Á- lista hefur verið komið til stjórnar Lundar.*

21. Indriði Indriðason, 27.02.13 - ósk um lausn frá þáttöku í stjórn Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf.

*Af hálfu Rangárþings ytra er Drífa Hjartardóttir tilnefnd til setu í stjórn Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf. í stað Indriðasonar sem eru þökkuð störf að málefnum félagsins.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST)*

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.25



## Rangárþing ytra

45. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 5. apríl 2013, kl. 13.00.

### FUNDARGERÐ

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Oddviti minntist láts Ellerts Þórs Benediktssonar og sveitarstjórn vottar fjölskyldu hans samúðar. Dagskráttillaga frá oddvita að liður nr. 23 falli niður.

*Samþykkt samhljóða.*

Sveitarstjóri og oddviti gerðu stuttlega grein fyrir viðfangsefnum frá síðasta fundi.

#### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 30. fundur hreppsráðs 15.03.13, í átta liðum.

Liðir nr. 2.2, 2.3, 4.2 og 7 verða teknir fyrir sem sjálfstæðir efnisliðir á þessum fundi.

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest*

#### 2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 57. fundur skipulagsnefndar, 26.03.13, í 22 liðum.

Allir liðir fundargerðarinnar afgreiðast sérstaklega.

#### Landskipti

1. 1212018 - Reynifell, Landskipti

Friðrik Weisshappel fyrir hönd landeigenda, sækir um leyfi til að fá viðbótarland úr sameiginlegu landi Rangárþings ytra og Tómasarbarna. Um er að ræða 1,4 ha svæði sem notað verður undir útvistarsvæði Reynifells og liggur rétt ofan við skipulagt frístundasvæði. Skipulagsnefnd vízar málínu til afgreiðslu sveitastjórnar.

*Fyrir liggur áritað samþykki meðeigenda Rangárþings ytra að Reynifelli við leigu á framangreindri lóð.*

*Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti að leigja umsækjendum 1.4 ha. svæði úr landi Reynifells sem liggur að sumarbústaðalandi sem skipt hefur verið út úr landi Reynifells áður skv. framlögðum uppdrætti. Sveitarstjóra er falið að leita ráðgjafar um rétt samningsform vegna leigunnar og gera drög að leigusamningi sem lagður verður fyrir sveitarstjórnina til samþykktar og allir eigendur Reynifells og væntanlegir leigutakar undirrita.*

2. 1303024 - Lunansholt I, landskipti

Eigendur Lunansholts I óska eftir heimild til landskipta úr landi sínu. Um er að ræða lóðarspildu 0,5 ha að stærð og liggur umrædd spilda öll innan landamarka jarðarinnar. Landnr. lóðarinnar er 221392.

Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við landskiptin

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

3. 1302081 - Umsókn um stofnun lóðar, Vörður fjarskiptalóð

Gautur Þorsteinsson fyrir hönd Vodafone sækir um að stofna lóð úr landi Varða skv. meðfylgjandi samþykki landeiganda. Landnr. nýrrar lóðar verður 221486 og stærðin 225 m<sup>2</sup>.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

4. 1303031 - Lækjarsel úr landi Efra-Sels, landskipti

Bjarni Hannesson óskar eftir landskiptum á lóð úr landi sínu, Lækjarseli úr landi Efra-Sels. Ný lóð mun bera nafnið Selið og landnr. verður 221491.

Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við landskiptin.



Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

#### Afgreiðsla skipulagsmála

5. 1302042 - Staðsetning á vindmyllum innan Rangárþings ytra.

Steingrímur Erlingsson fyrir hönd Biokraft ehf óskar eftir leyfi til uppsetningar á tveimur 52 metra háum vindmyllum til orkuöflunar. Álit Skipulagsstofnunar er sú að breytingin sé ekki háð lögum um umhverfismat áætlana. Tekin fyrir næstu skref.

Skipulagsnefnd telur rétt á þessum tímapunkti að halda íbúafund um málið og kynna fyrir íbúum í Þykkvabæ þau áform sem uppi eru, áður en lengra er haldið. Fyrirhuguð áform kalla á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra þar sem setja þarf inn nánari skilmála um vindmyllur á svæðinu, ásamt því að stækka þyrfti núverandi iðnaðarsvæði norðan Þykkvabæjar, svo uppfylla megi fjarlægðarmörk. Nefndin felur skipulagsfulltrúa að annast undirbúnig íbúafundarins.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar og felur skipulags- og byggingafulltrúa að gangast fyrir ítarlegri kynningu á málínu gagnvart íbúum í Rangárþingi ytra. Skipulags- og byggingafulltrúa er falið að halda almennan íbúafund í fundaraðstöðu sveitarfélagsins í Þykkvabæ, þar sem fyrrgreind áform verða kynnt ásamt öðrum skipulagsmálum sem eru á döfinni í sveitarfélagini.*

6. 1212007 - Svínhagi SH13 og SH14, deiliskipulag

Deiliskipulagið nær yfir uppybyggingu lóða SH13 og SH14 úr landi Svínhaga í Rangárþingi ytra, samtals 12,7 ha að stærð. Lóðirnar liggja sunnan við austurhluta fristundasvæðisins Heklubyggðar og liggja lóðirnar Klapparhraun 1 og 3 að skipulags svæðinu. Deiliskipulagið tekur til byggingar á íbúðarhúsi, gestahúsum, gróðurhúsi, vélarhúsi ásamt útihúsi/gróðurhús

Aðkomu að lóðunum er frá Þingskálavegi 268 í um 250m fjarlægð frá aðkomuvegi að fristundalóðum í Heklubyggð.

Farið yfir athugasemdir umsagnaraðila.

Skipulagsnefndin samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að senda það til afgreiðslu Skipulagsstofnunar til fullnaðarafgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

7. 1212006 - Svínhagi 164560, endurskoðun deiliskipulags

Afmörkun skipulagssvæðis er breytt þar sem mörk skipulagssvæðis um miðbik svæðisins færast til norðurs, mörk skipulagssvæðisins til vesturs eru sett í lóðarmörk. Minnkar því opið óbyggt svæði sem því nemur. Í stað þess að nefna svæðið Svínhagi er svæðið nefnt Heklubyggð. Númerum og heiti lóða er breytt sjá kafla 2.1. Lóðir H40-H42 eru sameinaðar í eina lóð Klettahraun 6.

Skilmálar svæðisins eru endurskoðaðir. Opið óbyggt svæði sunnan Hekluhrauns 10 og 14 (H-50,H52) er reitað upp í spildur, staðsetning tjaldsvæðis og sameiginlegrar grillaðstöðu skilgreind. Endurskoðaður deiliskipulagsuppráttur er settur fram sem einn uppráttur í mkv. 1:4000 í A1 í stað tveggja uppráttu áður. Þetta er gert til þess að auðveldi yfirsýn yfir heildar svæðið. Með gildistöku endurskoðaðs deiliskipulags falla úr gildi eldri upprættir dags. 04.09.03 og breytt 06.01.2004 ásamt greinargerð dags 21.okt 2003,breytt. þann 5. janúar 2004.

Brugðist hefur verið við athugasemdu umsagnaraðila.

Skipulagsnefndin samþykkir deiliskipulagið og felur skipulagsfulltrúa að senda það til afgreiðslu Skipulagsstofnunar til fullnaðarafgreiðslu.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

8. 1301027 - Fitjamenn vegna gistiskála á Hungurfit á Rangárvallafrétti

Guðmundur Árnason fyrir hönd Fitjamanna óskar eftir leyfi til að reisa saeluhús, allt að 75 m<sup>2</sup> í Hungurfitum.

Sæluhúsið yrði gististaður fyrir fjallmenn og samferðafólk þeirra í haustleitum. Jafnframt er lögð fram lýsing á deiliskipulagi og óskað eftir afgreiðslu á henni.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna lýsingu og leggur til að hún verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr.

Skipulagslag nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

9. 1302038 - Jarlstæðir, breyting á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag

Bóðr Þorsteinsson óskar heimildar til breytinga á aðalskipulagi Rangárþings ytra í landi sínu Jarlsstöðum úr landi Stóru-Valla, landnr. 205460. Um er að ræða breytingar á landnotkun, s.s. iðnaðarsvæði vegna malarnáms og steypustöðvar ásamt efnistöku úr Rangá. Einnig verður skilgreint um 50 ha svæði undir fristundabyggð.

Steinsholt, fyrir hönd landeiganda, leggur fram lýsingu skv. 1. mgr. 30. greinar Skipulagslag nr. 123/2010.



Skipulagsnefnd samþykkir framkomna lýsingu og leggur til að hún verði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr.  
Skipulagsbla nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar en áréttar að breyting á aðalskipulagi verður gerð á vegum og undir umsjón skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins.*

10. 1301031 - Hella, Rangárbakkar, deiliskipulag

Deiliskipulagið fyrir Rangárbakka. Tillaga að breytingu á lóðum við Rangáflatir. Lóðir nr. 2, 4 og 6 við Rangáflatir verði sameinaðar í eina lóð, Rangáflatir 4.

Skipulagsnefnd heimilar breytingu á númerandi deiliskipulagi og telur að um óverulega breytingu sé að ræða. Málsmeðferð verði því skv. 3. mgr. 44. gr. Skipulagsbla nr. 123/2010 þar sem ekki er talin þörf á grenndarkynningu vegna breytingarinnar.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

11. 1212019 - Sorpstöð Rangárvallasýslu, Strönd, Deiliskipulag

Steinsholt sf, fyrir hönd Sorpstöð Rangárvallasýslu BS, sækir um leyfi til deiliskipulagnigar fyrir sorpsvæði á Strönd, skv. meðfylgjandi skipulagsgögnum. Athugasemdir hafa borist frá Skipulagsstofnun um málsmeðferð þar sem umhverfisskýrsla fylgdi ekki með ásamt lítilsháttar athugasemdum um uppsetningu á uppdraðetti.

Skipulagsnefnd telur að til að tefja málið ekki enn frekar skuli farið að fyrirmálum Skipulagsstofnunnar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að tillagan skuli auglýst á ný þar sem í auglýsingunni þurfi að koma fram að umhverfisskýrsla fylgi deiliskipulaginu og að eldra deiliskipulag falli niður við gildistöku þessa deiliskipulags. Aðrar athugasemdir hafa verið lagfærðar á uppdraðetti.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

**Heimild til skipulagsgerðar**

12. 1303015 - Lunanholt 2, land 3, 4 og 5, Deiliskipulag

Stefán Þ. Ingólfsson eigandi lands nr. 3 og Sævar Kristinsson, fyrir hönd Fjólu Pálsdóttur og Jóhönnu H. Oddsdóttur, eigenda landa nr. 4 og 5 í landi Lunanholtss 2, óskar eftir heimild til deiliskipulagsgerðar. Deiliskipulagið tekur til 58,8 ha lands. Svæðið flokkast undir landbúnaðarsvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjendum heimild til skipulagsgerðar á landi sínu. Jafnframt samþykkir nefndin framkomna lýsingu og leggur til að hún verði kynnt skv. skv. 3. mgr. 40. gr. Skipulagsbla nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

13. 1303018 - Strútslaug, deiliskipulag

Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, óskar heimildar til deiliskipulagsgerðar á svæðinu við Strútslaug í Hólmsárbotnum að Fjallabaki. Sóst verður eftir að reisa skála á svæðinu ásamt salernis- og búningsaðstöðu.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjanda heimild til skipulagsgerðar með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu landeiganda. Nefndin telur að þar sem uppbygging svæðisins sé umfram meginforsendur í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sé þörf á að kalla eftir lýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. Skipulagsbla nr. 123/2010.

Jafnframt telur nefndin að leita skuli samráðs um uppbyggingu á svæðinu við aðliggjandi sveitarfélag, Skaftárhrepp, þar sem fyrirhugað skipulagssvæði liggar á mörkum beggja sveitarfélaganna.

*Samþykkt að fresta afgreiðslu málsins og skipulagsfulltrúa falið að leita eftir samstarfi við skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps um nánari upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir og nákvæma staðsetningu skála.*

14. 1302088 - Veiðifélag ytri Rangár deiliskipulag á landnr. 165412

Guðjón Þórisson fyrir hönd Veiðifélags Ytri-Rangár óskar heimildar til deiliskipulagsgerðar skv. meðfylgjandi uppdraðetti á landi veiðifélagsins, Rangár, á bakka Ytri-Rangár.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjendum heimild til skipulagsgerðar. Nefndin telur að þar sem uppbygging svæðisins sé umfram meginforsendur í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, sé þörf á að kalla eftir lýsingu skv. 2. mgr. 40. gr. Skipulagsbla nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

15. 1302059 - Ölversholt, Deiliskipulag

Magnús K. Sigurjónsson fyrir hönd eigenda Ölversholtss 3 og Einar Benjamínsson fyrir hönd eigenda Ölversholtss 1 hyggjast deiliskipuleggja land sitt þar sem óskað er eftir að komi íbúðar- og frístdundahúsabyggð. Tillagan



samræmist skilmálum í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjendum heimild til skipulagsgerðar á landi sínu. Jafnframt samþykkir nefndin framkomna tillögu og leggur til að hún verði kynnt skv. skv. 1. mgr. 41. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

16. 1303028 - Stóra-bót, deliskipulag landnr. 178402

Steinsholt sf. f.h. Jóns Karls Snorrasonar og Gunnars Pálssonar, óska eftir heimild sveitarstjórnar Rangárþings

ytra til þess að hefja vinnu við gerð deiliskipulags á frístundasvæði sem kallað er Stóra-Bót á Rangárvöllum.

Skipulagsnefnd samþykkir að veita umsækjendum heimild til skipulagsgerðar á landi sínu. Jafnframt samþykkir nefndin framkomna lýsingu og leggur til að hún verði kynnt skv. skv. 3. mgr. 40. gr. Skipulagsлага nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

#### **Almenn mál**

17. 1303023 - Landgræðslan, uppsetning á skilti við Gunnarsholtsveg

Landgræðslan, Vegagerðin vegna upplýsinga um hálandisvegi, þjóðminjasafnið vegna Keldna o.fl. aðilar áforma að setja upp skilti á plani sem Vegagerðin hefur hannað við Rangárvallaveg (264) ofan við gatnamót þjóðvegar nr.

1. Sveinn Runólfsson fyrir hönd ofangreindra aðila sækir um byggingarleyfi skv. meðfylgjandi uppdráttum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við áform umsækjanda og felur byggingarfulltrúa að ganga frá leyfismálum.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

18. 1301041 - Jarlsstaðir, efnistaka úr Rangá

Þór Þorsteinsson hefur óskað eftir leyfi til efnistöku úr Rangá í landi sínu við Jarlsstaði. Umsókn barst 22. júní 2011. Erindið var síðast tekið fyrir á fundi nefndarinnar 28. janúar 2013. Farið yfir athugasemdir hagsmunaaðila. Í ljósi framkomina athugasemda og nýtilkomins álits frá fulltrúa Landgræðslunnar telur nefndin að meint landbrot ofar í ánni sé ekki hægt að rekja beint til tiltekinnar efnistöku og heimilar því umsækjanda að taka 5.000 m<sup>3</sup> í viðbót úr ánni. Efnistakan verði því 1.000 m<sup>3</sup> á ári á næstu 5 árum. Nefndin ítrekar að ekki verði farið yfir heimilað efnismagn á ári hverju og að alls ekki verði geymt meira magn á árbakkanum en heimilt er að taka uppúr ánni á ári hverju. Jafnframt áskilur nefndin sér rétt til að endurskoða og afturkalla ákvörðun sína ef aðstæður myndast í ánni sem rekja má til efnistökunnar. Nefndin bendir á að ekki skuli veita framkvæmdaleyfi fyrr en að lokinni breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem efnistökusvæði verði sett inná skipulagsupprátt.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.*

19. 1302084 - Gasmælingar Veðurstofu Íslands á Heklu.

Veðurstofa Íslands óskar eftir leyfi til að koma fyrir búnaði til gasmælinga á toppi Heklu.

Erindinu var vísað til umsagnar Samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar með vísan í bókun nefndarinnar: "Nefndin gerir ekki athugasemdir við að kofanum verði komið fyrir, enda mikilvægt í þágu vísinda og almannavarna".

Skipulagsnefnd staðfestir álit Samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar og heimilar því umsækjanda að koma tilteknum búnaði fyrir.

Staðfesting á afgreiðslu Byggingarfulltrúa

*Til kynningar.*

20. 1303017 - Lækjarsel, landnr. 202406, byggingarleyfi fyrir gestahúsi

Vignir Bjarnason óskar eftir leyfi til að reisa gestahús við sumarhús sitt í landi Lækjarsels. Fyrir liggur leyfi lóðareigenda vegna áforma umsækjanda.

Skipulagsnefnd staðfestir ákvörðun byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

21. 1302069 - Ægissíða II, Viðbygging við vélaskemmu

Ólafur Einarsson sækir um leyfi til viðbyggings við vélaskemmu sína á lóð sinni Ægissíðu II, skv teikningum frá



Verkfræðistofu Suðurlands. Jafnframt er óskað eftir heimild til að umsóknin verði afgreidd skv. ákvæðum eldri byggingarreglugerðar 441/1998.

Skipulagsnefnd staðfestir ákvörðun byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

22. 1303025 - Reynifell lóð 2, landnr. 164790, byggingarleyfi

Magni Hjálmarsson sækir um leyfi til að flytja og staðsetja áður byggt sumarhús á lóð sína nr. 2 í landi Reynifells. Húsið verður flutt frá Álfanesi.

Skipulagsnefnd staðfestir ákvörðun byggingarfulltrúa.

*Til kynningar.*

2.2 21. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, í 11 liðum.

1. og 7. liður fundargerðarinnar afgreiðast sérstaklega.

2.2.1 1. liður: Umsókn Jarðvíssindadeildar Veðurstofu Íslands um staðsetningu á skyli v gasmælinga.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar og heimilar staðsetningu á búnaðinum ásamt viðkomandi smáhyysi á toppi Heklu.*

2.2.2 7. liður: Tilnefning "bæjarfjalls".

*Sveitarstjórn tekur undir og samþykkir niðurstöðu samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar um að Hekla sé bæjarfjall Rangárþings ytra.*

Bókun Á - lista vegna liðar nr. 8 :

Óskað er eftir því að nefndir fjalli um þau mál sem þeim er úthlutað en ákveði ekki einhliða að hætta við umfjöllun vegna þess að þær telji líkur á að vinnan verði til einskis. Nú hefur frumvarpið verið samþykkt með gildistöku 2014 og tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við frumvarpið er glatað.

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Steindór Tómasson

*Fundargerðin er að öðru leyti til kynningar.*

**3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 148. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 25.03.13, í fjórum liðum.

3.2 225. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands bs. 26.03.13, í fimm liðum.

3.3 10. fundur stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga 22.03.13, í átta liðum.

3.4 Stjórn Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf., 15.03.13, í níu liðum.

3.5 Stjórn Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf., 20.03.13, í sjö liðum.

3.6 Markaðsstofa Suðurlands, aðalfundur og málþing 19.03.13, í fimm liðum.

3.7 Rekstrarstjórn Laugaland, fundur 18.02.13.

**4. Tillaga að siðareglum fyrir kjörna fulltrúa og aðra stjórnendur Rangárþings ytra - síðari umræða.**

*Samþykkt samhljóða.*

**5. Tillaga um umsókn um lán til Láanasjóðs sveitarfélaga.**

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST).*

**6. Tillaga að samþykkt um stjórn Rangárþings ytra, til umræðu og kynningar.**

*Oddviti lagði fram og kynnti fyrstu drög að "Samþykkt um stjórn Rangárþings ytra".*

Sveitarstjórn víesar tillöggunni til hreppsráðs til frekari skoðunar og þróunar. Hreppsráð skili álti sínu og drögum að samþykkt fyrir fund hreppsnefndar í maí nk. þegar þau verða tekin til fyrri umræðu.



*Samþykkt samhljóða.*

7. Tillaga um að fela oddvita að leita til annarra sveitarstjórna í Rangárvallasýslu um samvinnu varðandi mögulega endurskoðun á Fjallskilasamþykkt Rangárvallasýslu sem er á forræði Héraðsnefndar Rangæinga.

*Samþykkt samhljóða.*

8. Tillaga um framlagningu á kjörskrá vegna Alþingiskosninga 27. apríl 2013 og áritun hennar.

Tillaga um að sveitarstjóra verði falið að yfirfara kjörskrárstofn frá Þjóðskrá og ef ekki er um verulegar leiðréttningar eða breytingar er að ræða, að staðfesta hann sem kjörskrá í Rangárþingi ytra vegna Alþingiskosninganna 27. apríl 2013 með áritun og leggja kjörskrána fram til kynningar fyrir íbúa og aðra þ. 17. apríl 2013 í afgreiðslu skrifstofu sveitarfélagsins.

Framlagning kjörskrárinnar skal auglýst í "Búkollu" og á heimasíðu sveitarfélagsins. Þurfi að gera leiðréttningar og breytingar og ef kærur berast á kynningartíma kjörskrárinnar skal boða til sveitarstjórnarfundar um þau mál.

Hafa skal samráð við formann kjörstjórnar Rangárþings ytra um yfirferð og framlagningu kjörskrárinnar.

Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri.

*Samþykkt samhljóða*

9. Málefni hitaveitu á Baðsheiði:

- 9.1 Orkustofnun - glærur um nýtingu á heitavatnsholum í landi Stóra-Klofa - saga virkjunar og nýtingar í stórum dráttum og kröfur OS.
- 9.2 1. fundur um málefni hitaveitu á Baðsheiði, 06.02.13, í einum lið.
- 9.3 2. fundur um málefni hitaveitu á Baðsheiði, 12.03.13, í þremur liðum.
- 9.4 Afsal frá Fiskeldisstöðinni Fellsmúla ehf. vegna sölu á eignum fyrirtækisins 2005.

Hreppsnefndin felur Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Drífu Hjartardóttur, sveitarstjóra, að vinna áfram að því að stofnuð verði hitaveita sem verði í eigu og rekstri þeirra sem nú eru að nýta heitt vatn úr borholunni á Baðsheiði. Þess verði freistað í samráði við forstöðumann umhverfis-, eigna- og tæknisviðs og Eignaumsjón og Ásahrep að finna verð á eignir sem tengjast nýtingu heita vatnsins á Baðsheiði og ná um það sátt við nýtingaraðilana. Þessa vinnu mun Rangárþing ytra leggja til hinu óstofnaða félagi að kostnaðarlausu.

*Samþykkt samhljóða.*

10. Málefni Skólaskrifstofu Suðurlands bs. og framtíð, fundur að Þingborg 21.03.13.

Fulltrúar aðildarsveitarfélaga að Skólaskrifstofu Suðurlands bs., utan Árborgar, komu saman til fundar að Þingborg í Flóahreppi 21. mars 2013. Umræðuefn fundarins var hvort mögulegt væri að halda áfram rekstri skólaskrifstofunnar í breytri mynd eftir brothvarf Árborgar úr byggðasamlaginu. Skipaður var vinnuhópur til þess að vinna að könnun á þeim möguleikum sem eru í núverandi stöðu. Sveitarstjóri Rangárþings ytra, Drífa Hjartardóttir, er í vinnuhópnum ásamt Aldísi Hafsteinsdóttur, Hveragerði, Ísólfi Gylfa Pálmasyni, Rangárþingi eystra, Drífu Kristjánsdóttur, Bláskógbabyggð og Ásgeiri Magnússyni, Mýrdalshreppi.

*Vinnuhópurinn mun skila niðurstöðum eins fljótt og mögulegt verður og kynna þær fyrir þessum hópi sveitarfélaga sem þátt tóku í fundinum á Þingborg.*

*Sveitarstjórn Rangárþings ytra er hlynnt samstarfi um verkefni Skólaskrifstofunnar. Sveitarstjóra falið að vinna áfram með vinnuhópnum í samræmi við umræðu á fundinum.*

11. Húsakynni bs. fundargerð stjórnar frá 06.03.13, í fjórðum liðum, vísað frá hreppsráði til hreppsnefndar, 15.03.13.

*Til kynningar.*

12. Húsakynni bs., aðalfundur 06.03.13, í tveimur liðum, vísað frá hreppsráði til hreppsnefndar, 15. 03.13.



Bókun Á-lista: Á-listi ítrekar tillögur vinnuhóps sem lagðar voru fram á aðalfundi stjórnar Húsakynna 14.3.2012. Ljóst er að rekstrarhalli er viðvarandi og nauðsynlegt að bregðast við með endurskipulagningu félagsins og sölu eigna.

Meirihluti sveitarstjórnar tekur undir efni bókunarinnar.

*Til kynningar.*

13. Landsmót hestamanna ehf., 28.02.13, tilnefning í undirbúningsnefnd vegna Landsmóts 2014, vísað frá hreppsráði til hreppsnefndar 15. 03.13.

Lagt er til að Guðmundur Ingi Gunnlaugsson verði í undirbúningsnefndinni af hálfu Rangárþings ytra og til vara Drífa Hjartardóttir.

Breytingartillaga Á-lista: Lagt er til að sveitarstjóri Rangárþings ytra verði fulltrúi í vinnuhópi um undirbúnинг landsmóts hestamanna 2014.

Bókun Á-lista: Eðlilegt er að sveitarstjóri sé í undirbúningsnefndinni þar sem sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og getur þá leitað til starfsmanna um serstök verkefni og vinnu sem tengist landsmótinu. Þetta starf fellur undir starfssvið sveitarstjóra og er þá ekki kostnaðaraukandi fyrir sveitarfélagið eins og ef oddviti tæki það að sér. Ef oddviti sinnir þessu verkefni þá þarf hann að leita samþykkis hjá sveitarstjóra á ýmsum málum auk þess sem greiða þarf honum laun fyrir.

*Breytingartillagan er feld, þrír samþykktu, fíforir voru á móti (GIG,MÝS,PTJ,AMK).*

*Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST).*

14. Sumarlokun leikskóla 2013:

14.1 Tillaga hreppsráðs um lokun Heklukots frá 15. júlí - 12. ágúst og um lokun Leikskólans á Laugalandi frá 1. júlí - 2. ágúst 2013, frá 15.03.13 .

14.2 Punktar frá fundi vinnuhóps hreppsnefndar og leikskólastjóra um sumarlokanir Heklukots og Leikskólans á Laugalandi sumarið 2013 og punktar frá sveitarstjóra um viðtöl við nokkra foreldra og fleiri.

14.3 Minnispunktar/skýrsla frá Steindóri Tómassyni um fund vinnuhóps með leikskólastjórum 18.03.13.

14.4 Orðsending og kvörtun frá Sigurbjörgu Björgúlfssdóttur og Þóri Ófeigssyni vegna seinnar ákvörðunar um sumarlokun Heklukots og tilkynningar um breytingu frá því sem áður hafði verið tilkynnt.

Lagt er til að sumarlokun Leikskólans á Laugalandi verði frá 1. júlí til 2. ágúst 2013.

*Samþykkt samhljóða.*

Lagt er til að sumarlokun Heklukots verði frá 15. júlí til og með 16. ágúst 2013.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST).*

**Bókun Á-lista:** Fulltrúar Á-lista gera athugasemd við hvernig ákvörðun um lokun leikskólanna var tekin. Fræðslunefnd fjallaði um málið í tvígang og vinnuhópur var skipaður af sveitarstjórn til að funda með hagsmunaaðilum. Formaður hreppsráðs leggur fram tillögu á síðasta hreppsráðsfundi sem er hvorki í samræmi við niðurstöðu fræðslunefndar né fundar vinnuhópsins um málið. Tillagan var ekki samþykkt í hreppsráði, en þrátt fyrir það fær leikskólastjóri þau skilaboð að meirihlutinn sé sammála henni og tilkynning um hana er send á alla foreldra. Þetta er afar bágborin stjórnsýsla að okkar mati og ekki til fyrirmynnar. Við teljum að brotin hafi verið 2. grein nýsamþykktra siðareglina sveitarfélagsins þar sem segir: „*Kjörnir fulltrúar skulu gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Rangárþings ytra*“.

**Bókun meiri hluta:**

Hreppsráð lagði fram tillögu á síðasta hreppsráðsfundi um breyttan lokunartíma leikskólans Heklukots eftir samráð við leikskólastjóra og vegna ábendinga frá atvinnurekendum og foreldrum. Það er mat meiri hlutans að sú leið sem lögð er til verði til hagsbóta fyrir flesta. Mat okkar var að almennur vilji væri fyrir því að koma á breytingum sem fyrst. Við teljum að síðareglur hafi ekki verið brotnar og að meiri hluti sveitarstjórnar sé að uppfylla skyldur sínar.

Fulltrúar Á-lista áskilja sér rétt til þess að leggja fram bókun um málið á næsta fundi.



Sveitarstjóra er falið að kanna hvort mögulegt sé að skóladagheimili Grunnskólans Hellu verði opnað fyrr en áætlað var eða 12. ágúst og taki við börnum sem eiga að byrja í skólanum á haustönn.

*Framangreind tillaga er samþykkt samhljóða.*

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá fimmtudaginn 11. apríl n.k. kl. 16.30.

Fundargerði yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.45.



## Rangárþing ytra

**46. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, fimmtudaginn 11. apríl 2013, kl. 16.30.**

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Sigríður Th. Kristinsdóttir, varamaður fyrir Önnu Mariu Kristjánsdóttur, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Gunnar Aron Ólason tekur sæti sem varamaður Margrétar Ýrr Sigurgeirs dóttir kl. 18.30 undir 12. lið. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 16.30 og stjórnaði honum.

### FUNDARGERÐ

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

Engin fundargerð liggur fyrir þessum fundi.

**2. Fundargerðir annarra fastanefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

2.1 Fundur í fjallskilanefnd Holtamannafréttar 03.04.13, í fjórum liðum.

*Fundargerðin staðfest.*

2.2 22. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar 03.04.13, í einum lið.

*Til kynningar.*

3. Landgræðsla ríkisins 20.03.12, erindi varðandi kostnað vegna fjallskila á Landmanna- og Rangárvallafrétti, reikningagerð fyrir árið 2011 og tilmæli um að stofnunin verði undanþegin álagningu fjallskilagjalda.

Sveitarstjóra er falið að kanna lögmæti þess að undanskilja Landgræðslu ríkisins mögulega undan álagningu fjallskilagjalda.

*Samþykkt samhljóða.*

Erindið var afgreitt á 45. fundi og er aðeins til innfærslu í fundargerð á þessum fundi.

4. Framhald af 14. lið á dagskrá 45. fundar hreppsnefndar 5. apríl 2013.

Bókun Á-lista: "Meirihluta sveitarstjórnar yfirsést að gagnrýni Á-lista beinist fyrst og fremst að því "hvernig" ákvörðunin var tekin. Það er hlutverk kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn að taka ákvarðanir með lýðræðislegum hætti, en hlutverk sveitarstjóra að koma þeim í verk. Í þessu tilfelli var sveitarstjór ekki búin að staðfesta ákvörðunina og formaður hreppsráðs hafði því ekki umboð til að ákveða lokunina, hvað þá að tilkynna leikskólastjóra um hana. Að okkar mati fór því formaður hreppsráðs út fyrir hlutverk sitt sem kjörinn fulltrúi."

Bókun meirihluta:

Formaður hreppsráðs ákvað ekki lokunina og gaf ekki fyrirmæli um hana. Ekki er um neinn misskilning að ræða af hálfu meiri hluta.

5. Stjórn Suðurlandsvegar 1 - 3 ehf., 02.04.13, umsókn um fjárhagslega fyrirgreiðslu Rangárþings ytra.

Lagt er til að Suðurlandsvegi 1 - 3 ehf. verði heimilað að auka skuld á viðskiptareikningi um allt að kr. 3.000.000 á árinu 2013 með því skilyrði að fyrir árslok verði búið að gera alla viðskiptaskuldina upp með greiðslu eða samkomulagi um greiðslufyrirkomulag. Samningsvextir verði á skuldinni frá og með 1. janúar 2013.



*Samþykkt að fresta afgreiðslu erindisins vegna formgalla. Hreppsráði er falið fullnaðarafgreiðsla erindisins, þegar það hefur verið endurnýjað.*

6. Umhverfisráðuneytið - tillaga að auglýsingum um Friðland í Þórisárverum og drög að friðlýsingarskilmálum.

*Sjá 13. lið um sama efni.*

7. M. Azfar Karim 27.03.13 - viðskiptahugmynd um nýtingu mötuneytiseldhúss Grunnskólans Hellu að sumarlagi vegna þjónustu við ferðamenn og fleiri.

*Sveitarstjórnin fagnar því að unnið er að því að koma slíkri starfsemi á en sér sér ekki fært að veða við erindinu þar sem um samkeppnisrekstur er að ræða. Sveitarstjóra falið að ræða við umsækjanda og leiðbeina um aðra möguleika.*

*Samþykkt samhljóða.*

8. Jóhanna Oddsdóttir 21.03.13, umsókn um lögbýlisrétt á spildu nr. 4 úr landi Lunansholts II, beiðni um umsögn.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að heimild verði veitt til stofnunar lögbýlis á spildu nr. 4 úr landi Lunansholts II í samræmi við framlögð gögn um uppbryggingaráform umsækjanda.*

*Samþykkt samhljóða.*

9. Fjóla Pálsdóttir 21.03.13, umsókn um lögbýlisrétt á spildu nr. 5 úr landi Lunansholts II, beiðni um umsögn.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við að heimild verði veitt til stofnunar lögbýlis á spildu nr. 5 úr landi Lunansholts II í samræmi við framlögð gögn um uppbryggingaráform umsækjanda.*

*Samþykkt samhljóða.*

10. Félag eldri borgara í Rangárvallasýslu, ályktanir frá aðalfundi 14.03.13:

10.1 Ályktun um vistunarmat, aðgengi að dvalarrýmum, hjúkrunarþjónustu og félagslegrí þjónustu.

*Sveitarstjórnin tekur undir áhyggjur Félags eldri borgara í Rangárvallasýslu vegna þrengra vistunarmats og minni möguleika til innlagnar á dvalar- og hjúkrunarheimili. Félagsþjónustan í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu og heilsugæslustöðvar leitast við að veita öldruðum sem öðrum sem besta þjónustu, m.a. á heimilum þeirra. Bent er á að samráð Félags eldri borgara við framangreindar stofnanir gæti leitt til enn markvissari þjónustu en veitt er í dag.*

*Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma ályktuninni og framangreindri samþykkt á framfæri við viðkomandi stofnanir og þingmenn kjördæmisins.*

10.2 Áskorun á sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu um meiri afslátt eða niðurfellingu fasteignagjalda af íbúðarhúsnaði aldraðra.

*Félagi eldri borgara er vinsamlegast bent á að reglur sveitarfélaganna eru ekki samræmdar um afslætti af fasteignasköttum og holræsagjöldum til tekjulítilleldri borgara og ekki hefur verið rætt um að koma á samræmingu en sjálfsgagt er að taka málið upp í viðræðum við nágrannasveitarfélög. Féluginu er einnig vinsamlegast bent á að einungis er heimilt skv. ákvæðum laga, að veita afslætti af fasteignasköttum og holræsagjöldum til tekjulítilleldri borgara og öryrkja. Ekki er heimilt að veita afslátt af öðrum gjöldum né heldur til allra.*

*Samþykkt samhljóða.*



10.3 Áskorun á stjórnir Dvalarheimilanna, Kirkjuvols og Lundar, um að láta rúm ekki standa auð.

*Félagi eldri borgara er vinsamlegast bent á að sveitarstjórnir hafa ekki bein afskipti af störfum stjórnna dvalarheimilanna en sjálf sagt er að beina þessum tilmælum til þeirra.*

*Sambykkt samhljóða.*

**11. Frá Á-lista:**

11.1 Viðbrögð frá sveitarstjóra vegna 20. liðar a fundi hreppsnefndar 1.mars sl.

*Tekin verður umræða um þetta mál á samráðsfundi Rangárþings ytra og Ásahrepps sem haldinn verður 15.04.13.*

11.2 Nýtt starf oddvita og stjórnsýsla Rangárþings ytra.

Tillaga Á-lista: Starfshlutfalli oddvita verði breytt til fyrra horfs úr 100% í 30% frá og með 1. apríl. Það er eðlilegra að oddviti sé á sömu kjörum og aðrir kjörnir fulltrúar og fái greitt fyrir aukafundi skv. reglum um kjör kjörinna fulltrúa í Rangárþingi ytra.

*Tillagan fellt, þrír greiddu með tillöggunni (GP, MHJ, ST), þrír voru á móti (PTJ, MYS, STK), einn sat hjá (GIG).*

Bókun Á-lista: Þar sem meirihluti sveitarstjórnar styður áfram 100% starf oddvita, óska fulltrúar Á-listans eftir því að oddviti skili inn vinnuskýrslu um viðveru og verkefni í lok hvers mánaðar sem verði yfirlarin á fundum hreppsráðs tveimur vikum seinna. Það er eðlilegt hlutverk hreppsráðs að fylgjast með útgjöldum af þessum toga, sérstaklega þegar þau eru utan fjárhagsátlunar.

Bókun meirihluta: Fyrst skal áréttar að ekki er um nýtt starf oddvita að ræða heldur aukið starfshlutfall tímabundið. Að sjálfsgöðu mun oddviti gera grein fyrir störfum sínum í upphafi reglulegra funda í sveitarstjórninni eins og verið hefur.

**12. Könnun Deloitte vegna skólabílamáls - skýrsla lögð fram hafi hún borist.**

*Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir vikur affundi vegna vanhæfis kl. 18.30. Gunnar Aron Ólason tekur sæti hennar kl. 18.30.*

*Skýrsla Deloitt var lögð fram í upphafi fundar og þar sem sveitarstjórnarmenn hafa ekki haft tök á að kynna sér skýrsluna er hún lögð fram til kynningar.*

*Afgreiðslu málsins frestað.*

*Gunnar Aron Ólason vikur affundi kl. 19.06 og Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir tekur á ný sæti á fundinum kl. 19.06.*

**13. Vinnuhópur/nefnd um friðun Þjórsárvera - frá lokafundi 8. apríl 2013.**

Í fundargögnum er friðlýsingartillaga ásamt skilmálun friðlýsingarinnar. Að auki er fundargerð lokafundar vinnuhópsins í fundargögnum einnig. Mörk friðlandsins að sunnan er mál sem ekki hefur náðst samstaða um.

Fyrirhugaður er fundur þ. 15. apríl n.k í samráðsnefnd sveitarstjórnna Rangárþings ytra og Ásahrepps um málið en þessi sveitarfélög eru sameigendur að Holtamannafrétti.

*Sveitarstjórnin samþykkir að bíða niðurstöðu væntanlegs samráðsfundar sveitarstjórnna Rangárþings ytra og Ásahrepps um málið og taka síðan afstöðu til tillögu um friðlýsingu Þjórsárvera.*



**14. Landgræðsla ríkisins 04.04.13 - umsókn um staðsetningu skiltis.**

Umsókn Landgræðslu ríkisins dags. 4. apríl 2013 um heimild til staðsetningar á kynningarskilti vegna Landgræðslunnar og Hótel Læks á landi sveitarfélagsins sem liggur að Gunnarsholtsvegi austanverðum en norðan Suðurlandsvegar. Staðsetningin er 19 metra frá miðlinu vegarins og er því ekki inni á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar.

*Samþykkt samhljóða með fyrirvara um samþykki leigutaka landsins.*

**15. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

- 15.1 Velferðarráðuneytið, Jafnréttisráð, Jafnréttisstofa boð um þátttöku í fundi um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, Hótel Kea Akureyri 12.04.13, kl. 13.00 - 16.00.
- 15.2 Menningarlandið 2013, ráðstefna á Kirkjubæjarklaustri 11. og 12.04.13.
- 15.3 Skipulagsstofnun - samráðsfundur á Hótel Cabin með sveitarfélögum 11. og 12.04.13.
- 15.4 SASS - kynningarfundir um Suðurland, 8. - 19.04.13. (Á Hellu 09.04.13)
- 15.5 Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf. - aðalfundur 05.04.13.
- 15.6 Ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur 12.04.13 - Samráðsfundur sveitarfélaga í kjölfarið.

**16. Annað efni til kynningar:**

- 16.1 Lánasjóður sveitarfélaga 26.03.013 - arðgreiðslur til sveitarfélaga v. 2012.
- 16.2 Innanríkisráðuneytið 02.04.13 - greiðslur til sveitarfélaga vegna Alþingiskosninga 2013.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.10.



## Rangárþing ytra

### Fundargerð

**47. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, mánudaginn 29. apríl 2013, kl. 16.30.**

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Anna María Kristjánsdóttir, Katrín Sigurðardóttir, varamaður fyrir Þorgils Torfa Jónsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Sigríður Theodóra Kristinsdóttir kemur inn á fundinn sem varamaður fyrir Guðmund Inga Gunnlaugsson kl. 18.10. undir lið nr. 3 og frá lið nr. 5. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð. Einar Sveinbjörnsson, lögg. endurskoðandi frá KPMG og Klara Viðarsdóttir aðalbókari Rangárþings ytra mæta á fundinn undir lið nr. 1.

Áður en gengið var til dagskrár sagði sveitarstjóri frá fundi bæjar - og sveitarstjóra sem fyrirhugaður er 2. - 4. maí að Hótel Fljótshlíð, gestgjafar eru Rangárþings eystra og Rangárþings ytra.

1. Ársreikningar 2012 ásamt sundurliðunum og endurskoðunarskýrslu til fyrri umræðu.  
Einar Sveinbjörnsson, lögg. endurskoðandi mætir á fundinn undir þessum lið og leggur fram og kynnir ársreikningana.

*Arsreikningunum vísað til síðari umræðu.*

**2. Fundargerðir hreppsráðs:**

2.1 31. fundur 26.04.13.

Liðir nr. 9.1 og 9.2 á dagskrá hreppsráðs 26.04.13 teknir fyrir sérstaklega:

2.3 Samband ísl. sveitarfélaga, 11.04.13, umsögn um fjallskilaálagningu.

*Fram kemur í umsögn frá lögfraðisviði Sambands ísl. sveitarfélaga að ekki sé mögulegt að undanskilja einstaka gjaldendur frá greiðslu fjallskilagjalda að hluta eða öllu leyti vegna ákvæða í Fjallskilasamþykkt Rangárvallasýslu.*

*Lagt er til að málið verði tekið fyrir samhliða vinnu við endurskoðun á Fjallskilasamþykkt sýslunnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

2.4 Foreldrafélag Heklukots, 09.04.13, óánægja með sumarlokun leikskólans 2013.

*Sveitarstjórnin þakkar foreldrafélagini fyrir ábendingar um sumarlokanir. Reynt verður eftir því sem unnt er að koma til móts við óskir sem flestra foreldra en aldrei verður þó haegt að uppfylla ýtrrustu óskir allra. Stjórnendur leikskólanna munu reyna að hafa ákvarðanir um sumarlokanir þeirra tilbúnar fyrr en verið hefur á þessu ári og undangengnum árum svo foreldrar hafi lengri tíma til að undirbúa sig.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP,MHJ,ST).*

*Bókun Á-lista:*

*"Visað er til bókunar Guðfinnu Þorvaldsdóttur við lið 9.2. Með bréfi frá foreldrafélagi Heklukots er staðfest að samráð við félagið var ekkert um lokun leikskólans og tillögur þess að engu hafðar og er ekki sú stjórnsvýsla sem Á-listi vill ástunda".*

*Fundargerðin að öðru leyti staðfest með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST).*

Samþykkt samhljóða að færa lið 4 á undan lið 3.



3. **Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**
  - 3.1 3. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 22.04.13, í tveimur liðum.
  - 3.2 58. fundur stjórnar Félagsþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., 23.04.13, í þremur liðum.
  - 3.3 Félagsþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs., aðalfundur 23.04.13 í sjö liðum.
4. Tillaga að samþykkt um fráveitu og meðhöndlun seyru í Rangárþingi ytra til fyrri umræðu.

*Visað til hreppsráðs og samgöngu- umhverfis- og hálandisnefndar til yfirferðar og farið fram á að nefndirnar skili álti sínu fyrir sumarleyfi sveitarstjórnar.*

*Samþykkt samhljóða.*

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson oddviti víkur af fundi kl. 18.10 og sæti hans tekur Sigríður Th. Kristinsdóttir.

5. **Annað efni til kynningar:**
  - 5.1 Viljayfirlýsing velferðarráðherra, sveitarstjóra og oddvita Ásahrepps, dags. 23.04.13, um fjármögnun viðbyggingar við Lund, hjúkrunar- og dvalarheimili.

*Sveitarstjórn fagnar viljayfirlýsingu varðandi áframhaldandi uppyggingu á Lundi.*

  - 5.2 HSK 04.04.13, tilmæli til sveitarfélaga frá 91. Héraðsþingi HSK í mars 2013.
  - 5.3 Samkeppniseftirlitið v. erindis Gámaþjónustunnar hf., 03.04.13.
  - 5.4 JP lögmenn, Óskar Sig. hrl., 24.04.13, svar f.h. Sorpstöðvar Suðurlands bs. til Samkeppniseftirlitsins.

Fundargerðin yfirfarin og staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.50.



## Rangárbings ytra

49. fundur hreppsnefndar Rangárbings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, föstudaginn 7. júní 2013, kl. 13.00.

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson og Guðfinna Þorvaldsdóttir. Einnig situr fundinn Drifa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fundinn kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Bókun Á-lista um dagskrá fundarins:

“Það vekur athygli fulltrúa Á-lista að verulega vantar upp á dagskrá fundarins.

- Svar velferðarráðuneytisins um málefni Suðurlandsvegar 1-3 ehf. sem send voru ráðuneyti til álitsgerðar í desember 2011 eru ekki tekin fyrir.
- Fundargerð fræðslunefndar frá 15. maí 2013 er ekki tekin fyrir, en á þeim fundi var skýrsla vinnuhóps um tölfræðilegar upplýsingar um rekstur grunnskólana kynnt.
- Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar vantar á fundinn en sá fundur fór fram þann 15. maí síðastliðinn.
- Einnig vantar vikugamla fundargerð skipulagsnefndar frá 31. maí 2013. Það er sérstaklega bagalegt fyrir þá sem bíða staðfestingar sveitarstjórnar á afgreiðslu skipulagsmála.

Að okkar mati þurfa að liggja fyrir verulega veigamiklar ástæður fyrir því að fundargerðir svo mikilvægra nefnda séu ekki settar á dagskrá svo fljótt sem verða má og er þar vísað í málshraðareglur stjórnsýslulaga. Oddvita, Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, var fullkunnugt um að fundargerð skipulagsnefndar væri tilbúin þar sem hann sat sjálfur fund nefndarinnar. Að auki vekur það furðu okkar Á-lista fulltrúa að þegar svo mörg mál bíða afgreiðslu sbr. upplýsingar frá oddvita um aukafund sem halda á mjög fljótlega, afhverju þau eru ekki á dagskrá nú.”

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson

Bókun meirihluta:

Oddviti þarf á hverjum tíma að ákveða hvaða liðir eru settir á dagskrá funda sveitarstjórnar. Þó að ákveðnir liðir lendi á aukafundi vegna fyrilliggjandi málafjölda er ekki um neina óeðlilega töf á afgreiðslu mála eða fundargerða að ræða og er aðdróttun um slíkt harðlega mótmælt.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson.

## FUNDARGERÐ

1. Kosning hreppsráðs til eins árs, þrír aðalmenn og þrír varamenn.

Tillaga um aðalmenn:

Frá meirihluta:  
Þorgils Torfi Jónsson  
Anna María Kristjánsdóttir

Frá minnihluta:  
Guðfinna Þorvaldsdóttir

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,ST)*

Tillaga um varamenn:



Frá meirihluta:  
Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir  
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson

Frá minnihluta:  
Magnús H. Jóhannsson

*Samþykkt samhljóða*

Tillaga lögð fram um að Þorgils Torfi Jónsson verði formaður og Anna María Kristjánsdóttir verði varaformaður.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP, MHJ, ST)*

**2. Fundargerðir hreppsráðs:**

02.1 32. fundur, 16.05.13, í fimm liðum.

*Fundargerðin staðfest*

**3. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**

Engar fundargerðir lagðar fram á þessum fundi.

**4. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 4.1 4. fundur í félagsmálaneftnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu, 27.05.13, í tveimur liðum.
- 4.2 34. fundur í stjórn Brunavarma Rangárvallasýslu bs., 22.05.13, í einum lið.
- 4.3 Brunavarnir Rangárvallasýslu bs., aðalfundur 22.05.13, í sjö liðum.
- 4.4 149. fundur í stjórn Skólastkrifstofu Suðurlands, 03.06.13, í tveimur liðum.
- 4.5 150. fundur í Heilbrigðisneftnd Suðurlands, 22.05.13 í 10 liðum.
- 4.6 226. fundur í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs., 21.05.13, í níu liðum.
- 4.7 467. fundur í stjórn SASS, 30.05.13, í átta liðum.
- 4.8 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs., aðalfundur 22.05.13, í sex liðum.
  - 4.8.1 Mannvit 16.05.13, upplýsingar vegna urðunar að Strönd hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

**5. Starfshlutfall oddvita - tillaga.**

Tillaga um breytingu á tímabundnu starfshlutfalli oddvita, lögð fram á fundi hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. júní 2013:

Lagt er til að fast starfshlutfall oddvita verði frá og með 1. júní 2013 sama og reglur um kjör kjörinna fulltrúa gerir ráð fyrir eða 30%. Önnur kjör verði samkvæmt sömu reglum. Þetta gildir þangað til annað verður ákveðið.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir.

*Samþykkt samhljóða*

Bókun Á-lista: "Það verður að teljast merkilegt að ákvörðun frá 1. mars 2013 um að færa starfshlutfall oddvita í 100% í átta mánuði eða til 31. október 2013, sé nú dregin til baka þremur mánuðum síðar. Fulltrúar Á-lista lögðu fram tillögu þann 11. apríl, um að færa starfshlutfallið til fyrra horfs til samræmis við samþykktir sveitarfélagsins. Tillagan var þá fellid. Nú er sama tillaga borin upp aftur og samþykkt. Bendum við á að átta mánaða áætlun sem meirihlutinn lagði upp með var greinilega ofáætluð svo ekki sé meira sagt."

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Steindór Tómasson



6. Börn fædd árið 2000, 27.05.13, áskorun um mögulega þátttöku í vinnuskóla sveitarfélagsins.

Lagt er til að sveitarstjóri og forstöðumaður Umhverfis-, eigna- og tækniði kanni hvort möguleiki sé á námskeiði eða öðru sem tengdist vinnuskólanum fyrir þennan aldurshóp og skili tillögu sem fyrst.

*Samþykkt samhljóða*

7. Elimar Helgi Sigurbjargarson, 30.05.13, beiðni um samning um refaveiðar í Holtum og í Landsveit.

Tillaga Á-lista: Á listi leggur til að Rangárþing ytra gangi þegar til samninga við veiðimenn sem hafa verið með lausa samninga um refaveiðar, svo sem þurfa þykir í sveitarfélagini.

Greinargerð: Ágangur vargs niður í byggð í sveitarfélagini hefur farið vaxandi á undanförnum árum og er svo komið að refir hafa leitað á sauðfé heim við bæi. Sem dæmi, hafa greni verið unnin heim við bæi. Undanfarin ár hefur verið sótt að ráðuneyti með fyrirspurn sem hefur ekki enn verið svarað. Erindið var efnislega um hvort ríkið ætti ekki að taka þátt í þeim kostnaði sem til fellur við veiðar á ref en ríkið leggur þær skyldur á sveitarfélög að stemma stigu við fjölgun refa og minka. Ríkið hætti einhliða að greiða niður kostnað við unnin ref á móti sveitarfélögum, en greiðir áfram vegna minkaveiða á móti sveitarfélögum. Héraðsnefnd Rangæringa ákvað á fundi sínum að kanna með samstarf sveitarfélaga í sýslunni er varðar aðgerðir til að standa að refa og minka veiðum en ekki er kunnugt hvar sú vinna stendur. Með því að ganga til samninga við veiðimenn, tekur sveitarfélagið frumkvæði í málinu. Vonandi verður það til þess að koma skriði á viðræður við ríkið og samstarfshóp sveitarfélaganna í sýslunni.

Guðfinna Þorvaldsdóttir

Magnús H. Jóhannsson

Steindór Tómasson

*Sveitarstjórn sameinast um að sveitarstjóra verði falið að ganga til tímabundinna samninga við veiðimenn og móta tillögu um samningana í samræmi við umræður á fundinum.*

8. Lánaþjóður sveitarfélaga, samþykkt um lánveitingu á árinu 2013.

8.1 Fyrirmynnd að beiðni um útborgun láns, 15.05.13.

8.2 Innfærsla í fundargerð 49. fundar hreppsnefndar Rangárþings ytra þ. 7. júní 2013.

8.3 Lánssamningur við Lánaþjóð sveitarfélaga, vegna lántöku 2013, 15.05.13, lagður fram til afgreiðslu.

Stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga hefur heimilað lánveitingu til Rangárþings ytra á yfirstandandi ári að fjárhæð kr. 95.700.000. Eftirfarandi er samþykkt sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn Rangárþings ytra, samþykkir hér með að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð 95.700.000 kr. til 21 árs, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna endurbætur á húsnæði grunnskóla auk endurfjármögnumnar á hluta af aðborgunum ársins til LS, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Drífu Hjartardóttur, sveitarstjóra, kt. 010250-2509, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Rangárþings ytra að undirrita lánssamning við Lánaþjóð sveitarfélaga ohf. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Tekið var fundarhlé kl. 14.04 að beiðni Á lista.

Fundur hófst aftur kl. 14.16.

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP, MHJ, ST)*

Tekið var fundarhlé kl. 14.17 að beiðni meirihluta.

Fundur hófst aftur kl. 14.31



9. Aukafundur í hreppsnefnd, tillaga lögð fram á fundinum.

Lagt er til að fundi í Hreppsráði verði flýtt til 13.06.13, kl. 9.00.

Hreppsráði falin fullnaðarafgreiðsla á þeim málum sem fyrir liggja í samræmi við umræður á fundinum og brýnt er að afgreiða sem fyrst.

*Samþykkt samhljóða.*

10. **Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

10.1 Neslundur ehf., 30.05.13, aðalfundarboð vegna aðalfundar 06.06.13.

10.2 Samband ísl. sveitarfélaga og KÍ, 31.05.13, ráðstefna um hæfnismiðað námsmat 30.08.13.

10.3 Veiðifélag Eystri-Rangár, 01.06.13, aðalfundarboð vegna aðalfundar 11.06.13.

Tillaga er um að sveitarstjóri fari með atkvæði sveitarfélagsins .

*Samþykkt samhljóða.*

10.4 HSK, 23.05.13, umsókn um styrk vegna Landsmóts 2013.

*Samþykkt að veita HSK umbeðinn styrk vegna landsmóts UMFÍ.*

11. **Annað efni til kynningar:**

11.1 Samband ísl. sveitarfélaga 31.05.13, um nýsköpunarverðlaun 2014.

11.2 Sjóvá vátryggingarfélag hf., 24.05.13, um vátryggingar sveitarfélagsins.

11.3 Samband ísl. sveitarfélaga, 30.05.13, leiðbeiningar um viðauka við fjárhagsáætlun.

11.4 Landgræðsla ríkisins, 28.05.13, ársskýrsla 2012.

11.5 Ýmsir aðilar 27.05.13, Framtíðarþing um farsæla öldrun - lokaskýrsla 2013.

11.5.1 Fylgiskjal frá Gyðu Hjartardóttur með lokaskýrslu um farsæla öldrun 2013.

11.6 Hagsmunasamtök heimilanna, 24.05.13, opið bréf til allra sveitarstjórnar.

11.7 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 21.05.13, dagur íslenskrar náttúru.

11.8 Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum, fundargerð 17.05.13, í þremur liðum.

11.9 Samband ísl. sveitarfélaga, Lögfræðisvið 30.05.13, svar vegna álitsbeiðni um nauðungarupp boð.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.24



## Rangárþing ytra

51. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra, á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3 á Hellu, fóstudaginn 6. september 2013, kl. 13.00.

### Fundargerð

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varamaður Steindórs Tómassonar. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund kl. 13.00 og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti gera grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

**1. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:**  
1.1 149. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu 23.08.13 í fjórum liðum.

*Til kynningar.*

1.2 6. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla - og Vestur Skaftafelssýslu 26.08.13 í tveimur liðum.

*Fundargerð staðfest.*

1.2.1 Reglur um sérstakar húsaleigubætur.

*Afgreiðslu frestað og vísað til hreppsráðs til fullnaðar afgreiðslu.  
Samþykkt samhljóða.*

**2. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

- 2.1 Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum í þremur liðum.
- 2.2 152. fundur stjórnar Skólastkrifstofu Suðurlands 23.08.13 einn liður.
- 2.3 Aukaaðalfundur Skólastkrifstofu Suðurlands 23.08.13.
- 2.4 153. fundur Skólastkrifstofu Suðurlands 28.08.13 í tveimur liðum.
- 2.5 20. stjórnarfundur á Lundi 16.08.13, í fimm liðum.
- 2.6 21. stjórnarfundur á Lundi 30.08.13, í tveimur liðum.
- 2.7 Hönnunarfundur Sorpstöðvar Rangáeinga 28.08.13 í þremur liðum.
- 2.8 Aðalfundur- Vottunarstofan Tún 30.08.13 í 13 liðum.

**3. 3.1 Kosning fulltrúa í Félags-skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafelssýslu.**

*Aðalfulltrúi Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir og varafulltrúi Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.*

*Samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír sitja hjá (GP,MHJ,MHG)*

**3.2 Skipan í vinnuhóp fyrir Landmannalaugar.**

*Aðalfulltrúar Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Kristinn Guðnason og Steindór Tómasson.  
Til vara Sigurgeir Guðmundsson og Magnús Hrafn Jóhannsson.  
Samþykkt samhljóða.*

**3.3 Umhverfisstofnun 08.07.13 beiðni um tilnefningu fulltrúa í vinnuhóp vegna friðlysingar.**

*Tillaga meirihluta :Aðalfulltrúi Sigurgeir Guðmundsson og varafulltrúi Kristinn Guðnason.*

*Tillaga Á lista: Aðalfulltrúi Magnús H Jóhannsson og varafulltrúi Sigurgeir Guðmundsson.*

*Tillaga meirihluta samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti(GP,MHJ,MHG).*

- 4. 4.1 Samtök sunnlenskra sveitarfélaga 22.08.13 - tillaga að samþykktum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2013.**
- 4.2 Samtök sunnlenskra sveitarfélaga 22.08.13 - Samþykktir SASS - Samþykkt á aðalfundi SASS 19. október 2012.**



Afgreiðslu frestað og tillagan verður tekin til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar 16. september kl. 16.30.

5. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Rangárþings ytra önnur umræða.

Afgreiðslu frestað og tillagan verður tekin til umræðu á vinnufundi sveitarstjórnar 16. september kl. 16.30.

6. Samþykkt um fráveit og meðhöndlun seyru í Rangárþingi ytra önnur umræða.

Afgreiðslu frestað og tillagan verður tekin til umræðu á vinnufundi hreppsráðs umhverfis-samgöngu og hálandisnefndar og starfsmönnum sveitarfélagsins sem tilnefndir voru.

7. Nágrannavarsla.

Tillaga um að áfallinn kostnaður kr. 405.118, verði greiddur.

Breytingartillaga Á-lista: Gerð er tillaga um að greiða helming af 250 þúsund króna kostnaði vegna sérfræðiþjónustu fyrirlésara. Annan kostnað greiði VÍS enda eru límmiðar og skilti auglýsing fyrir fyrirtækið.

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

Breytingartillagan er feld með fjórum atkvæðum (GIG, MÝS, PTJ, AMK).

Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, þrír á móti (GP, MHJ, MHJ).

**Bókun Á-lista:** Fulltrúar Á-lista gera athugasemdir við stjórnsýslu varðandi utanumhald og kostnað við nágrannavörslu. Eins og kunnugt er samþykktu fulltrúar Á-lista að fara í að "auka skipulagningu á nágrannavörslu á Hellu og öðrum byggðarkjörnum sveitarfélagsins" skv. tillögu D-lista. Oddvita D-lista, Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, og þáverandi formanni hreppsráðs, Margréti Ýrr Sigurgeirs dóttur, var falið að vinna að málinu. Ekkert fréttist af málinu fyrr en að VÍS var alli í einu orðið samstarfsaðili án samnings þar um. Ekki hefur komið fram að leitað hafi verið til annarra aðila í sama geira. Nú er kostnaður upp á rúmar 400 þúsund krónur lagður fram og ætlast til að samþykkt verði að sveitarfélagið greiði þann kostnað. Fulltrúar Á-lista taka ekki þátt í svona vinnubrögðum og gera einnig alvarlegar athugasemdir við það að VÍS bjóðist til að fella niður kostnað ef vátryggingafélagið fær vátryggingapakka sveitarfélagsins sem nú stendur til að bjóða út. Það getur varla talist eðlilegir viðskiptahættir að opinber aðili eins og sveitarfélagið geti gengið að þannig kjörum.

Guðfinna Þorvaldsdóttir  
Magnús H. Jóhannsson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir

**Bókun meirihluta:** Í upphafi var öllum sveitarstjórnarmönnum ljóst að brýnt verkefni eins og nágrannavarsla mundi koma til með að leiða til kostnaðar fyrir sveitarfélagið. Vegna samstarfs við VÍS hf. um tryggingar sveitarfélagsins var leitað eftir sérfræðipekkingu þeirra um nágrannavörslu almennt.

Vegna hagsmuna sveitarfélagsins og til þess að tryggja algjört óhæði í komandi útboðsferli á sveitarstjórnartryggingum er lagt til að útlagður kostnaður verði greiddur og með því tryggt að engin slik hagsmunatengsl verði til staðar þegar mat verður lagt á tilboð i tryggingapakkann.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Anna María Kristjánsdóttir.

8. Fyrirspurnir frá Guðfinnu Þorvaldsdóttur fulltrúa Á lista frá hreppsráðsfundi 21.08.13.

- 8.1 Hönnun á Heilabilunardeild við Hjúkrunar- og dvalarheimilið á Hellu.

1. Hver kostnaður er varðandi hönnunar á heilabilunardeild sem greiddur hefur verið THG arkitektum frá upphafi.
2. Hver fyrirhugaður kostnaður vegna hönnunar á innréttингum sem getið er í fundargerðinni.
3. Hvort að leitað hafi verið tilboða í hönnun og ef svo er, á hvaða vettvangi?

Svar:

1. Samtals greitt vegna hönnunar á heilabilunardeild 13.388.911 með vsk.



2. Fyrirhugaður kostnaður liggur ekki fyrir, ekki búið að taka ákvörðun.

3. Ekki var leitað tilboða í hönnun. THG arkitektar kynntu upphaflega hugmyndir að þjónustuhverfi við Lund og teiknuðu drög að heilabilunardeild og kynntu þær fyrst fyrir Á-lista síðan íbáum, stjórn Lundar og sveitarstjórnarmönnum. Stjórn Lundar ákvað að fá þá til að gera umsókn í framkvæmdasjóðinn vegna brýnnar þarfar á að útrýma tvíbýlum þar sem þeir höfðu reynslu í slíku og áttu teikningar og annað sem þurfti að fylgja umsókn. Í kjölfarið þegar úthlutun úr framkvæmdasjóðnum fékkst og sáu þeir um hönnunina sem var langt komin.

**9. Fyrirspurnir fulltrúa Á lista:**

9.1 Voru keypt leiktæki í samræmi við tillögu íþróttar- og tómstundanefndar, sbr. 34. fundi sveitarstjórnar 6. sept 2012?

Svar:

*Leiktækin hafa verið keypt fyrir 2 mkr. og verða þau sett upp á næstu dögum.*

9.2 Hafa verið mótaðar reglur og skilgreint sérstakt svæði fyrir útimarkaði og sölutjöld/-vagna í samræmi við bókun sveitarstjórnar á 34. fundi sveitarstjórnar 2012?

*Petta hefur ekki verið gert.*

9.3 Hver er staða á ritun Hellusögu? Hvenær er áætlað að bókin verði tilbúin?

*Gert er ráð fyrir að ritun bókarinnar verði lokið fyrir áramót og hún undirbúin til prentunar vorið 2014.*

9.4 Hver er staða á gerð fjölskyldugarðs á Hellu í samræmi við bókun og tillögu þar um á 34. fundi sveitarstjórnar 2012?

*Gerð fjölskyldugarðs var ekki á fjárhagsáætlun ársins 2013.*

9.5 Hvernig standa mál varðandi úrvinnslu skráninga á hugmyndagátt sveitarfélagsins?

*Þrjú atriði hafa komið á hugmyndagáttina á þessu ári eftir að fólk gat farið að setja inn færslur nafnlaust á ný og þessi atriði munu verða tekin fyrir á hreppsráðsfundi.*

**10. Tillögur Á-lista:**

10.1 Sala fasteigna sveitarfélagsins

Tillaga: Sveitarstjóra falið að taka saman lánayfirlit og skilgreind kjör lána vegna Þrúðvangs 31 á Hellu og leggja fyrir næsta reglulega fund hreppsráðs.

*Samþykkt samhljóða.*

10.2 Aðstaða til fjarnáms

Tillaga: Sett verði upp aðstaða fyrir nemendur sem stunda fjarnám á framhalds- og háskólastigi í sveitarfélaginu. Helst er horft til nýtingar skólahúsnaðis á kvöldin og um helgar. Sveitarstjóra falið að taka saman mögulega kosti og leggja fyrir næsta fund hreppsráðs.

*Samþykkt samhljóða.*

10.3 Upplýsingarit um sveitarfélagið

Tillaga: Gert verði upplýsingarit um sveitarfélagið þar sem tekin verði saman þjónusta sem sveitarfélagið veitir. Fyrirtækjum sveitarfélagsins verði einnig boðin þátttaka til að kynna sig. Einnig að taka saman yfirlit yfir helstu viðburði ársins s.s. fyrirkomulag töðugjalfa og þorablóts. Bæklingurinn verði hugsaður fyrst og fremst til að auðvelda nýjum íbúum sveitarfélagsins að fóta sig á nýjum stað. Nauðsynlegt verður að huga að útgáfu á öðrum tungumálum en íslensku sem og framsetningu á heimasiðu sveitarfélagsins.

*Tillöggunni er vísad til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.*

*Samþykkt samhljóða.*

**11. Fundarboð, ráðstefnur, námskeið, þjónusta og umsóknir um styrki:**

11.1 Umsókn um styrk til Neyðarflutnings nám við Sjúkraflutningaskólann 19.08.13.

*Erindinu er hafnað.*

11.2 Landgræðsla ríkisins 14.08.13 ósk um heimild til að dreifa lífrænum áburði á lítt gróið land í eigu sveitarfélagsins.



*Samþykkt samhljóða.*

11.3 Thorp Consulting 26.08.13- Stöðugreining og árangursmat - boð um þjónustu.

*Til kynningar.*

11.4 Fundarboð upplýsingafundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs 10.09.13 kl. 14.00 í Hvoli Hvolsvelli.

*Til kynningar.*

**12. Annað efni til kynningar:**

- 12.1 Sorpstöð Suðurlands 21.08.13, drög að stofnsamningi Sorpu bs. 21.08.13.
- 12.2 Skýrsla um Sameiningu og samstarfsmöguleika Sorpu bs og Sorpstöðvar Suðurlands 21.08.13.
- 12.3 Samband Íslenskra sveitarfélaga 23.08.13 - Evrópsk lýðræðisvika í kringum 15. október.
- 12.4 Samband Íslenskra sveitarfélaga 30.05.13 - Nýsköpunarráðstefna 29.01.14.
- 12.5 Umhverfis og auðlindaráðuneytið 27.08.13 - Dagur Íslenskrar náttúru 19.09.13.
- 12.6 Landsvirkjun- vindmyllur 28.08.13
- 12.7 Evrópsk lýðræðisvika 2013 23.08.13
- 12.8 Eystri Rangá- veiðidagur fjölskyldunnar 08.09.13

**13. Stofnun hitaveitu á Baðsheiði, staða mála kynnt.**

Guðfinna Þorvaldsdóttir gerði grein fyrir þeiri vinnu sem unnin hefur verið í undirbúningshópi til stofnunar hitaveitu á Baðsheiði.

Bókun:

Félag um starfsemi hitaveitu á Baðsheiði er stofnað á grundvelli nýtingarleyfis Orkustofnunar frá 22. janúar 2013.

Félagið mun taka yfir alla núverandi samninga við notendur á heitu vatni úr borholu á Baðsheiði. Tilgangur félagsins er öflun, vinnsla og dreifing á heitu vatni og markmiðið er að afla meira vatns þannig að allir núverandi notendur og rétthafar geti haft aðgang að heitu vatni og að þeir þurfi ekki að vera víkjandi eins og kveðið er á í nágildandi samningum. Einnig verður möguleiki að bæta við nýjum notendum ef vel tekst til að afla meira vatns hjá félagini með þeim framkvæmidum sem fyrirhugaðar eru.

Sveitarstjóra og Guðfinnu Þorvaldsdóttur er falið að sjá um stofnun félagsins sem er áætlaður 17. september kl. 20:00 að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu. Þá jafnframt að leggja fram drög að samningi á milli væntanlegs félags og sveitarfélagsins þar sem fram kemur að hið nýja félag muni taka við núverandi samningum á heitu vatni á Baðsheiði og því sem þeim tilheyrir. Það verði gert í samráði við lögmann sveitarfélagsins og drögin lögð fyrir næsta fund hreppsráðs sem heimilt verði að fullafreiða málið.

Þá er sveitarstjóra og Guðfinnu falið samhliða að funda með oddvita Ásahrepps fyrir stofnuninn til að kynna stöðu málsins.

Tryggja þarf að nýtt félag taki yfir réttindi og skyldur Rangárþings ytra. Nýtt félag mun ganga frá samningum um auðlindagjald við landeigendur Stóra-Klofa og Litla- Klofa.

*Sveitarstjórn fagnar þessum áfanga og þakkar Guðfinnu Þorvaldsdóttur og sveitarstjóra fyrir góð störf að því að koma þessu máli í höfn.*

Fleira ekki gert, fundargerð yfirfarin og fundi slitið kl. 15.25.



## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

**53. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, föstudaginn 1. nóvember 2013, kl. 13.00.**

**Mættir:** Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson varamaður fyrir Önnu Maríu Kristjánsdóttur, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drifa Hjartardóttir, sveitarstjóri sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri leggur til að liður 2.3 í útsendri dagskrá færist og verður liður 3.8  
*Samþykkt samhljóða.*

og að liður 9.1 í útsendri dagskrá verði 9. liður fundarins og aðrir liðir endurnúmerist samkvæmt því.  
*Samþykkt samhljóða.*

Tillaga um að liður 7.1 verði liður 4

*Tillagan er feld, þrír greiða atkvæði með og fjórir á móti (GIG, PTJ, MÝS, IPG).*

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

#### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 37. fundur hreppsráðs, 18.10.13, í 12 liðum.

*Fundargerðin er staðfest.*

Bókun Á-lista: Ljóst er af minnisblaði aðalbókara að innkaupareglum sveitarfélagsins var ekki fylgt þegar keyptar voru tölvur fyrir Grunnskólann á Hellu. Innkaup voru gerð fyrir alls um 10 milljónir m/vsk króna án útboðs eða verðfyrirspurnar en í innkaupareglum segir að hafa þurfí útboð þegar vörukaup fara yfir um 4,4 milljónir króna m/vsk. Sveitarstjóri ber höfuðabyrgð, enda í verkahring sveitarstjóra að skrifa upp á og ábyrgjast öll innkaup sem eru hærrí en kr. 400 þús. Ef undirmönnum sveitarstjóra er óljóst um hvaða reglur gilda, er það í verkahring sveitarstjóra að kynna þær og sjá til þess að eftir þeim sé farið. Guðfinna Þorvaldsdóttir Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Bókun fulltrúa D-lista:

Um tvö aðskilin mál er að ræða: Annars vegar er um að ræða endurnýjun á tölvum nemenda sem ákveðið var að taka á rekstrarleigu hjá TRS að undangenginni könnun á hagkvæmustu leiðum. Hins vegar var um að ræða kaup á spjaldtölvum fyrir kennara. Hagstætt tilboð fékkst frá innflytjanda á slíkum búnaði og var því tekið. Heildarfjárhæð þeirra kaupa fór lítillega fram úr viðmiðunartölö í innkaupareglum varðandi útboð og hefur sveitarstjóri vísað ábyrgð á því á sínar hendur. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Þorgils Torfi Jónsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson.

Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir tekur ekki þátt í umræðu undir þessum lið vegna vanhæfis.

1.2 1. vinnufundur hreppsráðs við gerð fjárhagsáætlunar 2014, í níu liðum.

*Til kynningar*

1.3 2. vinnufundur hreppsráðs við gerð fjárhagsáætlunar 2014, í tveimur liðum.

*Til kynningar*

#### 2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 63. fundur skipulagsnefndar, 23.10.13, í 13 liðum.

## Landskipti og stofnun lóða

1. 1310053 - Dísukot, landskipti

Dísukot spilda A (Gljábær), landnr. 221871 verður 24.421 m<sup>2</sup> og Dísukot spilda B+C, landnr. 221872 verður 91.051 m<sup>2</sup> að stærð.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við landskiptin.

## Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

### Afgreiðsla skipulagsmála

2. 1304039 - Hellar í Landsveit, land B, Ásgarður, landnr. 218373, Deiliskipulag

Skipulagsnefnd telur að styrkja þurfi byggð í dreifbýli, m.a. til að auka hagkvæmi þeirrar þjónustu sem nú er fyrir hendi. Með því að nýta þau landsvæði sem ekki geta skilgreinst sem góð landbúnaðarsvæði er komið til móts við þau markmið. Flestir landeigendur hafa áform um uppgræðslu eða jafnvel skógrækt á slíkum svæðum og telur skipulagsnefnd brýnt að komið verði til móts við þá landeigendur sem vilja stunda smábúskap á jörðum sínum í sátt við annan landbúnað á svæðinu. Skipulagsnefnd samþykkir því tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að senda málið til lokaafgreiðslu og til birtingar í B-deild stjórnartíðinda.

## Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

3. 1310039 - Búðarhálsvirkjun og Búðarháslína 1, beiðni um umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi

Ásahrepur óskar umsagnar vegna breytinga á deiliskipulagi við stöðvarhússvæði Búðarhálsvirkjunar. Lögð er fram tillaga að breytingu. Breytingarnar fela í sér að afmörkuð er lóð undir stöðvarhús, 8,6 ha að stærð. Jafnframt er afmörkuð lóð undir tengivirkni, 0,7 ha að stærð. Einnig er helgunarsvæði Búðarháslínu 1 stytt lítillega og látið ná yfir tengivirknið en ekki stöðvarhúsið eins og áður. Sultartangalon er aðlagað að breyttri lögum losunarsvæðanna.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi breytingar.

## Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

4. 1302042 - Vindmyllur í Þykkvabæ br ASK

Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á aðalskipulagi gagnvart landnotkun norðan Þykkvabæjar, þar sem reisa á vindmyllur til orkuöflunar. Tillagan var auglýst frá og með 24.8.2013 til og með 10.10.2013. Nokkrar athugasemdir bárust frá umsagnaraðilum og er þeim hér svarað.

Umsagnir vegna útsendrar tillögu bárust frá Vegagerðinni, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Póst- og fjarskiptastofnun, Fuglavernd og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við öllum athugasemendum og ábendingum sem borist hafa. Í samræmi við athugasemdir Fuglaverndarfélagsins og Náttúrufræðistofunnar hefur verið gerð breyting á tillögu á breyttu aðalskipulagi og gert er ráð fyrir vöktun vegna hættu á áflugi farfugla fyrstu rektsrarárin. Lagfæringar hafa verið gerðar á uppdrætti og greinargerð og telur skipulagsnefndin að þær lagfæringar hafi ekki áhrif á fyrirliggjandi tillögu í grundavallraratriðum.

Því leggur skipulagsnefndin til að tillagan verði afgreidd skv. 2. mgr. 32. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og send Skipulagsstofnun.

## Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

5. 1308012 - Þykkvibær, vindmyllur, deiliskipulag

Biokraft ehf hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja iðnaðarsvæði norðan þéttbýlis við Þykkvabæ. Deiliskipulagið var auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra.

Nokkrar athugasemdir komu og verður þeim svarað hér.

Umsagnir vegna útsendrar tillögu bárust frá Vegagerðinni, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Póst- og fjarskiptastofnun, Fuglavernd og Náttúrufræðistofnun Íslands. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við öllum athugasemendum og ábendingum sem borist hafa. Í samræmi við athugasemdir Fuglaverndarfélagsins og Náttúrufræðistofunnar hefur verið gerð breyting á tillögu á breyttu aðalskipulagi og gert er ráð fyrir vöktun vegna hættu á áflugi farfugla fyrstu rektsrarárin. Lagfæringar hafa verið gerðar á uppdrætti og greinargerð og telur skipulagsnefndin að þær lagfæringar hafi ekki áhrif á fyrirliggjandi tillögu í grundavallraratriðum.

Því leggur skipulagsnefnd til að tillagan verði afgreidd skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

## Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

6. 1310043 - Hallstún, vestan Landvegar. Breyting á aðalskipulagi.

Karl Hermannsson hefur óskað eftir því að gerð verði breyting á aðalskipulagi í landi sínu úr landi Hallstúns, vegna flokkunar landnotkunar.

Svæðinu var breytt úr landbúnaðarlandi í frístundalandi við endurskoðun á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og landeigendur telja að gengið hafi verið framhjá þeim í þeim gjörningi.

Skipulagsnefnd samþykkir að verða við beiðni umsækjanda og felur skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022, þar sem landnotkun tiltekins svæðis úr landi Hallstúns verði breytt til baka úr

frístundasvæði lí andbúnaðarsvæði til að koma til móts við landeigendur á svæðinu. Skipulagsfulltrúa er falið að ræða við landeigendur á svæðinu.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

##### 7. 1310045 - Hallstún, landnr. 203907, deiliskipulag

Þorsteinn J. Karlsson hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja land sitt úr landi Hallstúns. Deiliskipulagið tekur til um 3 ha svæðis úr landnr. 203907. Skipulagið tekur til byggingarreita fyrir tvö frístundahús auk byggingarreits fyrir skemmu. Deiliskipulagið hefur verið í vinnslu frá árinu 2010, ekki fengið lokameðferð og verður því að hefja ferli að nýju. Skipulagsnefnd samþykkir að endurauglýsa tillöguna skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

##### 8. 1310041 - Melbær, (Holt), í landi Hallstúns, deiliskipulag

Ragnhildur Sigurðardóttir hefur fengið heimild sveitastjórnar til að deiliskipuleggja land sitt, Melbær í landi Hallstúns. Deiliskipulagið hefur verið í vinnslu frá byrjun ársins 2011, ekki fengið lokameðferð og verður því að hefja ferli að nýju. Skipulagsnefnd telur að breyta þurfi aðalskipulagi til að verða við óskum umsækjanda. Núverandi landnotkun á tilteknu svæði er landbúnaðarsvæði sem breyta þarf í frístundasvæði. Skipulagsnefnd felur því skipulagsfulltrúa að hefja vinnu við breytingar á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem hluta svæðisins verði breytt úr landbúnaðarnotkun í frístundasvæði. Jafnframt verði tillagan að deiliskipulaginu endurauglýst samhliða breytingunni á aðalskipulaginu.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

##### 9. 1309029 - Minnkun vatnsverndarsvæðis við Keldur á Rangárvöllum.

Rangárþing ytra hefur samþykkt að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Gert er ráð fyrir breytingu á afmörkun vatnsverndarsvæða ofan byggðar á Rangárvöllum. Einnig er gert ráð fyrir að vernd á nokkrum lindum verði felld niður. Lögð er fram lýsing að skipulagsáætlunum.

Skipulagsnefnd samþykkir framkomna lýsingu og leggur til að hún verði kynnt skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar.

##### 10. 1306037 - Álfaskeið úr landi Haukadals, deiliskipulag

Þráinn Hauksson fyrir hönd landeiganda fékk heimild til að deiliskipulag fyrir Álfaskeið yrði sett í skipulagsmeðferð. Málið var fyrst tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar 6. janúar 2011 þar sem skipulagsnefnd samþykkti tillöguna til auglýsingar. Tillagan fór í auglýsingu frá 19. janúar 2011 til og með 1. mars 2011. Athugasemdir bárust frá landeigendum í Haukadal varðandi samráð um skipulagið. Snérust athugasemdir um aðkomu og vatnsmál. Einnig barst athugasemd frá Vegagerðinni vegna tengingar inná svæðið. Búið er að afgreiða athugasemdir og svara þeim. Tillagan var síðast tekin fyrir á fundi skipulagsnefndar 19. júlí 2012 og samþykkt. Hreppsráð staðfesti niðurstöðu skipulagsnefndar á fundi sínum sama dag. Málið var aftur tekið fyrir á fundi skipulagsnefndar 27.9.2013 þar sem málínu var frestað þar sem vantaði að sýna vatnsból á uppdrætti skv. athugasemd frá Heilbrigðiseftirliti, ásamt því að athugasemd kom frá nærliggjandi landeiganda um fyrirhuguð áform vegna nýtingar vatnsbólsins.

Skipulagsnefnd telur að búið sé að koma til móts við athugasemdir og að uppdráttur hafi verið lagfærður með hliðsjón af þeim. Skipulagsnefnd samþykkir því fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

##### Heimild til skipulagsgerðar

##### 11. 1310003 - Smávirkjun við Laufafell

Þórhallur Ólafsson fyrir hönd Neyðarlínunnar ohf óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna byggingar á vatnsafsvirkjun til reksturs fjarskiptastöðvar þeira við Laufafell.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áform umsækjanda að svo stöddu og leggur því til að veitt verði framkvæmdaleyfi að undangenginni deiliskipulagsgerð fyrir umrætt svæði. Þar sem svæðið er innan þjóðlendu þarf einnig samþykki landeiganda sem er íslenska ríkið.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

##### 12. 1310052 - Hagi lóð, landnr. 165261, deiliskipulag

Ingimundur Gíslason óskar heimildar til að deiliskipuleggja lóð sína, landnr. 165216 úr landi Haga við Gíslholtsvatn. Lóðin er 1,5 ha að stærð og gert er ráð fyrir að skipta henni í 3 parta þar sem heimilt yrði að byggja sumarbústað á hverri lóð.

Skipulagsnefnd leggur til að veitt verði heimild til deiliskipulags og að ekki sé þörf á lýsingu þar sem tillagan samræmist ákvæðum aðalskipulags. Hafa ber í huga að óska þarf undanþágu vegna fjarlægðar frá vatni og vegini.

#### Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

## **Almenn mál**

### **13. 1310051 - Malartekja í Ytri Rangá**

Heilbrigðiseftriltir Suðurlands óskar eftir upplýsingum um verulegt efnisnám úr ytri-Rangá.

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að senda bréf til landeigenda meðfram ytri-Rangá, þar sem bent verði á mikilvægi þess að fara að skipulagslögum og leiðbeina um ákvæði þeirra. Jafnframt verði sett auglýsing í Búkolu og á heimasíðu sveitarfélgsins.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

2.2 10. fundur atvinnu- og menningarmálnefndar, 21.10.13, í fimm liðum.

*Fundargerðin staðfest*

### **3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 155. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 01.10.13, í einum lið.

*Til kynningar.*

3.2 156. fundur stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands, 23.10.13, í einum lið.

*Til kynningar.*

3.3 2. fundur stjórnar Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu 16.10.13, í sex liðum.

*Til kynningar*

3.4 230. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs., 10.10.13, í einum lið.

*Til kynningar*

3.5 35. fundur Brunavarna Rangárvallasýslu bs., 22.10.13, í fjórum liðum.

*Til kynningar*

3.6 471. fundur stjórnar SASS, 17.10.13, í tveimur liðum.

*Til kynningar*

3.7 472. fundur stjórnar SASS, 23.10.13, í þremur liðum.

*Til kynningar*

3.8 27. fundur stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps, 23.10.13, í fimm liðum.

*Til kynningar*

4. Tillaga að samþykkt um stjórn Rangárþings ytra, framhald síðari umræðu.

*Afgreiðslu frestað til næsta fundar og Guðmundi Inga Gunnlaugssyni, oddvita og Guðfinnu Þorvaldsdóttur falið að vinna áfram að málinu.*

### **5. Tillögur frá Á lista:**

5.1 Nýtt húsnæði fyrir þjónustumiðstöð og tengd mál.

Tillaga: Lagt er til að kannað verði með kaup sveitarfélagsins á húsnæði að Dynskálum 36 fyrir starfsemi þjónustumiðstöðvar og Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. Ef um semst um flutning slökkviliðs, losnar húsnæðið á Laufskálum 2 sem nýta má fyrir verknámshús í samvinnu við Grunnskólann á Hellu.

*Greinargerð:*

Með kaupum á húsnæðinu fær þjónustumiðstöð framtíðarhúsnæði og brunavarnir betra aðgengi vegna starfseminnar þar sem greiðari leið er að þjóðvegi 1. Margsskonar hagræði vegna nálægðar við hús flugbjörgunarsveitar sem stjórnstöð í hamförum, blasir einnig við. Starfsemi og daglegur rekstur þjónustumiðstöðvar og brunavarna hentar betur á iðnaðarsvæði en inni í fbúðarhverfi. Með því að flytja smíðastofu í núverandi húsnæði slökkviliðs, fæst hentugt húsnæði fyrir smíðastofu til

dæmis vegna góðrar lofhæðar og betri loftræstingar. Þá losnar einnig pláss það sem nýtt er undir smíðastofur sem gæti t.d.nýst til stækkunar á þreksal eða fjölgunar á búningsklefum. Ýmsir möguleikar eru í nýtingu og miðar þessi tillaga að því að vera í senn hagkvæm og nytsoð. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

#### Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2014.

##### 5.2 Fjölskyldugarður á Hellu.

Tillaga: Lagt er til að á árinu 2014 verði fjármagni veitt til hugmynda- og hönnunarvinnu í anda við þá vinnu sem á sér stað við endurhönnun á skólalóð Heklukots, en þar eiga allir aðkomu, börn, foreldrar og starfsmenn leikskólans.

Greinargerð:

Á 36. fundi sveitarstjórnar 1. nóv. 2012 samþykkti sveitarstjórn samhljóða að hefja vinnu við gerð fjölskyldugarðs á Hellu. Óskað var eftir aðkomu nemenda og kennara við Grunnskólannn á Hellu um þróun verkefnisins. Eftir fund með þeim aðilum þar sem meðal annars kom fram að Fjölskyldugarðinum væri í engu stefnt gegn þeirri vinnu sem þegar hefur verið lögð í umrætt svæði vegna útikennslu, var almennt jákvæðni gagnvart verkefinu og allir opnir fyrir samvinnu. Líkt og segir í tillöggunni eiga allir aðkomu að hugmyndavinnu varðandi hönnun á garðinum sem er ætlað að verða fjölnota útisvæði með náttúrulegu landslagi fyrir heimafólk og gesti. Það er vænst mikils af samstarfi við skólann ef tillagan fær brautargengi.

#### Vísað til fjárhagsáætlunarvinnu 2014

##### 5.3 Lokun fyrir umferð á milli Laufskála og Útskála á Hellu.

Tillaga: Lagt er til að lokað verði fyrir umferð vélknúinna ökutækja fyrir endann á milli Laufskála og Útskála á Hellu.

Greinargerð: Umræddur vegbútur er ekki á skipulagi. Mikið ónæði skapast fyrir íbúa sem þarna búa þar sem það virðist vinsælt að láta reyna á kraft ökutækja og hæfni ökumanna á pessum stað og þá sérstaklega seitn á kvöldin. Með lokuninni skapast jafnframt möguleikar á að útbúa betri bílastæði fyrir starfsmenn skólans. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Ákveðið var á fundi forstöðumanna með sveitarstjóra fyrir nokkru að loka fyrir umferð á milli Laufskála og Útskála til reynslu.

Lögð er fram tillaga um að vísa tillöggunni til skipulagsnefndar sem falið er að skoða málið i samráði við alla hagsmunaaðila í samræmi við umræður á fundinum.

#### Samþykkt samhljóða.

Dagskráttillaga frá Á-lista um að 7. liður verði tekinn fyrir á undan.

Tillagan er feld, þrír greiða atkvæði með og fjórir á móti (GIG, PTJ, MÝS, IPG).

##### 6. Stjórnsýsla sveitarfélagsins - athugasemdir og fyrirspurnir til sveitarstjóra.

Tillaga Á-lista: Í ljósi erfiðrar verkefnastöðu á skrifstofu sveitarfélagsins, álags á skrifstofunni og að hugsanlega hafi verið staðið rangt að uppsögn starfsmannsins, leggjum við til að uppsögn hans verði dregin til baka, og honum veitt starfið a.m.k. út árið þar sem gert var ráð fyrir launum starfsmannsins út árið á fjárhagsáætlun 2013. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

Tillagan er feld, þrír greiða atkvæði með og fjórir á móti (GIG, PTJ, MÝS, IPG)

**Bókun Á-lista:** Þrennt skýtur skökku við: 1) Sveitarstjóri hefur marg sagt að skrifstofan sé alvarlega undirmönnuð, 2) gerðar eru tillögur að fjölgun starfa á skrifstofu í drögum að fjárhagsáætlun og 3) gert hefur verið ráð fyrir starfinu til loka árs 2013 skv. fjárhagsáætlun ársins. Það blasir við tækifæri til að léttu starfsmönnum róðurinn vegna álags og fjölda verkefna á skrifstofu sveitarfélagsins, sem meiri hluti sveitarstjórnar kys að hafna. Í staðinn munu verkefni hlaðast enn hraðar upp, álag á starfsmenn eykst og starfsánægja fer þverrandi og ljóst er að sveitarstjóri hefur ekki falið neinum öðrum þau verkefni sem fulltrúinn vann og þá færast þau verkefni sjálfkrafa á þá starfsmenn sem nú eru störfum hlaðnir í sínum föstu verkum. Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson, Steindór Tómasson.

##### 7. Erindi frá starfsmönnum á skrifstofu Rangárþings ytra, dagsett 28.10. 2013, varðandi starfsöryggi á skrifstofu sveitarfélagsins.

Tillaga Á-lista: Vegna staðhæfinga starfsmanna eftir starfsmannafund með sveitarstjóra 27. sept.sl. um að uppsögn starfsmannsins hafi verið á pólitiskum forsendum, leggjum við til að sveitarstjóra verði vikið tímabundið frá starfi á meðan rannsókuð er ástæða uppsagnar. Lagt er til að oddvitar Á og D lista boði starfsmenn til sín í viðtal og fari yfir málið. Niðurstöður rannsóknar verði kynntar á aukafundi sveitarstjórnar svo fljótt sem verða má. Ef þurfa þykir, verði óháður aðili fenginn að borðinu.

*Tillagan er feld, þrír greiða atkvæði með og fjórir á móti (GIG, PTJ, MYS, IPG).*

Sveitarstjórn áréttar að einungis var um að ræða að tímabundin heimild fyrir tilraunaverkefni á skrifstofu sveitarfélagsins var útrunnið 31. október sl. Sjálfkrafa féll þá út tímabundin ráðning starfsmanns sem vann að því verkefni. Engin áform eru um breytingar á stöðu fastráðinna starfsmanna.

*Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum og þrír á móti (GP, MHJ, ST).*

**8. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:**

- 8.1 Í þínnum sporum- Dagur gegn einelti 8. nóvember, 16.10.13.
- 8.2 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið - VIII. Umhverfishing 8. nóvember 2013 í Hörpu Reykjavík.
- 8.3 Sjálfbær sveitarfélög - málþing fimmtdaginn 7. nóvember á Cabin Hotel.
- 8.4 Rangárbaðkar ehf., kt. 691200-2130, 16.10.13 - beiðni um styrk á móti fasteignaskatti ársins 2013.

Rangárþökkum ehf. er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s. leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga- eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vék af fundi vegna vanhæfis.

*Samþykkt með fimm atkvæðum, einn situr hjá (ST)*

- 8.5 Rangárhöllin ehf., kt. 480807-1030, 16.10.13 - beiðni um styrk á móti fasteignaskatti ársins 2013.

Rangárhöllinni ehf. er veittur styrkur til greiðslu fasteignaskatts á árinu 2013 með því skilyrði að engin starfsemi sem rekin er í ágðaskyni fari fram í húsnæðinu, s.s.leiga á húsnæðinu á samkeppnismarkaði, veitinga-eða verslunarrekstur. Umsækjanda ber að sýna fram á að engin slík starfsemi fari fram í húsinu, eða þeim hluta þess sem sótt er um styrk fyrir, og verður styrkurinn greiddur að þessum skilyrðum uppfylltum. Forsendur fyrir útgreiðslu styrks eru að umsækjandi hafi greitt að fullu allar innheimtur sveitarfélagsins vegna fasteignagjalda.

Ingvar Pétur Guðbjörnsson vék af fundi vegna vanhæfis.

*Samþykkt með fimm atkvæðum, einn situr hjá (ST)*

- 8.6 Kvenfélagið Eining, Holtum- ósk um föst og endurgjaldslaus afnot af fundarsal á Laugalandi, dagsett 11.10.13.

*Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Eignaumsjónar til skoðunar og samráðs við hagsmunaaðila sem skili tillögu til sveitarstjórnar sem fyrst.*

- 8.7 Birta starfsendurhæfing Suðurlands, ársfundur 31. október 2013.

*Til kynningar*

- 8.8 Kvennaathvarf 29.10.13 umsókn um rekstrarstyrk 2014.

*Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu að þessu sinni.*

- 8.9 Leikfélag Rangæinga, 23.10.13 beiðni um styrk.

*Samþykkt samhljóða að vísa erindinu til Héraðsnefndar.*

- 8.10 Leikskólabörn Heklukoti 29.10.13 óska eftir að fá stjörnukíki fyrir leikskólann, svona kíkir er mjög gott kennslugagn.

*Sveitarstjórn þakkar frumlega umsókn til kaupa á stjörnukíki og samþykkir að heimila Leikskólanum Heklukoti að nýta rými innan fjárhagsáetlunar til kaupa á stjörnukíki.*

9. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, 23.10.13, bréf sent öllum sveitarfélögum og beiðni um upplýsingar.

Lagt er til að sveitarstjóri leiti til Einars Sveinbjörnssonar, löggilts endurskoðanda KPMG um að tekin verði saman greinargerð til svara á fyrirspurnum EFS.

*Samþykkt samhljóða.*

**10. Annað efni til kynningar:**

- 10.1 Landssamtókin Þroskahjálp, 17.10.13, ályktanir samþykktar á landsþingi Þroskahjálpar 11. og 12. október 2103.
- 10.2 Erindi Rangárþings ytra og Ásahrepps til fjárlaganefndar 29.10.13

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17.30.



## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

**54. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, fimmtudaginn 21. nóvember 2013, kl. 11.00.**

Mætt: Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig situr fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri og Klara Viðarsdóttir, aðalbókari, undir lið 1 - 6.

Samþykkt samhljóða að taka fyrir erindi frá Kvennakórnum Ljósbrá sem verður liður 7.2.

**1. Fundargerðir hreppsráðs:**

1.1 38. fundur hreppsráðs, 18.11.13, í einum lið.

Tillaga hreppsráðs að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er vísað til 6. liðar á dagskrá þessa fundar.

*Fundargerðin staðfest samhljóða.*

1.2 3. vinnufundur hreppsráðs, 30.10.13 í einum lið, til kynningar.

1.3 4. vinnufundur hreppsráðs, 6.11.13, í fjórum liðum, til kynningar.

1.4 5. vinnufundur hreppsráðs, 13.11.13, í þremur liðum, til kynningar.

1.5 6. vinnufundur hreppsráðs, 18.11.13, í einum lið, til kynningar.

**2. Tillögur að álagningarárþósentum, afsláttum og gjalðskrám 2014**

Lagt er til að eftirtaldar álagningarárþósentur, gjalðskrár og afsláttarreglur gildi fyrir árið 2014 í Rangárþingi ytra:

2.1 Útsvar: 14.48%

*Samþykkt samhljóða.*

|                          |                                       |
|--------------------------|---------------------------------------|
| Fasteignaskattur A verði | 0,39% af fasteignamati húss og lóðar. |
| Fasteignaskattur B verði | 1,32% af fasteignamati húss og lóðar  |
| Fasteignaskattur C verði | 1,55% af fasteignamati húss og lóðar  |
| Lóðarleiga verði         | 0,85% af fasteignamati húss og lóðar  |
| Vatnsgjald verði         | 0,25% af fasteignamati húss og lóðar  |
| Holræsagjald verði       | 0,22% af fasteignamati húss og lóðar  |

Gjalddagar fasteignaskatta, lóðarleigu, holræsagjalds og vatnsgjalds verði 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9 2014. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 35.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi; 1/5 2014. Einnig gefst aðilum kostur á að greiða fasteignagjöldin í einu lagi og skal gjalddagi vera eigi síðar en 1/6 2014. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði samkvæmt reglum sem samþykktar verða af sveitarstjórn.

Framangreindum tillögum að fasteignasköttum, fasteignagjöldum og tillögu að afsláttarreglum er vísað til afgreiðslu fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

*Samþykkt samhljóða.*

2.2 Tillögur að gjalðskrám íþróttamannvirkja á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ fyrir árið 2014.

Lagt er til að framlagðar tillögur að gjalðskrám fyrir íþróttamannvirki á Hellu, Laugalandi og í Þykkvabæ gildi fyrir árið 2014. Um efni tillagnanna er vísað til fundargagna.

Framangreindum tillögum er vísað til hreppsráðs til frekari vinnslu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

*Samþykkt samhljóða.*

2.3 Tillaga að gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs fyrir árið 2014.

Lagt er til að framlögð tillaga að gjaldskrá vegna meðhöndlunar og eyðingar úrgangs gildi fyrir árið 2014. Um efni tillögunnar er vísað til fundargagna.

Gjalddagar verði sömu og fasteignaskatta.

Framangreindri tillögu er vísað til hreppsráðs til frekari vinnslu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

*Samþykkt samhljóða.*

2.4 Tillaga að gjaldskrá fyrir Heklukot og Leikskólann á Laugalandi.

Lagt er til að framlögð tillaga að gjaldskrá fyrir leikskólana í Rangárþingi ytra gildi fyrir árið 2014. Vísað er til fundargagna um efni tillögunnar.

Gjalddagar verða útgáfudagar reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Framangreindri tillögu er vísað til hreppsráðs til frekari vinnslu í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014.

*Samþykkt samhljóða.*

**3. Húsakynni bs., fjárhagsáætlun 2014, til kynningar.**

3.1 Húsakynni bs., fundargerð 15.10.13, í sex liðum, til kynningar..

**4. Tónlistaskóli Rangæinga- fjárhagsáætlun 2014, til kynningar:**

**5. Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla og V- Skaftafellssýslu- fjárhagsáætlun 2014, til kynningar.**

**6. Tillaga að fjárhagsáætlun 2014 - 2017, fyrri umræða:**

Lögð fram og kynnt tillaga hreppsráðs að fjárhagsáætlun Rangárþings ytra fyrir árin 2014 - 2017.

*Fjárhagsáætlun 2014-2017 visað til áframhaldandi vinnu í samræmi við umræður á fundinum.  
Fjárhagsáætlun verður tekin til síðari umræðu á fundi sveitarstjórnar 6. desember n.k.*

*Samþykkt samhljóða.*

**7. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:**

7.1 Kvenfélagið Eining Holtum, 29.10.13: Umsókn um styrk á móti húsaleigu að Laugalandi vegna Aðventuhátfíðar 1. desember. Að auki er sótt um fjárhagsstyrk að upphæð kr. 45.000.- vegna kostnaðar við auglysingar ofl.

*Samþykkt að veita Kvenfélaginu Einingu Holtum styrk á móti hlut Rangárþings ytra í húsaleigu á Laugalandi 1. desember nk.*

*Erindið samþykkt samhljóða.*

7.2 Kvennakórinn Ljósbrá, 20.11.13: Umsókn um styrk á móti húsaleigu á Laugalandi vegna tónleika 28.11.13. Karlakór Rangæinga og Hringur kór eldri borgara í Rangárþingi halda tónleikana ásamt kvennakórnum.

*Samþykkt samhljóða að veita Kvennakórnum Ljósbrá styrk á móti hlut Rangárþings ytra í húsaleigu á Laugalandi 28 nóvember nk.*

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40



## Hreppsnefnd Rangárþings ytra

### Fundargerð

**55. fundur hreppsnefndar Rangárþings ytra á kjörtímabilinu 2010 - 2014, var haldinn að Suðurlandsvegi 3, Hellu, föstudaginn 13. desember 2013, kl. 13.00.**

**Mættir:** Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, oddviti, Þorgils Torfi Jónsson, Anna María Kristjánsdóttir, Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, Guðfinna Þorvaldsdóttir, Magnús H. Jóhannsson og Steindór Tómasson. Einnig sitja fundinn Drífa Hjartardóttir, sveitarstjóri, sem ritar fundargerð og Klara Viðarsdóttir undir liðum 4 og 5.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Sveitarstjóri og oddviti fóru munnlega yfir verkefni frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri biður um að bætt sé við lið 6.3 erindi frá HSK. Oddviti biður um að 7. liður verði færður á efti 11. lið.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 1. Fundargerðir hreppsráðs:

1.1 39. fundur hreppsráðs, 29.11.13, í 8 liðum.

*Fundargerðiner staðfest.*

#### 2. Fundargerðir annarra fastanefnda, nefnda, ráða og stjórna til staðfestingar:

2.1 vinnufundur hreppsnefndar, 02.12.13, í einum lið.

*Til kynningar*

2.2 vinnufundur hreppsnefndar, 04.12.13, í einum lið.

*Til kynningar*

2.3 64. fundur skipulagsnefndar Rangárþings ytra, 02.12.13, í 17 liðum.

1.

#### 1311018 - Heysholt, landskipti

*Guðmundur Björnsson óskar umsagnar vegna landskipta úr landi sínu, Heysholti. Um er að ræða ca 1 ha sem fer undir vegstæði. Hnitsettir uppdrættir aðliggjandi jarða liggja fyrir.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

2.

#### 1311019 - Litli-Klofí C2, landskipti

*Maria Antonsdóttir óskar eftir umsögn vegna landskipta úr landi sínu Litli-Klofí C2. Um er að ræða stofnun tveggja lóða, lóð C landnr. 221904, stærð 1,88 ha og lóð F landnr. 221905, stærð 1,07 ha. Lóð C mun sameinast Söndum, landnr. 209914 og lóð F mun sameinast landnr. 209916.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

3.

#### **1311020 - Litli-Klofí lóð C5, landskipti**

Birna Rúnarsdóttir óskar eftir umsögn vegna landskipta úr landi sínu Litli-Klofí C5. Um er að ræða stofnun lóðar með heitið lóð B landnr. 221906, stærð 0,36 ha. Ný lóð mun sameinast lóðinni Sandar landnr. 209914.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

4.

#### **1311027 - Snjallsteinshöfði 2, landskipti**

Sævar Jónsson óskar eftir umsögn sveitastjórnar vegna landskipta úr landi sínu, Snjallsteinshöfða 2, landnr. 165009. Um er að ræða 3,3 ha spilda landnr. xxxxx sem fær nafnið Snjallsteinshöfði III eftir stofnun.

Þorgils Torfi vék af fundi við afgreiðslu þessa máls vegna vanhæfis.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhuguð landskipti.

Þorgils Torfi vék af fundi við afgreiðslu þessa máls vegna vanhæfis.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

Þorgils Torfi Jónsson tekur sæti á fundinum á ný.

5.

#### **1212031 - Fjallabak, skipulag miðhálendisins**

Tillaga að rammaskipulagi fyrir suðurhálendið lögð fram að lokinni auglýsingu. Farið yfir athugasemdir sem borist hafa.

Lagt fram til kynningar.

6.

#### **1301058 - Litli-Klofi, lóð 6 deiliskipulag**

Aðalsteinn Sigfússon hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja 12,4 ha landspíldu á lóð sinni nr. 6 í Littla-Klofa II, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið tekur til byggingar frístundahúss, gestahúss, hesthúss, gróðurhúss og geymsluskúrs. Aðkoma að svæðinu er um Landveg nr. 26 og um sameiginlegan aðkomuveg inn á svæðið. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi Rangárþings yrra 2010-2022, sem frístundasvæði. Tillagan hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun sem búið er að koma til móts við.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til yfirferðar. Jafnframt er skipulagsfulltrúa falið að senda tillöguna til birtingar í B-deild stjórmátiðinda.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

7.

#### **1311015 - Selás deiliskipulag íbúðabyggðar**

Jón Ágúst Reynisson hefur fengið heimild til að deiliskipuleggja land sitt undir íbúðabyggð. Tillagan fór í lögbundna umsagnarmeðferð á sinum tíma og búið er að lagfæra þau atriði sem bent var á. Ekki hefur orðið af gildistöku skipulagsins og þarf því að endurauglýsa tillöguna vegna ákvæða um tímafrest í skipulagslögum. Breytingar hafa verið gerðar á texta og tilvísunum. Tillagan samræmist aðalskipulagi Rangárþings yrra 2010-2022.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Fyrirvari er um að rangar upplýsingar í texta á uppdrætti vegna sorphirðu verði leiðréttar.

Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar

8.

#### **1304013 - Lerkiholt í landi Meiri-Tungu, Deiliskipulag**

*Steinsholt, fyrir hönd landeiganda, hafa fengið heimild til skipulagsgerðar í landi Meiri-Tungu, Lerkiholti. Tillagan var auglýst frá 13.6. - 1.8. sl og bárust athugasemdir frá hreppsnefnd Ásahrepps vegna aðkomu í gegnum sameiginlegt gámasvæði inná skipulagssvæðið. Uppdráttur hefur verið lagfærður og veltengingum breytt. Fyrir liggur samkomulag á milli sveitastjórnar og umsækjanda um aðkomu í gegnum gámasvæðið.*

Skipulagsnefnd felur skipulagsfulltrúa að leita eftir samþykki Ásahrepps vegna aðkomu landeiganda í gegnum gámasvæðið og að farið verði eftir áður gerðu samkomulagi við umsækjanda dags. 30. maí 2007, með tilvisun í þáverandi uppdrátt, um aðkomu að landi sínu. Samþykki er skilyrt því að landeigandi greiði þann kostnað sem breytingin veldur.

Skipulagsfulltrúa verði falið að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til afgreiðlu þegar samkomulag liggur fyrir við Ásahrep.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

9.

#### **1212004 - Kot (Jónskot) deiliskipulag**

*Um er að ræða um 1 ha eignarlóð (164714) úr landi Kots á Rangárvöllum. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka níverandi frístundahús, byggja gestahús í stað geymslu sem verður rifin og byggja nýja geymslu. Byggðin er á skilgreindu vatnsverndarsvæði, í verndarflokki III og því er gert ráð fyrir frágangi frárennslismála í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tillagan hefur verið auglýst og barst athugasemda frá Skipulagsstofnun þar sem stofnunin bendir á að skipulagssvæðið sé innan óbyggðs svæðis eins og það er skilgreint í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 og gerir því athugasemdir við að sveitastjórn birti auglýsingu um samþykkt í B-deild sjórartíðinda.*

Skipulagsnefnd fellst á athugasemdir Skipulagsstofnunar og leggur til að gerð verði breyting á landnotkun í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 þar sem tilteknu svæði verði breytt í frístundasvæði.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

10.

#### **1311031 - Rangárþing ytra, breytingar á aðalskipulagi Hallstún og Rangáflatir**

*Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á landnotkun þriggja svæða í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022. Um er að ræða breyting á landbúnaðarsvæði í frístundasvæði í Melbæ úr landi Hallstúns, breyting á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði á spíldu úr landi Hallstúns, norðan Ölvversholtsvegar og færslu á skipulagsmörkum þjónustu- og athafnasvæðis við Rangáflatir á Hellu, þar sem gert er ráð fyrir að svæðið stækki til suðurs.*

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði auglýst skv. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

11.

#### **1310003 - Smávirkjun við Laufafell**

*Pórhallur Ólafsson fyrir hönd Neyðarlínunnar ohf hefur fengið heimild til skipulagsgerðar við Laufafell vegna byggingar á vatnsafslsvirkjun til reksturs fjarskiptastöðvar þeirra við Laufafell.*

*Sótt er um að farið verði um málsmeðferð eftir 1. tl. bráðabirgðaákvæðis Skipulagslaga nr. 123/2010.*

Skipulagsnefnd samþykkir að leita skuli heimildar hjá Skipulagsstofnun um að farið verði um málsmeðferð skv. 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010.

Skipulagsfulltrúa verði veitt heimild til útgáfu framkvæmdaleyfis þegar jákvæðar umsagnir forsætisráðuneytis sem landeiganda, Náttúrustofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Umhverfisstofnunar liggja fyrir.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

12.

#### **1309025 - Vatnshólar, deiliskipulag**

*Steinsholt fyrir hönd sumarbústaðafélags Vatnshóla óskar eftir heimild til að gera breytingar á deiliskipulagi fyrir frístundasvæðið Vatnshóla úr landi Árbæjarhellis. Svæðið var deiliskipulagt árið 1994. Markmiðið með breytingunni er að leiðréttu skipulagsgögnum vegna hnítakerfis,*

rýmka á byggingarreitum og auka byggingarmagn innan þeirra, skerpa á lóðamörkum og skapa möguleika á aukinni nýtingu óskiptra sameiginlegra svæða.

Tillagan hefur verið auglýst frá 10. okt. til og með 22. nóv. og bárust engar athugasemdir. Fyrir auglýsingu tillögunnar bárust hins vegar athugasemdir frá landeiganda á sveðinu og hefur þeim verið svarað.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að hún verði send Skipulagsstofnun til afgreiðslu.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

**13.**

**1311029 - Baugalda 9-13, breyting á deiliskipulagi**

*Rangárþing ytra hefur samþykkt að gera breytingar á deiliskipulagi við enda baugöldu. Innan lóðar nr. 9-13 verður heimilt að byggja fjögurra íbúða raðhús í stað þriggja íbúða áður. Áðkomu bila við endalóðir verður breytt lítillega á kostnað lóðarinnar nr. 7 við sömu götu.*

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og leggur til að farið verði um málsmeðferð eins og um óverulega breytingu sé að ræða. Skipulagsfulltrúa verði því falið að grenndarkynna tillöguna skv. gr. 43 í skipulagslögum.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

**14.**

**1311043 - Rangárþing eystra, beiðni um umsögn vegna aðalskipulags.**

*Skipulagsfulltrúi Rangárþings eystra óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna tillögu að aðalskipulagi fyrir Rangárþing eystra 2012-2024 sem sent er með til kynningar.*

Skipulagsnefnd gerir engar athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar með fyrirvara um að sveitarfélagamörk séu rétt greind á uppdráttum og í lýsingum.*

**Almenn mál**

**15.**

**1311002 - Lokun fyrir umferð á milli Laufskála og Útskála á Hellu**

*Sveitarstjórn vísaði erindinu til Skipulagsnefndar á fundi þeirra 1. nóv. 2013, með ósk um að málið verði skoðað með hagsmunaaðilum.*

Skipulagsnefnd leggur til að málinu verði vísað til Samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar til skoðunar. Skipulagsnefnd vill jafnframt benda á að fyrir liggur samþykkt deiliskipulag þar sem ákvæði um lokun liggur fyrir. Skipulagsnefnd leggur til að haldinn verði íbúafundur um skipulagsmál strax í byrjun næsta árs.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

**16.**

**1311030 - Hólavangur, Umsókn um óskipulagða lóð**

*Andri Leó Egilsson óskar eftir að fá að byggja parhús/raðhús á opnu svæði við Hólavang, vestanmegin.*

Afgreiðslu frestað og skipulagsfulltrúa falið að kanna málið frekar.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

**17.**

**1311042 - Landsvirkjun, uppsetning á vindmælistöð á Hafinu við Búrfell**

*Margrét Arnardóttir fyrir hönd Landsvirkjunar óskar eftir leyfi til að reisa 80 metra hátt mastur til vindmælinga á hafinu norðan við Búrfell. Mastrið verður notað í allt að eitt ár til mælinganna.*

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við áform umsækjanda né staðsetningu á mastrinu og leggur til að skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að veita stöðuleyfi til Landsvirkjunar í allt að eitt ár.

*Sveitarstjórn staðfestir niðurstöðu skipulagsnefndar*

2.4 26. fundur samgöngu-, hálandis- og umhverfisnefndar, í 10 liðum.

*Bókun sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna liðar eitt:*

*Sveitarstjórn tekur undir álit nefndarinnar að farið verði fram á við Vegagerðina að styrkvegafé verði aukið.*

*Bókun sveitarstjórnar Rangárþings ytra vegna liðar þrjú:*

*Sveitarstjóra, byggingafulltrúa og formanni nefndarinnar er falið að vinna að úrlausn þess verkefnis sem greint er í þriðja liðar fundargerðarinnar vegna Strútslaugar.*

*6. liður fundargerðar 26. fundar samgöngu- hálandis og umhverfisnefndar til kynningar.*

*Að öðru leiti er fundargerðin staðfest.*

2.5 4. fundur stjórnar Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafelssýslu, í þremur liðum

2.5.1 fylgiskjal með 4. fundi Félags- og skólapjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafelssýslu um bílamál.

2.5.2 fylgiskjal með 4. fundi Félags- og skólapjónustu Rangárvalla - og V-Skaftafelssýslu- fjárhagsáætlun 2014.

*Fundargerð staðfest.*

2.6 Vinnufundur í samráðsnefnd um Holtamannafrétt, 14.11.13, í einum lið, ásamt fylgiskjölum.

*Fundargerð staðfest.*

2.7 13. fundur Héraðsnefndar Rangæinga, 5.12.12, í fimm liðum.

2.7.1 fylgiskjal með fundi Héraðsnefndar Rangæinga 5.12.13, um fjárhagsáætlun 2014.

*Fundargerð staðfest.*

2.8 10. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla-og Vestur Skaftafelssýslu 9.12.13, í tveimur liðum.

*Fundargerð staðfest.*

**3. Fundargerðir annarra nefnda, ráða og stjórna til kynningar:**

3.1 153. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 22.11.13, í sjö liðum.

3.2 158. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands, 26.11.13, í þremur liðum.

3.3 474. fundur stjórnar SASS, 28.11.13, í 14. liðum.

3.4 810. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 22.11.13, í 23 liðum.

3.5 1. fundur vinnuhóps vegna Markarfljótsvirkjana A og B, 16.10.13, í 16 liðum, ásamt fylgiskjölum.

*Til kynningar.*

**4. Tillögur að álagningarprósentum, afsláttum og gjaldskrám fyrir árið 2014:**

4.1 Tillaga að álagningarprósentum, afsláttum og gjaldskrám fyrir árið 2014.

Gildir frá og með 1. janúar 2014

1. Útsvar; 14,52%.

*Samþykkt samhljóða.*

2. Fasteignaskattur;

A - 0,39% af fasteignamati: Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvíki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B - 1,32% af fasteignamati: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, fpróttahús og bókasöfn.

C - 1,60% af fasteignamati: Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvíki sem nýtt eru fyrir ferðapjónustu.

3. Lóðarleiga; 0,85% af fasteignamati lóða í eigu sveitarfélagsins. Þó getur sveitarstjórn ákveðið annað leiguþlutfall eða álagningu í krónutölu á hvern fermetra lóðar við sérstakar aðstæður.

4. Vatnsgjald; 0,25% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins eða í sameign þess og annarra sveitarfélaga sbr. ákv. 6. gr. laga nr. 32/2004

5. Aukavatnsgjald hjá stórnendum (s.s. sláturnhúsum og kartöfluverksmiðjum) skal vera kr. 26,50 fyrir hvern notaðan rúmmetra af vatni sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 401/2005 m.v. byggingarvísitölu í des. 2007; 377,7. Gjalddagi er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar.

6. Tengigjöld í Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

7. Holræsagjald á Hellu; 0,22% af fasteignamati húss og tilh. lóðar.

8. Gjöld fyrir tæmingu rotþróa eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

9. Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld skv. sérstakri gjaldskrá.

Gjalddagar liða nr. 2, 3, 4, 7 og 9 eru 1/2, 1/3, 1/4, 1/5, 1/6, 1/7, 1/8 og 1/9 2014. Þar sem fasteignagjöld verða samtals kr. 35.000 eða lægri skal þó aðeins vera einn gjalddagi; 1/5 2014. Einnig gefst aðilum kostur á að greiða fasteignagjöldin í einu lagi og skal gjalddagi vera eigi síðar en 1/6 2014. Eindagi er síðasti virki dagur í sama mánuði og gjalddagi.

Fasteignaeigendum 67 ára og eldri og öryrkjum 75% og meira, sem búa í eigin íbúðarhúsnæði, skal veittur afsláttur af fasteignaskatti og holræsagjaldi af viðkomandi íbúðarhúsnæði skv. reglum samþ. af sveitarstjórn.

10. Hundaleyfisgjald er samkvæmt sérstakri gjaldskrá.

11. Byggingarleyfisgjöld, afgreiðslu-, úttekta og mælingagjöld skipulags- og bygginganefndar og skipulags- og byggingafulltrúa leggjast á skv. sérstakri gjaldskrá. Gjalddagar eru dags. reikninga og eindagar 30 dögum síðar.

Að öðru leyti gilda lög um tekjustofna sveitarfélaga og gjaldskrár um viðkomandi tekjuliði.

Samþykkt þessi um álagningarprósentur, afslætti og gjaldskrár skal birt á hefðbundnum auglýsingastað ákvarðana sveitarstjórnar, þ.e. á töflu í afgreiðslu Rangárþings ytra og á heimasíðu.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.2 Tillaga að reglum um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti og holræsagjöldum hjá elli- og örorkulifeyrisþegum í Rangárþingi ytra 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.3 Tillaga að gjaldskrá íþróttamiðstöðvarinnar á Hellu fyrir árið 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.4 Tillaga að gjaldskrá Sundlaugarinnar og íþróttahússins að Laugalandi fyrir árið 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.5 Tillaga að gjaldskrá fyrir íþróttahúsið í Þykkvabæ fyrir árið 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.6 Tillaga að gjaldskrá Heklukots og Leikskólans á Laugalandi fyrir árið 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.7 Tillaga að gjaldskrá Skólamötuneytis Grunnskólans á Hellu og Laugalandsskóla fyrir árið 2014.

#### *Samþykkt samhljóða*

4.8 Tillaga að gjaldskrá fyrir sophirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra árið 2014.

*Samþykkt af hálfu hreppsnefndar Rangárþings ytra og vísað til Heilbrigðisnefndar Suðurlands til umsagnar.*

4.9 Tillaga að gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Rangárþingi ytra fyrir árið 2014.

*Samþykkt samhljóða.*

4.10 Tillaga að breyttum leigukjörum á íbúðum í eigu Rangárþings ytra fyrir árið 2014.

*Sveitarstjórnin áréttar að jafnræði sé gætt við útreikning á stærð íbúða og forstöðumanni eignaumsjónar og sveitarstjóra er falið að fara yfir útreikninga íbúðastærða í samræmi við umræður á fundinum.*

*Samþykkt samhljóða.*

Bókun sveitarstjórnar Rangárþings ytra:

*Vakin er athygli á því að ákveðið hefur verið að hækka ekki eftirsarandi gjaldskrár: Hjá leikskólum sveitarfélagsins, fæðisgjaldið í leikskólunum, móttuneytisgjald grunnskólamna og gjald fyrir vistun á skóladagheimili. Þetta er framlag hreppsnefndar Rangárþings ytra til þess að viðhalda stöðugleika í efnahagslífini, til þess að léttu fyrir gerð kjarasamninga og til þess að léttu barnafólk róðurinn á erfiðum tínum.*

## 5. Tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árin 2014 - 2017, síðari umræða og afgreiðsla.

Helstu niðurstöðutölur í fjárhagsáætlun samantekið fyrir A- og B-hluta eru (í þús. kr.):

| Rekstrarreikningur                    | 2014             | 2015             | 2016             | 2017             |
|---------------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| <b>Tekjur:</b>                        |                  |                  |                  |                  |
| Skatttekjur.....                      | 778.008          | 778.008          | 778.008          | 778.008          |
| Framlög jöfunarsjóðs.....             | 247.885          | 247.885          | 247.885          | 247.885          |
| Aðrar tekjur.....                     | 257.211          | 255.411          | 255.311          | 255.311          |
| <b>Samtals tekjur.....</b>            | <b>1.283.104</b> | <b>1.281.304</b> | <b>1.281.204</b> | <b>1.281.204</b> |
| <b>Rekstrarkostnaður:</b>             |                  |                  |                  |                  |
| Laun og launatengd gjöld.....         | 455.383          | 455.383          | 455.383          | 455.383          |
| Annar rekstrarkostnaður.....          | 560.884          | 553.804          | 553.804          | 554.036          |
| <b>Samtals rekstrarkostnaður.....</b> | <b>1.016.267</b> | <b>1.009.187</b> | <b>1.009.187</b> | <b>1.009.419</b> |
| <b>Framlegð.....</b>                  | <b>266.837</b>   | <b>272.117</b>   | <b>272.017</b>   | <b>271.785</b>   |
| Afskriftir.....                       | 80.096           | 84.217           | 87.476           | 90.681           |
| Fjármagnskostnaður.....               | ( 121.146 )      | ( 107.059 )      | ( 105.493 )      | ( 103.346 )      |
| <b>Rekstrarniðurstaða.....</b>        | <b>65.595</b>    | <b>80.841</b>    | <b>79.048</b>    | <b>77.758</b>    |
| <b>Efnahagsreikningur</b>             |                  |                  |                  |                  |
| Fastafjármunir.....                   | 2.561.072        | 2.576.040        | 2.585.128        | 2.590.885        |
| Veltufjármunir.....                   | 187.092          | 203.514          | 216.481          | 223.479          |
| <b>Samtals eignir.....</b>            | <b>2.748.164</b> | <b>2.779.554</b> | <b>2.801.609</b> | <b>2.814.364</b> |
| Eiginfjárreikningar.....              | 893.895          | 974.736          | 1.053.784        | 1.131.541        |
| Skuldbindingar.....                   | 26.908           | 28.908           | 30.908           | 32.908           |
| Langtímaskuldir.....                  | 1.488.268        | 1.428.986        | 1.361.715        | 1.291.907        |

|                                   |                  |                  |                  |                  |
|-----------------------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Skammtímaskuldir.....             | 339.093          | 346.924          | 355.202          | 358.008          |
| Eigjöf fé og skuldir samtals..... | <b>2.748.164</b> | <b>2.779.554</b> | <b>2.801.609</b> | <b>2.814.364</b> |

### Sjóðstreymi

|                                  |               |               |               |               |
|----------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Veltufé frá rekstri.....         | 197.150       | 203.048       | 204.570       | 206.356       |
| Afborgangir langtímalána.....    | (132.713 )    | ( 137.681 )   | ( 145.222 )   | ( 153.042 )   |
| <b>Handbært fé í árslok.....</b> | <b>36.349</b> | <b>52.709</b> | <b>65.613</b> | <b>72.546</b> |

Heildarfjárfesting 2014 er áætluð kr. 127.050 þús.

Fjárfesting í A-hluta er áætluð kr. 98.650 þús., þar af kr. 96.650 þús. í Eignasjóði og kr. 2.000 þús. í Þjónustumiðstöð.

Fjárfesting í B-hluta er áætluð kr. 28.400 þús., sem skiptist Á Fráveitu kr. 10.000 þús. og Vatnsveitu kr. 18.400 þús.

Áætluð langtímalántaka á árinu 2014 er áætluð kr. 60 milljónir.

Framlegðarhlutfall 2014 er áætlað 20,8% og veltufjárlutfall 0,55.

Reiknað skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum fer samkvæmt áætlun niður í 143,7% árið 2014 og skuldahlutfallið í 144,5%.

### Bókun sveitarstjórnar Rangárþings ytra:

*Sveitarstjórn þakkar öllum starfsmönnum sem að undirbúningi fjárhagsáætlunar hafa komið, sérstaklega sveitarstjóra, aðalbókara og forstöðumönnum.*

*Samþykkt samhljóða.*

#### 6. Fundarboð, umsóknir um styrki og boð um þjónustu:

6.1 Landgræðsla ríkisins, 02.12.13, beiðni um styrk vegna verkefnisins "Bændur græða landið".

*Samþykkt samhljóða að styrkja verkefnið "bændur græða landið" um kr. 120.000.*

6.2 Aðalfundur Suðurlandsvegar 1-3 ehf verður haldinn 19.12.13 kl. 16.00.

*Í stjórn eru tilnefndir eftirtaldir sem fulltrúar Rangárþings ytra:*

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Anna María Kristjánsdóttir, Steindór Tómasson og til vara Drífa Hjartardóttir, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Gunnar Aron Ólason.

*Samþykkt samhljóða.*

6.3 HSK, 20.11.13, beiðni um styrk.

*Samþykkt samhljóða að styrkja HSK um 150.000 kr.*

#### 7. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, 22.11.13, efni: Fjármál Rangárþings ytra

7.1 Tillaga að svari Rangárþings ytra við bréfi Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

*Samþykkt samhljóða.*

#### 8. Erindi frá stjórn Suðurlandsvegar 1 -3 ehf, 28.11.13.

*Asgreiðslu frestað og farið er fram á við stjórn Suðurlandsvegar 1-3 ehf að nánari útlistun verði lögð fyrir aðalfund og að fyrir liggi afstaða Heilbrigðisstofnunar Suðurlands um ráðstöfun þess fjár sem fyrir liggur vegna jarðskjálftabóta frá árinu 2000.*

#### 9. Fitjamenn, 1.12.13, umsókn um byggingarlóð í Grashaga/Jökultungum, ásamt fylgiskjölum.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til endurskoðunar á aðalskipulagi sveitarfélagsins og til stýrihóps um Rammaskipulag Suðurhálendis.*

**10. Tilboð í spildur í Þykkvabæ.**

*Sveitarstjóra er falið að ræða við fasteignasala um verðmyndun lands á svæðinu og hugsanlegt gagntilboð í samræmi við umræður á fundinum.*

**11. Frá Á lista**

11.1 Staða mála - óskað er eftir skriflegum svörum frá sveitarstjóra.

*Sveitarstjóri fer fram á að þessi liður verði færður til bókar í næstu fundargerð sveitarstjórna.*

11.2 Störf sveitarstjóra og starfsmannamál.

*Oddvitum listanna og sveitarstjóra er falið að leita lausna í samræmi við umræður á fundinum.*

Steindór Tómasson víkur af fundi kl.17.20

**11. Annað efni til kynningar:**

11.1 Aðalfundur Kennarafélag Suðurlands, 03.10.13, ályktanir.

11.2 Útgáfa af ritinu Þekking beiðluð- nýsköpun og frumkvæði.

11.3 Umhvefisstofnun 06.12.13, stöðuskýrsla um vatnasvæði Íslands.

11.4 Samband íslenskra sveitarfélaga, 05.12.13- sveitarstjórnarvettvangur EFTA

11.5 Rauði krossinn á Íslandi, 10.12.13, ný vefsíða- skyndihjálparátak.

11.6 Stefnumörkun stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, 9.12.13.

11.7 Samtök orkusveitarfélaga, 9.12.13, skýrsla Deloitte- skattar á raforku í Noregi og á Íslandi.

**Fundargerð yfifarin og samþykkt**

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50**